

ANNA ÞORBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR

Á könnur sem minna á ömmu og Ítalíu

• heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



HÍBÝLI OG VIÐHALD

Námskeið, falleg ljós og fjársjóður á Netinu

Sérblað um híbýli og viðhald
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.



HEMMI GUNN

Söng Út á gólfíð á ný

Stuðsveitin Mono tók upp lagið með Hemma
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

25. janúar 2010 – 20. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Nýr þjóðgarðsvörður

Ólafur Örn Haraldsson, fyrrverandi alþingismaður, tekur við nýju hlutverki sem þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.



TÍMAMÓT 16

Misheppnun

Einar Már Jónsson veltir því fyrir sér hvort spakmæli Járnlafðinnar um strætisvagna eigi líka við um flugsamgöngur.

Í DAG 12

Klappstýrur á Kjalarnesi

Íslenskar klappstýrur eru ekki margar, en slíkt lið má finna á Kjalarnesi.



FÓLK 30

Mæta Króötum í dag

Strákarnir okkar eru komnir til Vínarborgar þar sem þeir mæta Króötum í dag.

ÍÞRÓTTIR 22 & 24



VEÐRIÐ Í DAG



LEIÐINDAVEÐUR Fyrri partinn verður víða allhvasst eða hvasstviðri og stormur NV- og V-til og talsverð rigning sunnan og vestanlands. Dregur úr vætu síðdegis og lægir í kvöld. Hiti víðast 4-10 stig.

VEÐUR 4

Úrskurðarnefnd telur hættu á að bankar raski samkeppni

Samkeppnistæða getur raskast séu ekki settar skorður við langvarandi eignarhaldi banka á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði að mati úrskurðarnefndar. Því verður að setja skilyrði fyrir samruna Vestia og Teymis.

SAMKEPPNISMÁL Séu ekki settar skorður við langvarandi eignarhaldi lánardrottna á borð við banka á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði skapast ýmis konar hættu á röskun á samkeppni. Þetta er mat úrskurðarnefndar um samkeppnismál.

Þetta kemur fram í úrskurði nefndarinnar vegna samruna Vestia, eignarhaldsfélags Landsbankans, og Teymis. Úrskurðarnefndin hefur felt úr gildi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, og leggur fyrir eftirlitið að setja skilyrði fyrir samrunanum.

Sú röskun sem getur orðið vegna langvarandi eignarhalds bankanna getur strítt gegn markmiði samkeppnislaga, og þar með hagsmunum neytenda, ef fyrirtæki getur athafnað sig á markaði án eðlilegs aðhalds frá lánardrottnum sínum og eiganda, segir í niðurstöðum úrskurðarnefndarinnar.

„Telja verður að fjárhagslegur styrkur eigandans skipti hér máli og „þol“ hans til að bíða með að fá fjármagn sitt til baka þar til önnur fyrirtæki á sama markaði hafa eftir atvikum veikt eða helst úr lestinni,“ segir í úrskurðinum.

Ljóst er að hagsmunatengsl banka liggja víða og ýmis vandamál skapast vegna þeirra miklu upplýsinga sem bankarnir búa yfir um samkeppnisaðila, og eftir atvikum viðskiptamenn á markaði, segir þar enn fremur.

Þá verði ekki horft fram hjá því að bankarnir séu stórir viðskiptavinir á þjónustumörkuðum og í núverandi ástandi séu mörg félög þeim tengd. Því geti skapast hættu á „eðlilegum gerningum“ og misnotkun á þeirri aðstöðu.

Úrskurðarnefndin telur mögulegt að koma í veg fyrir eða draga úr

óæskilegum áhrifum langvarandi eignarhalds banka á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði með mótvægisáðgerðum áður en af samrunanum verður.

Til dæmis megi gera fyrirtækjunum skylt að starfa eins sjálfstætt og unnt sé, og að þeim verði ráðstafað innan eðlilegs tíma.

Samruni Teymis og Vestia gekk í gegn eftir nauðasamninga á síðasta ári án athugasemda Samkeppniseftirlitsins. Síminn kærði niðurstöðu eftirlitsins til úrskurðarnefndar um samkeppnismál, sem nú hefur úrskurðað fyrirtækinu í hag. - þj



HART BARIST Það var nóg um að vera í höfuðstöðvum Mjólins þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit þar við í gær. Á sunnudögum æfa þar þeir sem hafa áhuga á að keppa í blönduðum bardagaíþróttum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vísindamenn í Bretlandi:

Undrandi á skilnaði svana

BRETLAND Skilnaður svana hjóna hefur vakið undrun meðal sérfræðinga í Bretlandi. Báðir svanirnir hafa fundið sér nýjan maka. Svani velja sér yfirleitt maka fyrir lífstíð.



SVANUR Engin viðkoma er talin orsök skilnaðarinnar.

Svanirnir hafast við í Gloucesterskíri þar sem fuglafræðingar hafa fylgst með um 4.000 svanaþörum í tugi ára. Þetta er í annað skipti á rúmum fjórutíu árum sem skilnaður á sér stað.

Vísindamennirnir segja mögulegt að erfiðleikar við að eignast afkvæmi hafi valdið skilnaðinum. Þörin tvö búa nú í mikilli nálægð á litlu stöðuvatni, en láta að sögn vísindamannanna sem þau sjái ekki hvort annað. - þeb

Bragðgóð nýjung

Fjöröstur

Prófaðu nýja braðgóða Fjörostinn, fituminnsta kostinn í ostaúrvali dagsins.

aðeins 9%

Ríkur af mysupróteinum

Of mikið horft til stóriðjunnar

VIKJANIR Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir um of blínt á stóriðju þegar kemur að nýtingu virkjanakosta.

„Að mörgu leyti var það ekki gleðiefni fyrir mig, þegar ég kom inn í ráðuneytið, að þegar kemur eftirspurn eftir orku frá grænum aðilum, ef svo má að orði komast, þá er alltaf það fyrsta sem þarf að gera að leita að brauðmolum í

kerfinu hjá stóriðjunni.“ Katrín segir mikilvægt að hafa tilbúna orkukosti til að laða að grænan iðnað.

Katrín vill fá meiri yfirsýn yfir virkjanakosti og að horft sé lengra fram í tímann í stað þess að taka út eitt og eitt verkefni. „Við erum að vinna að því núna að fá yfirsýn yfir, bæði í hvað orkan fer og í hvað við viljum að hún fari

til lengri tíma. Nú er orkustefnufélag að störfum og fer yfir þessa kosti.“ Áföngum verði náð í þeirri vinnu í vor og vonandi liggja málið fyrir í haust.

Til stendur að kjósa um stækkun álvers í Straumsvík. Katrín segir óvíst hvaðan orka í það verkefni muni koma, verði af því. Engin leyfi hafi verið gefin út tengd stækkuninni. - kóp / Sjá síðu 4

Toppaðu heilsubát með Toppi á aðeins 120 kr.

toppmál

Gildir með öllum kafbátum

SUBWAY

HjartaHeill

7 kafbátar með 6 grömmum af fitu

toppur

mánudagur: **FISKUR**

FISKUR

Uppskriftin að mánudagsfisknum er á gottimatinn.is

SPURNING DAGSINS



Gerður, er þetta góð uppskera?

„Heldur betur, eins og jafnan þegar ráðist er á Garðinn þar sem hann er draugalegastur.“

Til stendur að kvikmynda draugasöguna Garðinn eftir Gerði Kristnýju Guðjónsdóttur.

Þingkosningar í september: Fresta kosningum í Afganistan

AFGANISTAN Þingkosningum í Afganistan hefur verið frestað um fjóra mánuði, fram í september.

Peningaleysi og áhyggjur af öryggismálum eru sagðar ástæður frestunarinnar. Forsetakosningarnar í landinu á síðasta ári voru mikið gagnrýndar vegna kosningasvika og þrýst hefur verið á stjórnvöld að endurbætur séu gerðar á framkvæmd kosninga.

Fjöldmenn ráðstefna um málefni Afganistans verður haldin í London í næstu viku. Öryggismál og umbætur í stjórnkerfinu verða þar í aðalhlutverki. - þeb

Ný hljóðupptaka birt í gær: Bin Laden hót- ar fleiri árásum

BANDARÍKIN Osama Bin Laden segir að hryðjuverkaárásam á Bandaríkjunum verði haldið áfram á meðan landið styðji við Ísrael.

Þetta kemur fram í hljóðupptöku sem birtist á fjölmiðlinum Al-Jazeera í gær, en í upptökunni segir að skilaboðin séu frá Osama til Obama.

Þá sagði Bin Laden Al-Kaída bera ábyrgð á sprengjutilræði í Bandaríkjunum á jóladag, þegar reynt var að sprengja upp flugvél á leið til Detroit.

Ekki hefur verið staðfest að það sé Bin Laden sem talar á upptökunni. - þeb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fremur rólegt hjá lögreglu

Tilkynnt var um átta þjófnaði á höfuðborgarsvæðinu á laugardagskvöld og aðfaranótt sunnudags. Þar á meðal var innbrot í Hjallaskóla, þar sem skjávarpa var stolið. Þá var brotist inn í þrjá bíla og tvö heimahús.

Viðræður um Icesave halda áfram en ekki hefur náðst niðurstaða:

Tími samninga að renna út

STJÓRNMÁL Náist ekki samkomulag við Breta og Hollendinga um að taka upp viðræður vegna Icesave í vikunni gengur það tækifæri mönnum úr greipum. Það er mat þeirra stjórnmalamanna sem Fréttablaðið ræddi við. Fari svo, verði haldið óhikað í þjóðaratkvæðagreiðslu, en undirbúningur hennar hefur haldið áfram samhliða viðræðum við Breta og Hollendinga.

Málið er á viðkvæmu stigi, svo viðkvæmu að ekki er talað um viðræður á milli manna heldur þreifingar. Þær héldu áfram á laugardag, en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst voru engir eiginlegir

fundir haldnir á sunndag. Þá er öllum fregnum af viðræðum haldið í lágmarki og deiluaðilar stíga varlega til jarðar til að stygga ekki hver annan.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá á laugardag munu Bretar og Hollendingar ekki sætta sig við annað en að Íslendingar greiði lágmarks-tryggingu innstæðureikninga, 20.877 evrur. Þeir líti raunar svo á að Íslendingar hafi margoft skuldbundið sig til þess. Þá hafa þeir lagt á það áherslu að stjórnarandstaðan skuldbindi sig einnig samningunum, þeir verði ekki teknir upp eftir á vegna óánægju hennar.



MÁLIN RÆDD Forystumenn flokkanna hafa nokkrum sinnum fundað um mögulega nýja samninga við Breta og Hollendinga um Icesave.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Náist samstaða flokkanna héraendis um að greiða lágmarks-trygginguna gætu viðræður hafist á ný. - kóp

Vilja ættleiða börn frá Haítí til Íslands

Félagið Íslensk ættleiðing hefur lýst áhuga á ættleiðingu barna frá Haítí til Íslands í kjölfar náttúruhamfara í landinu í bréfi til dómsmálaráðherra. Taka undir með samtökum sem óttast mansal á börnum í kjölfar hörmunga.

SAMFÉLAGSMÁL Ætli alþjóðasamfélagið að bregðast við hörmungum á Haítí með því að ættleiða munaðarlaus börn úr landi bíða yfir 130 fjölskyldur og einstæðar konur þess hér á landi að geta ættleitt börn, segir Hörður Svavarsson, formaður Íslenskar ættleiðingar.

Félagið hefur sent Rögnu Árnadóttur, dóms- og mannréttindamálaráðherra, bréf þar sem vakin er athygli á þessari stöðu. Þar segir að hugsanlegt sé að eitthvað af því fólki sem bíði þess að ættleiða börn sé tilbúið til að fá börn frá Haítí inn í sínar fjölskyldur.

Hörður segist þrött fyrir þetta ekki gera sér miklar vonir til þess að munaðarlaus börn frá Haítí komi hingað til lands. Ekki sé formlegt ættleiðingarsamband á milli landanna, og reynslan sýni að mikið sé að gera hjá þeim starfsmönnum dómsmálaráðuneytisins sem fari með þennan málaflökk.

„En stundum er stjórnsýslan öflug, við sáum hvernig hægt var að bregðast við þegar rústabjörgunarsveitin fór út,“ segir Hörður. Talið er að um 50 þúsund munaðarlaus börn hafi verið á Haítí áður en jarðskjálftinn lagði höfuðborg landsins og nærsveitir að segja má í rúst.

UNICEF og önnur alþjóðleg samtök hafa varað þjóðir heims við hættu á því að nokkurs konar gullgrafaraæði brjótist út hjá fólki sem vilji ættleiða börn í kjölfar hörmunganna á Haítí. Þá er varað við hættu á mansali með börn frá landinu.

Hörður segir stjórn Íslenskrar ættleiðingar vel meðvitaða um þá



ÆTTLEIDD Frönsk kona faðmar stúlku sem hún ættleiddi frá Haítí. Stúlkan var í hópi 33 barna sem komu frá Haítí til kjörforeldra í Frakklandi á föstudag.

NORDICPHOTOS/AFP

BEST AÐ BÖRNIN FÁI NÝJA FJÖLSKYLDU

Í kjölfar flóðbylgjunnar miklu í Asíu annan í júlum 2004 settu alþjóðasamtök upp fjölmörg heimili fyrir munaðarlaus börn í þeim löndum sem verst urðu úti, og rætt er um að bregðast eins við nú eftir jarðskjálftann á Haítí.

Hörður Svavarsson, formaður Íslenskrar ættleiðingar, segir reynsluna af slíkum heimilum misjafna. Dæmi séu um að foreldrar barna komi þeim á munaðarleysingjahæli til að tryggja þeim fæðu og menntun.

Best sé fyrir munaðarlaus börn að fá nýja fjölskyldu í heimalandinu, en næst best að fá nýja fjölskyldu utan landsteinanna. Síst sé fyrir börnin að dvelja á munaðarleysingjaheimilum.

hættu, og tekur undir varnaðarorðin. Treysta verði stjórnvöldum hér og annars staðar til að tryggja hagsmuni barna við ættleiðingar. Ragna Árnadóttir dómsmála-

ráðherra staðfesti í gær að erindi Íslenskrar ættleiðingar hefði borist. Ekki hafi verið tekin afstaða til þess hvernig því verði svarað.

brjann@frettabladid.is

Morð í Danmörku:

DNA sýknaði þann grunaða

DANMÖRK Lögregla í Danmörku sleppti fyrir helgina manni sem grunaður var um morð á tví-tugri stúlku á nýársnótt. Maðurinn hafði verið í haldi frá því 2. janúar.

Stúlkan fannst myrt í þvottahúsi í kjallara húss í bænum Herning. Henni hafði verið nauðgað. Maðurinn á heima á hæðinni fyrir ofan kjallarann. Niðurstöður úr DNA-prófi pössuðu ekki og urðu til þess að mannum var sleppt. Lögregla vinnur nú að því að safna DNA-sýnum frá öllum mönnum sem höfðu aðgang að þvottahúsinu. Þeir eru milli 30 og 40 talsins. - þeb



FRÁ BORDI Sjúkraflutningamenn hífðu manninn á börum upp úr lestinni þegar skipið kom að landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sjómáður alvarlega slasaður:

Féll í lest við siglingu úr höfn

SLYS Rúmlega þrítugur sjómáður á Krístrúnu II RE slasaðist alvarlega á höfði þegar hann féll í lest skipsins þegar það var nýlagt frá bryggju seinnipart dags í gær.

Skipinu var þegar snúið aftur að bryggju og var maðurinn fluttur meðvitundarlaus frá bordi, og á bráðamóttöku Landspítalans.

Maðurinn var að taka beitu upp úr lest skipsins þegar slysið varð. Fallið var um tveir metrar, og lenti maðurinn illa að sögn skipsfélaga. - bj

Forsætisráðherra Ísraels:

Gefa ekki eftir Vesturbakkann

ÍSRAEL, AP Ísraelar munu aldrei gefa eftir hluta Vesturbakkans að sögn Benjamins Netanyahu, forsætisráðherra landsins.

Forsætisráðherrann lýsti þessu yfir nokkrum klukkustundum eftir fund með sérstökum friðar-erindreka Bandaríkjanna, George Mitchell. Mitchell hefur verið á svæðinu síðan í vikunni sem leið til að reyna að glæða friðarviðræður lífi. Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, hefur sagt yfirlýsinguna eyðileggja þær tilraunir.

Abbas fundaði með Mitchell á föstudag og ítrekaði þar þá kröfu að allri uppbyggingu Ísraels á svæðinu verði hætt. - þeb

Ungur maður lifði á gosi og snarli í rústum hótels á Haítí:

Fannst á lífi eftir ellefu daga

HAÍTI Manni var bjargað úr rústum hótels í Port-au-Prince á Haítí á laugardag, ellefu dögum eftir að jarðskjálfti lagði borgina í rúst. Nokkrum klukkustundum áður hafði verið tilkynnt að hætt yrði að leita að fólki á lífi í rústunum. Nú er talið að að minnsta kosti 150 þúsund manns hafi látið lífið í höfuðborginni einni.

Maðurinn heitir Wismond Exantus, er 24 ára gamall og starfaði í verslun á hótelinu. Hann er við góða heilsu og sagði fréttamönnum að hann hefði haldið lífi með því að drekka Coca Cola og borða snarl. Hann var í litlu holrými sem myndaðist í rústunum og gat hreyft sig aðeins. Fjórir aðrir voru fastir á svipuðum stað að sögn Exantus, en hann segir fólkið hafa hætt að hreyfa sig nokkrum dögum áður en honum var bjargað.

Fjölskyldumeðlimir Exantus heyrðu hljóð úr rústum hótelsins á laugardag. Einn þeirra lét grískan blaðamann vita, sem hafði samband við gríska björgunarsveit á staðnum. Björgun mannsins tók um tvær og hálf klukkustund.

Tveimur var bjargað á lífi úr rústum í borginni á föstudaginn. 84 ára gömul kona fannst alvarlega sláðu og vannærd í rústum heimilis síns. 21 árs gamall maður fannst einnig og er á spítala. Hann hefur greint



BJÖRGUNIN Grískir, franskir og bandarískir björgunarsveitarmenn unnu að björgun mannsins úr rústunum. Hann brosti við áhorfendum þegar hann var fluttur á börum inn í sjúkrahúsið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

frá því að hann hafi þurft að drekka eigið þvag til þess að lifa af. - þeb

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Nýr Rauðmági
Frá mekka fiskanna.....Ólafsvík & Rífi

Glæný Línuýsa og Hrogn

**Nýlagaður Plokkfiskur
að hætti Fiskikóngsins**

OPNUM KL 8.00

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Þorratilboð á þungum!

Nova þungum fylgir nú girnilegur
þorrabakki fyrir tvo frá Nóatúni.
Vertu í góðu sambandi á þorranum
með 3G þung frá Nova.



Komdu við í næstu verslun
Nova og fáðu 20% afsláttarmiða
af þorrabakka fyrir tvo
hjá Nóatúni.



3G þungur með áskrift

Þungur og 5 GB netnotkun

1.990 kr. á mán. í 12 mán.

+ 250 kr. greiðslugjald á mánuði
greitt með kreditkort.

3G þungur með frelsi

Þungur

9.990 kr. og netáfylling.

2 GB: 1.490 kr. og 5 GB: 2.490 kr.

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	126,56	127,16
Sterlingspund	205,64	206,64
Evra	179,03	180,03
Dönsk króna	24,043	24,183
Norsk króna	21,880	22,008
Svænsk króna	17,588	17,692
Japanskt jen	1,4008	1,4090
SDR	197,66	198,84

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
234,4578
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrirverandi forstjóri Sjóvár gæti átt allt að sex ára fangelsisvist yfir höfði sér:

Kvíðir niðurstöðu saksóknara

LÖGREGLUMÁL Þór Sigfússon, fyrirverandi forstjóri Sjóvár, gæti átt yfir höfði sér allt að sex ára fangelsisvist verði hann sakfelldur fyrir umboðssvik, og að hafa valdið Sjóvá tjóni með vanrækslu í starfi, að því er fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Í údrætti úr yfirheyrslum sérstaks saksóknara yfir Þór, sem birtur var í DV um helgina, kom fram að Þór hafi oft ekki lesið yfir samninga sem hann hafi skrifað undir í nafni félagsins, eða vitað nákvæmlega um hvað þeir snerust. Sérstakur saksóknari vegna bankahrunsins rannsakar meint brot Þórs, sem segist vissulega kvíða niðurstöðunni.



VANRÆKSLA Þór Sigfússon er grunaður um vanrækslu í starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég þurfti að treysta því fólki sem var í kringum mig,“ sagði Þór í viðtali við Stöð 2 í gær. Ómögulegt hafi verið að lesa alla samninga

sem hann hafi fengið til undirritunar, sumir hafi verið hundruð blaðsíðna að lengd.

„Ég hafði ekki frumkvæði í einu einasta máli sem varðaði fjárfestingar þessa félags, mér var falið að sinna váttryggingum. Ég skrifaði hins vegar undir heimikið af plöggum í kringum fjárfestingarnar. Það er það sem ég þarf að horfast í augu við. Ég hafði aldrei persónulega fjárhagslegra hagsmuna að gæta í því,“ sagði Þór í viðtali við Stöð 2.

Þór sagði upp störfum sem forstjóri Sjóvár skömmu eftir bankahrunið. Hann vék úr sæti formanns Samtaka atvinnulífsins í september síðastliðnum.

Sprengjuleitartæki gagnslaut:

Írakar nota tækið áfram

BRETLAND Bresk stjórnvöld hafa bannað útflutning á sprengjuleitartæki, sem mikið hefur verið notað sem vörn gegn hryðjuverkum, eftir að í ljós kom að tækið er gagnslaut. Tækið hefur mikið verið notað í Írak, og hyggjast stjórnvöld þar nota það áfram.

Upplýst var að tækið, sem framleitt er í Bretlandi, gagnaðist ekki við sprengjuleit í fréttabætti BBC.

Forstjóri fyrirtækisins ATSC, sem framleiðir tækið, var handtekinn í kjölfar uppljóstrunar BBC, en var sleppt að loknum yfirheyrslum. Tækið hefur verið selt til um tuttugu landa.

Könnun á samkeppnismálum:

Flestir vilja meira eftirlit

SAMKEPPNISMÁL Yfirstandandi efnahagsörðugleikar hafa ekki dregið úr áhuga almennings á því að aukið verði við eftirlit Samkeppniseftirlitsins með fyrirtækjum og opinberum aðilum.

Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar Capacent Gallup fyrir Samkeppniseftirlitið, sem vitnað er til í ársriti eftirlitsins sem kom út fyrir helgi.

Alls vill 91 prósent þeirra sem afstöðu tóku meira eftirlit með fyrirtækjum og opinberum aðilum, en aðeins eitt prósent vill minna eftirlit. Það eru sambærilegar tölur og í könnun sem gerð var skömmu fyrir hrún.

Möguleg sjávarfallavirkjun:

Kanna virkjun í Breiðafirðinum

ÍÐNAÐUR Orkustofnun hefur veitt fyrirtækinu Sjávarorku ehf. rannsóknarleyfi vegna sjávarfallavirkjunar í Hvammsfirði innst í Breiðafirði.

Leyfið tekur til rannsókna vegna virkjunar á svæðinu og felur í sér heimild til að framkvæma mælingar og rannsóknir. Leyfið er til sex ára og gildir því út árið 2016.

Sjávarorka ehf. er hluti af fyrirtækinu Rarik Orkuþróun.

SVETARSTJÓRNARMÁL

Guðmundur leiðir listann

Guðmundur Baldvin Guðmundsson hlaut flest atkvæði í efsta sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins á Akureyri og leiðir því listann í vor. Kosid var í sex sæti og í öðru til fimma sæti lentu Petrea Ósk Sigurðardóttir, Sigfús Karlsson, Erlingur Kristjánsson, Guðlaug Kristinsdóttir og Sigríður Bergvinsdóttir.

Ekkert ákveðið um stækkun álversins

Engin trygging er fyrir því að álverið í Straumsvík verði stækkað þótt slíkt verði samþykkt í íbúakosningu. Formaður Sólar í Straumi kvartar yfir samráðsleysi bæjarstjórnar. Vill ekki kjósa um stækkun samhliða kosningu um Icesave.

ÍÐNAÐUR Ekki er tryggt að ráðist verði í stækkun álversins í Straumsvík, þó það yrði samþykkt í íbúakosningu. Fyrirtækið mun athuga málið komi sú staða upp. Stækkun er enn talinn hagkvæmur kostur, segir Ólafur Teitur Guðnason hjá Rio Tinto Alcan.

Hann segir að tryggja þurfi fjármagn og orku fyrir verkefnið, en slíkt hafi ekkert verið skoðað.

Ólafur Teitur ítrekar að frumkvæðið núna komi algjörlega frá íbúum bæjarins. „Við höfðum hug á því [stækkun] en höfum í sjálfu sér ekki tekið neina afstöðu til þess hve vænlegt þetta er núna. Það þyrfti auðvitað að uppfæra þær athuganir sem höfðu farið fram og kostuðu tvo til þrjá milljarða. Ef það lægi fyrir að það væri ekki í andstöðu við vilja bæjarins, en það er það eins og staðan er nú, þá myndum við vilja skoða verkefnið aftur.“

Valgerður Halldórsdóttir, formaður Sólar í Straumi, gagnrýnir málsmeðferð bæjaryfirvalda. Enginn hafi haft samband við samtökin, hvorki í kjölfar kosningarinnar 2007 né í aðdraganda nýrrar kosningar nú. Hún hefði talið það eðlilegt að aðilar málsins settust niður og ræddu þætti þess. Hún hafi lesið um það í blöðum að til stæði að fara í nýjar kosningar.

„Þetta er ekki samræmi við yfirlýsingar bæjarstjóra sem sagði fyrir kosningarnar að niðurstaða þeirra yrði látin gilda.“



KOSNINGIN 2007

Mikill áhugi var á íbúakosningunum árið 2007 og andstæðar fylkingar börðust fyrir sínum málstað, með kynningum, auglýsingum og upplýsingafundum. Kjörskrá voru 16.648. Svo fór að Hafnirfóringar höfnuðu stækkuninni, en tæpt var það, alls sögðu 88 fleiri nei en já. Tillagan var felld með 6.382 atkvæðum gegn 6.294.

Miklar tilfinningar einkenndu kosninguna og samtökin Hagur Hafnarfjarðar sögðust hafa rökstuddan grun um að um 700 manns hefðu flutt lögheimili sitt í bæjarfélagið til að greiða atkvæði gegn stækkuninni. Samtök andstæðinga stækkunar, Sól í straumi, höfnuðu þessum ávörðingum alfarið.



ÓLAFUR TEITUR GUÐNASON



VALGERÐUR HALLDÓRSDÓTTIR

Hún segir þó ekkert banna það að fara í nýjar kosningar.

Þá telur Valgerður ekki heppilegt að kjósa samhliða um stækkun álvers og Icesave, en Lúdvík Geirsson bæjarstjóri hefur nefnt það. Bæði málin séu mikilvæg og þarfnið upplýsingagjafar við. Verið sé að gera lítið úr kjósendum með þessu.

Valgerður segir einnig ótímabært að kjósa um málið þar sem engin víska sé fyrir því að orka eða fjármagn sé tryggt fyrir verkefnið.

kolbeinn@frettabladid.is



ÍSLANDBANKI Byður nú upp á lækkan höfuðstóls eignaleigusamninga.

Íslandsbanki Fjármögnun:

Hægt að lækka höfuðstólinn

FJÁRMÁL Fyrirtæki og einstaklingar í rekstri, sem eru í viðskiptum við Íslandsbanka Fjármögnun, geta fengið lækkan á höfuðstól eignaleigusamninga í erlendri mynt hjá bankanum, frá og með 27. janúar. Lækkunin getur numið allt að 25 prósentum.

Um leið er samningnum breytt úr erlendri mynt í íslenskar krónur með breytilegum óverðtryggðum vöxtum. Vaxtakjörin eru 12,1 prósent breytilegir vextir en veittur er 2,6 prósentustiga afsláttur af vöxtum fyrsta árið, en þá verða þeir 9,5 prósent. Í tilkynningu bankans segir að í flestum tilfellum lækki greiðslur við lækkan höfuðstóls. Enn frekari lækkan fáiast með því að lengja samninginn.

Þjófnaðir í Stykkishólmi:

Þjófur brunaði út úr bænum

LÖGREGLUMÁL Tölvustýrðri handfærarúllu var stolið úr bát, sem liggur við bryggju í Stykkishólmi, í líðinni viku.

Einnig sást til dularfullra mannaferða við sumarhús aðfaranótt föstudags, að því er fram kemur í Stykkishólmspóstinum. Þegar mannaferðirnar voru athugaðar nánar sást maður forða sér á hlaupum inn í bíl, sem brunadi út úr bænum.

ný vara

99

Fairtrade tekassi. Hentar bæði sem tepoki beint í bollann eða sem púði í senseo vélarnar. 240 tepokar í pakka á aðeins 599 kr/pk.

nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

599

kr/pk.
verð aðeins

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeisdóttir
Veðurfréttamaður

HEIMURINN

Alicante	13°
Basel	1°
Berlín	-7°
Billund	-2°
Eindhoven	0°
Frankfurt	0°
Friedrichshafen	1°
Gautaborg	-2°
Kaupmannahöfn	-2°
Las Palmas	19°
London	5°
Mallorca	13°
New York	12°
Orlando	22°
Ósló	-7°
París	6°
San Francisco	13°
Stokkhólmur	-5°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

BATNAR Í KVÖLD
Það verður mjög hvasst á landinu í dag og stormur um norðvestan- og vestanvert landið og útlit fyrir lítið sem ekkert ferðaveður á þeim slóðum fram á kvöldið. Úrhellisrigning suðaustanlands fram eftir degi en vestantil verða skúraleiðingar síðdegis.

Á MORGUN

5-10 m/s.

MÍÐVIKUDAGUR

Hæg vestlæg átt.



50% afsláttur fyrir Ringjara.

Við sendum tilboð beint í símann.

Ringjarar fara inn á ring.is og óska eftir að fá MMS með tilboðum send í símann.

Tilboð dagsins:

Ringjarar geta sent SMS með textanum **dominos í 1905** til að fá MMS miða

<p>Gott 1</p> <p>50% afsláttur</p> <p>Lítill pizza m. 2 áleggsteg.</p> <p>Gildir í dag mánudag</p>	<p>Domino's</p>  <p>50% afsláttur af lítilli pizzu með 2 áleggstegundum.</p> <p>MMS tilboð hjá Ring – ekki klippa þennan miða út</p>
---	--

Tilboð dagsins:

Ringjarar geta sent SMS með textanum **serrano í 1905** til að fá MMS miða

<p>Gott 2</p> <p>50% afsláttur</p> <p>af máltíð fyrir einn</p> <p>Gildir í dag mánudag</p>	<p>Serrano</p>  <p>50% afsláttur af matseðli. Gos er ekki innifalið í tilboði.</p> <p>MMS tilboð hjá Ring – ekki klippa þennan miða út</p>
---	--

Skráðu þig á ring.is og fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði, þar með ertu í stærsta vinarhópi á Íslandi og færð 990 kr. til að hringja í fólk í öðrum kerfum.

Síminn

Ring er ný farsímabjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við alla innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í fólk í öðrum kerfum.

Stærsti vinarhópur á Íslandi





Á að stækka álverið í Straumsvík?

Já 65,2%
Nei 34,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er prófkjör heppileg leið til að velja á framboðslista?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Júlíus Vífill lagði keppinauta um annað sætið á lista Sjálfstæðisflokks fyrir sveitastjórnarkosningar í Reykjavík:

Veikleiki listans er skortur á endurnýjun

STJÓRN MÁL Niðurstaða prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík skilar lista sem lítur ágætlega út, með óumdeildan leiðtoga. Veikleiki listans er helst skortur á endurnýjun, segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri hlaut afgerandi kosningu í fyrsta sætið, sem sýnir öðru fremur að hún er fremur óumdeildur leiðtogi flokksins í borginni, segir Gunnar Helgi.

Í öðru sæti hafnaði Júlíus Vífill Ingvarsson, einn þeirra fimm sem sóttist eftir því sæti á listanum. Gunnar Helgi segir niðurstöð-

ÚRSLIT PRÓFKJÖRSINS

1. Hanna Birna Kristjánsdóttir
2. Júlíus Vífill Ingvarsson
3. Kjartan Magnússon
4. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
5. Gísli Marteinn Baldursson
6. Geir Sveinsson
7. Áslaug María Friðriksdóttir
8. Jórunn Frímansdóttir
9. Hildur Sverrisdóttir
10. Marta Guðjónsdóttir



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

flokksins í borginni fyrir nokkrum árum.

Það hljóta að vera vonbrigði fyrir Geir Sveinsson að hafna í sjötta sætinu, segir Gunnar Helgi, en hann var einn þeirra sem sótt-

fimmta sætinu, væri erfið.

Niðurstaðan er ákveðinn varnarsigur fyrir Gísli Marteini, þrátt fyrir að rætt hafi verið um að hann hafi verið framtíðar forystuefni

ust eftir öðru sætinu. Þetta sýni að það sé ekki sjálfrotuð leið í forystusæti í stjórnmálum

Það hljóta að vera vonbrigði fyrir Jórinni Frímansdóttur að hafna í áttunda sætinu á listanum eftir að hafa sóst eftir því þriðja, segir Gunnar Helgi. Ýmislegt geti hafa haft áhrif á hennar gengi, til dæmis umdeilt sjónvarpsviðtal í Ríkissjónvarpinu nýverið.

Þátttaka í prófkjörinu var fremur dræm, tæplega 35 prósent. Gunnar Helgi segir það líklega tengjast því að ekki hafi verið slagur um fyrsta sætið, en Hanna Birna var sú eina sem bauð sig fram til forystu á listanum. -bj

NICOTINELL

getur hjálpað þér að hætta að reykja ...með MINTU bragði!

Nicotinel er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinel nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykjum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar af Nicotinel lyfjatyggiðum mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfisins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaeng, að meðtöldu Prinzmetal afbrigði hjartaengar, alvarlega hjartaláttardreglu eða heilabliðfalli nýlega, eiga ekki að nota Nicotinel nikótínlyf. Sjúklingar með háþýttan sem ekki hefur náðst stöðum á stöðuga hjartaeng, sjúkdóm í heilaæðum, teppusjúkdóm í útlægum slagæðum, hjartabilun, sykursýki, ofstarfsemi skjaldkirtils eða krómíklææxi, auk alvarlega skertar nýrna- og/öðra líffarstarfsem skulu gæta varúðar við notkun á Nicotinel. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurlánda 12a, 210 Garðabæ.

FLÓRA ÍSLANDS

Nú fer fánlegum eintökum fækkandi af þessum glæsilega grip. Trygðu þér eintak í tíma.

CRYMOGEA
-fegurðin býr í bókum

Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogeia@crymogeia.is | www.crymogeia.is

Viltu ábyrgari fjármálþjónustu?

Eignastýring og séreignarsparnaður fyrir hugsandi fólk

Opinn kynningarfundur þriðjudaginn 26. janúar kl. 17:15 að Borgartúni 29.

Allir velkomnir

AUDUR CAPITAL



VIÐ TÖKUR Á HAMRINUM Hjálmtýr Heiðdal segir þátttöku RÚV forsendu fyrir fjármögnun Íslenskra kvikmynda. Útvarpsstjóri segir það ekki geta verið málefni RÚV hverjir fá úthlutað styrkjum.

Segja vegið að kvikmyndagerð í landinu

Kvikmyndagerðarmenn segja það geta gert út af við íslenskan kvikmyndaiðnað ef RÚV dregur úr kaupum á innlendu efni. Útvarpsstjóri segir það stjórnvalda að ákveða skilyrði fyrir fjárveitingum til kvikmyndagerðarmanna en ekki RÚV.

MENNING „Það er verið að veita íslenskri kvikmyndagerð náðarhöggið,“ segir Hjálmtýr Heiðdal, formaður Félags kvikmyndagerðarmanna um niðurskurðaraðgerðir RÚV. Þær fela meðal annars í sér að dregið verður úr kaupum á innlendum kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og heimildarmyndum.

Hjálmtýr segir að þátttaka RÚV sé forsenda fyrir fjármögnun íslenskra kvikmynda og þátta. „Fyrsta skrefið er ávallt að fá Sjónvarpið í lið með sér. Það verður að tryggja mynd sýningu til að hún fái styrk frá Kvikmyndamiðstöð. Það sama gildir um norræna og evrópska sjóði.“

Áður höfðu framlög ríkisins til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands verið skorin niður um 35 prósent. Hjálmtýr segir niðurskurð RÚV vera olíu á þann eld og gæti riðið

íslenskum kvikmyndaiðnaði að fullu. „Það tekur langan tíma að fjármagna kvikmynd. Ef Kvikmyndamiðstöð er sett á hliðina í eitt eða tvö ár er það ávísun á langt tímabil stöðunar.“

Í þjónustusamningi RÚV og menntamálaráðuneytisins frá 2006 segir meðal annars að RÚV skuli styrkja og efla innlenda kvikmyndagerð með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum. Páll Magnússon útvarpsstjóri bendir á að forsenda samningsins sé sú að tekjur RÚV minnki ekki frá því sem þær voru að raungildi 2006. Sú grunnfor-senda sé fallin.

„Við reynum engu að síður að uppfylla lögbundið hlutverk okkar af fremsta megni en það er ljóst að þessi niðurskurður kemur niður á öllum þáttum starfseminnar. Á liðnu ári keyptum við og sýndum á

þriðja tug heimildarmynda og það verður skorið niður eins og allt annað,“ segir hann.

Páll segir kvikmyndagerðarmenn beina gagnrýni sinni í ranga átt. „Það er stjórnvalda að ákveða skilyrðin fyrir því hverjir fá úthlutun úr kvikmyndasjóði. Það verður þá bara að rjúfa þá tengingu að RÚV þurfi að skuldbinda sig til að kaupa og sýna viðkomandi mynd. Hvaða skilyrði menntamálaráðherra og Kvikmyndamiðstöð vilja hafa til að ráðstafa sínum peningum getur ekki verið málefni Ríkisútvarpsins.“

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir alltaf álitamál hvernig sé forgangsraðað í niðurskurði. Hún muni kanna hvernig heimtur af nefskatti hafi skilað sér til RÚV og innlendirar kvikmyndagerðar.

bergsteinn@frettabladid.is

Microsoft á Íslandi skipuleggur rúmlega þúsund manna ráðstefnu í kreppunni:

Fær erlenda fyrirlesara heim

TÆKNI Búið er við að rúmlega þúsund manns, þar af um hundrað erlendir gestir og fyrirlesarar, sæki alþjóðlega risaráðstefnu Microsoft á Íslandi um upplýsingatækni, sem haldin verður í Reykjavík á morgun og miðvikudag. Á ráðstefnunni er að finna rjómann af þremur ráðstefnum sem haldnar voru í Bandaríkjunum og í Evrópu í fyrra.

Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, segir ráðstefnuhaldið viðbrögð við gengishruni krónunnar. „Íslendingar hafa í gegnum tíðina verið duglegir að sækja tækniráðstefnur erlendis og hafa þrír til tólf frá okkur farið með um þrjú hundruð manna hópi og haldið Íslendingakvöld fyrir hann.“

Þegar krónan féll hafi aðeins þrjátíu skráð sig til fararinnar. Í kjölfarið lagði Halldór höfuðið í bleyti og komst að því að miðað við aðstæður væri hagkvæmt að halda sambærilega ráðstefnu hér.

„Ég reiknaði út að við kæmum út á sléttu. Við getum meira að segja boðið ókeypis inn á hana í stað þess að fara,“ segir Halldór en þetta er í annað skiptið á jafnmörgum árum sem blásið er til ráðstefnu af þessum toga þar sem nýjasta tækni Microsoft er



HALLDÓR JÖRGENSSON Microsoft á Íslandi brást við gengishruninu með því að halda tækniráðstefnu hér í stað þess að fara með nokkuð hundruð manna hóp til útlanda.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

kynnt. Á sambærilega ráðstefnu hér í fyrra mættu 850 manns og var þetta þá stærsta ráðstefna í upplýsingatækni sem haldin hefur verið hér á landi. -ja



Landsins mesta úrval tölvunámskeiða



Skrifstofuskólinn



- Skrifstofunám
- Tölvu og bókhaldsnám
- Bókhald grunnur
- Bókhald frh.
- Navision fjárhagsbókhald
- Tollskýrslugerð



Vefur, grafík og myndvinnsla

- Grafísk hönnun
- Vefsíðugerð grunnur
- Vefsíðugerð frh.
- Dreamweaver
- Dreamweaver frh
- Flash
- Illustrator
- InDesign
- Photoshop
- Photoshop ljósmyndun
- Stafrænar myndavélar og Picasa
- Einföld myndbandavinnsla



Almenn námskeið



- Tölvan og byrjandinn
- Almennt tölvunám
- ECDL tölvunám
- Word 1 og 2
- Excel
- Excel í stjórnun og skipulagi
- PowerPoint
- Outlook póstur dagbók og skipulag



Eldri borgarar 60+

- Byrjendur 60+
- Framhald 60+
- Stafrænar myndavélar og tölvan 60+



Sérfræðinám

- CISCO- CCNA
- Kerfisfræði MCITP & Windows 2008 R2
- MS SQL 2008
- MS Office Sharepoint 2007
- Exchange Server 2010
- Windows 7 þekkingaruppfærsla
- MCTS Active Directory
- Power Shell
- MCDST
- Tölvuviðgerðir – CompTIA A+



Fjarkennsla í beinni



Nemendur tengjast beint inn í kennslustofu heiman frá sér á einfaldan hátt.

Allt sem þarf er tölva og sæmleg nettenging, heyrnartól með hljóðnema og þú ert komin/n á námskeið sem fullgildur staðarnemi. Nemendur sjá og heyra allt sem fram fer í kennslustofunni og geta tekið beinan þátt í umræðum og með fyrirspurnum sem svarað er strax.

Sí. önn vorum við með nemendum í „beinni“ á ýmsum námsbrautum m.a. frá Danmörku, Hellissandi, Ólafsvík, Bíldudal, Sauðárkróki, Dalvík, Akureyri, Árskógssandi, Vík, Vestmannaeyjum og Sandgerði. Sjá nánari upplýsingar og umsagnir nemenda á heimasíðu skólans www.tsk.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • tsk@tsk.is • www.tsk.is



1. Hvað eru kröfur í protabú Kaupþings háar?
2. Hversu margir nýliðar tóku þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík um helgina?
3. Hvar er hús Práins Bertelssonar, sem hann hyggst nú selja?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Rekstur íslensks fasteignasafns sagður tryggður eftir endurskipulagningu:

Landic Property heitir Reitir

VIÐSKIPTI Skipt hefur verið um nafn á fasteignafélaginu Landic Property Ísland. Það heitir nú Reitir fasteignafélag.

„Síðastliðið ár unnu stjórnendur móðurfélagsins Landic Property hf., í samvinnu við kröfuhafa, að því að verja íslenska starfsemi félagsins og losa um erlendar eignir og veðskuldir en í því ferli hefur meðal annars verið gengið frá sölu á eignasöfnum félagsins í Danmörku og Finnlandi,“ segir í tilkynningu félagsins. „Rekstur íslenska fasteignasafnsins er nú tryggður og stendur traustum fótum.“

Vegna þess að félagið starfar eftirleidis einvörðungu á inn-



VIÐAR ÞORKELSSON Vidar Þorkelsson er forstjóri Reita. Félagið hét áður Landic Property Ísland og þar áður Fasteignafélagið Stoðir.

MYND/REITIR

lendum markaði var ákveðið að taka upp íslenskt nafn. „Reitir verða sjálfstætt félag í meirihlutaeigu íslenskra banka. Stjórnendur Landic Property hf. sömdu

við NBI (Landsbankinn), Arion Banka, Íslandsbanka, Glitni, Haf Funding og Byr um fjárhagslega endurskipulagningu íslenska fasteignafélagsins og dótturfélaga.“ Fasteignasafn Reita samanstendur af 130 fasteignum, einkum verslunar- og skrifstofuhúsnæði miðsvæðis í Reykjavík. Félagið er sagt stærsta þjónustufyrirtæki landsins á sviði fasteignareksturs, en meðal eigna þess eru Kringlan og Hilton Reykjavík Nordica, Kauphallarhúsið, Holtagarðar og „margar af perlum íslenskrar byggingarsögu sem staðsettar eru í miðbænum“. Eignir félagsins eru sagðar yfir 90 milljarða króna virði.

- óká

Drengir dæmdir í fangelsi:
Hlutu fimm ár fyrir pyntingar

BRETLAND, AP Tveir breskir bræður, ellefu og tólf ára gamlir, hafa hlotið dóm fyrir að hafa í apríl á síðasta ári pyntað tvo aðra drengi. Þeir þurfa að sæta gæsluvarðhaldi í að minnsta kosti fimm ár.

Árásarpiltarnir, sem þá voru tíu og ellefu ára, plötuðu fórnarlömb sín, sem voru níu og tíu ára, til að koma með sér inn á lokað svæði þar sem þeir börðu þá með bareflum og múrsteinum. Vaski var kastað í höfuð annars fórnarlambins, en hitt var neytt til að borða brenninnur. Meðal annars reynda ofbeldisdrengirnir að þvinga hina piltana til hafa kynmök.

- gb

Íbúar í Miðborg Reykjavíkur

Hverfisráð Miðborgar boðar til opins íbúafundar um framkvæmdir og skipulag í Miðborg Reykjavíkur þriðjudaginn 26. janúar 2010 kl. 17:00 – 18:30 í sal gamla Miðbæjarskólans (nú Mennta- og Leikskólasvið) að Fríkirkjuvegi 1.

Dagskrá:

1. Ólöf Örvarsdóttir, skipulagsstjóri ræðir um skipulags- og byggingarmál í Miðborginni.
2. Amundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri á Framkvæmda- og eignasviði ræðir um framkvæmdir og áform í Miðborginni.
3. Brynhildur Guðjónsdóttir, ræðir um sýn sína og viðhorf sem íbúi í Miðborginni til framkvæmda og skipulags þar.
4. Pallborðsumræður, þar sem íbúar geta beint fyrir spurnum og umræðum til framsögumanna og komið sjónarmiðum sínum um skipulag og framkvæmdir í Miðborginni á framfæri við borgaryfirvöld.

Fundarstjóri verður Magnús Skúlason, formaður Íbúasamtaka Miðborgar



Í HÖFN Alls voru 595 leyfi til strandveiða veitt en 554 þeirra voru nýtt af 529 útgerðum. 3.400 tonn af þorski komu á land.

Úttekt yfir upp deilu um strandveiðarnar

Úttekt á strandveiðum síðastliðins sumars er af sjávarútvegsráðherra talin renna stoðum undir það að markmið veiðanna hafi náðst. Útgerðarmenn hafna því alfarið en smábátasjómenn, eins og ráðherra, vilja festa veiðarnar í sessi.

SJÁVARÚTVEGUR Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra hefur gott sem tekið af allan vafa um að strandveiðar eru komnar til að vera. Niðurstöður úttektar Háskólaseturs Vestfjarða (HV) á framgangi og áhrifum veiðanna túlkar ráðherra sem svo að reynsla af veiðunum sé góð. Smábátasjómenn hvetja til þess að veiðarnar verði festar í sessi á meðan útgerðir innan LÍÚ finna þeim allt til foráttu.

Í úttekt HV er meðal niðurstaðna að ánægja sé meðal strandveiðimanna með veiðarnar og fyrirkomulag þeirra. „Þó tilfinningar séu blændari meðal annarra hagsmunaaðila er þó meirihlutinn á því að strandveiðarnar geti verið leið til að styrkja hinar dreifðu byggðir landsins,“ segir í kynningu.

Sjávarútvegsráðherra segir að næsta skref sé að vinna frum-

varp til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða sem lagt verði fyrir Alþingi á næstunni. „Tekið verður mið af þeim lærdómi sem hér hefur verið safnað saman við gerð frumvarpsins og allar líkur benda til þess að lagt verði til að strandveiðarnar séu komnar til að vera og því verður ekki lagt til nú að heimild til þeirra verði sett til bráðabirgða líkt og var gert á síðasta ári.“

Þess má geta að Jón Bjarnason staðfesti í viðtali við Fréttablaðið á aðalfundi LÍÚ í lok október að strandveiðar væru komnar til að vera, aðeins væri eftir að sníða ýmsa vankanta af fyrirkomulagi veiðanna.

Skýrsluhöfundar telja að markmiðum hafi verið náð með veiðunum. Þar á meðal að gefa fleiri en handhöfum kvóta möguleika á tak-

mörkuðum veiðum í atvinnuskyni, nýliðun og að auðvelda fólki að afla sér reynslu og þekkingar.

Samkvæmt könnun Háskólaseturs Vestfjarða höfðu áttatíu prósent þeirra, sem þær stunduðu, áður gert út bát, fjórutíu prósent útgerðanna réðu yfir kvóta og 24 prósent höfðu áður selt allan sinn kvóta.

„Skýrslan staðfestir að strandveiðarnar eru soun á verðmætum,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, á heimasíðu sambandsins. Hann segir soun hafa einkennt þessar veiðar hvar sem á er litið. Allt of margir bátar hafi verið að veiðum með tilheyrandi offjárffestingu. Þá standist gæði stórs hluta strandveiðiaflans ekki samanburð við annan afla sem berst að landi. Svör kaupenda staðfesti það. svavar@frettabladid.is

Hjartastopp

– PAD hjartastartari

Flijótvirkara og einfaldara verður það varla

Nú þegar eru fjöldi Íslendinga í fullu fjöri sem startað hefur verið í gang með hjartastörturum frá Donnu. Vertu viðbúinn og fáðu þér strax Samaritan PAD hjartastartara.



Donna

Sími 555 3100

Sýnikennsla á www.donna.is

MILLJÓNIR BEINT Í VASANN



Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 6611 eða hjá næsta umboðsmanni.

Hörmulegt fyrir samfélagið hefði Icelandic Group farið í þrot, segir bankastjórinn:

Mikilvægt að bjarga félaginu

VIÐSKIPTI Nýi Landsbankinn (NBI) hefur síðustu mánuði unnið að yfirtöku á öllu hlutafé Icelandic Group (áður Söluumstöð hraðfrystihúsa) og færir það inn í eignarhaldsfélagð Vestia á næstu dögum. Það verður selt í opnu sölufarli eftir óákveðinn tíma.

Félagið var áður í meirihlutaeigu Grettis, félags Björgólfs Guðmundssonar, fyrrverandi formanns bankaráðs Landsbankans. Skuldir hafa lengi sligað reksturinn og var fyrirtækið á barmi gjaldþrots í kringum hrun bankanna haustið 2008. „Bankar voru að loka lánalínum og greiðslutryggingum Icelandic Group. Mikilvægt var að bregð-

ast skjótt við og rétta við efnahag félagsins,“ segir Ásmundur Stefánsson, bankastjóri Landsbankans.

Á meðal aðgerðanna var stofnun félagsins IG, sem skuldir, að mestu við Landsbankann, voru færðar inn í til að tryggja reksturinn en við það tók bankinn Icelandic Group óformlega yfir.

Ásmundur segir Icelandic Group gríðarlega þjóðhagslega mikilvægt enda fari um 35 prósent af útlutningi sjávarafurða í gegnum fyrirtækið. Gjaldþrot þess hefði verið meiriháttar áfall fyrir sjávarútveginn á sama tíma og efnahagslífið var í uppnámi, að sögn Ásmundar.

- jab



ÁSMUNDUR STEFÁNSSON Nýi Landsbankinn vonast til að fá eitthvað upp í skuldir með yfirtöku á Icelandic Group.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Skráðu þig í tölvunám

Menntun sem gefur þér forskot

1986 - 2010 • 24 ár í fremstu röð

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og um 40.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 24 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.



Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Úrvalsnám og -námskeið

Stafræn ljósmyndun og myndbönd

Stafræn ljósmyndun13 st./16.900
Stafræn myndbandagerð.....13 st./18.900
Ljósmyndavinnsla með Picasa9 st./12.900
Photoshop Elements.....13 st./18.900

Excel námskeið

Excel I: Almenn nám22 st./26.900
Excel IIa: Sérhæft nám18 st./32.900
Excel IIb: Fjór., bókh. & endsk.18 st./39.900
Excel IIc: Fjölvar og forritun27 st./49.900
Pivottöflur í Excel.....5 st./12.900

Stjórnun, sparnaður & skipulagning

PRINCE2 verkefnastjórnun13 st./34.900
Project verkefnastjórnun22 st./39.900
Hugarkort - MindMaps.....4 st./9.900
Tímastjórnun með Outlook4 st./9.900
Betri tímastjórnun9 st./16.900
Sparnaður í tölvumálum.....18 st./59.900

PowerPoint, Word og Publisher

PowerPoint I: Almenn nám13 st./16.900
PowerPoint II: Sérhæft nám.....9 st./14.900
PowerPoint I + II22 st./25.900
Publisher: Bæklingar, kort ofl.13 st./21.900
Word I: Almenn ritvinnsla22 st./26.900
Word II: Kraftmikil ritvinnsla.....18 st./26.900
Vinnsla langra skjala í Word.....13 st./18.900
Dreifibréf og markpóstur í Word4 st./8.900

DreamWeaver, Photoshop & Flash

DreamWeaver vefsíðugerð27 st./32.900
DreamWeaver og Photoshop.....54 st./54.900
DreamW., Photoshop og Flash.....72 st./76.900
Flash I: Margmiðlun18 st./27.900
Flash II: Action Script forritun18 st./27.900
Flash I + II36 st./49.900
Photoshop: Ljós- og grafík.....27 st./32.900
Photoshop II: Framhald.....18 st./32.900

Forritun, SQL og Access

ASP .NET vefforritun36 st./79.900
SQL grunnur13 st./26.900
Access I: Almenn nám22 st./29.900
Access II: Sérhæft nám18 st./34.900

Outlook og Internetið

Outlook I: Póstur, dagbók ofl.13 st./18.900
Outlook II: Fyrir lengra komna9 st./14.900
Internetið og tölvupóstur9 st./14.900
Kvöldstund með Facebook4 st./6.900

Gagnleg námskeið

Fingrasetning - tölvuvéiritun6 st./7.500
Windows fyrir byrjendur9 st./11.900



Tölvu- og bókhaldsnám

Kvöldnám hefst 28. febrúar

Einstakt nám þar sem þú færð góðan undirbúning fyrir starf á skrifstofu eða í eigin rekstri. Námsgreinar: Upplýsingatækni, fingrasetning, Word, Excel, PowerPoint, Outlook, Internetið, bókhald, tölvubókhald og verslunarreikningur. Viðurkennd evrópsk próf, ECDL, innifalin.

Verð: 189.900 Stundir/einingar: 260/13



Almennt tölvunám

Morgun-, síðdegis- eða kvöldnám

Frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt nám um allt það helsta sem gert er með tölvum. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, PowerPoint, tölvupóstur og Internetið. Gagnleg verkefni leyst sem nýttast heima og í vinnu.

Verð: 74.900 Stundir/einingar: 90/4



Tölvunám fyrir 50+

Dag-, síðdegis- eða kvöldnám í febrúar

Skemmtilegt nám, miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu, sem hentar jafnt þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, tölvupóstur og stafræn ljósmyndun

Verð: 64.900 Stundir/einingar: 72/3



Tölvuþekking fyrir konur

Kvöld- eða síðdegisnám

Einstakt nám til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stíðu rétta skrefið og lærðu á Windows, ritvinnslu í Word, töflureikninn Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeiði í notalegu umhverfi. Nám sem kemur þér skemmtilega á óvart.

Verð: 54.900 Stundir/einingar: 60/3



Hagnýt verkefnastjórnun

Morgunnám hefst 12. febrúar

Nám fyrir þá sem vilja ná góðum tókum á nútíma verkefnastjórnun og ná hámarksárangri. Námsgreinar: Undirstaða nútíma-verkefnastjórnunar, aðferðarfræði við undirbúning, áætlun og stjórnun. Notkun hugarkorta, Excel, Project og Outlook við verkefnastjórnun.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 50/2



Hagnýtt bókhaldsnám II

Morgun- eða kvöldnám

Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi til að vinna upplýsingar úr þeim og geta gengið frá sundurliðinum til skattauppgjors og ársreikningagerðar endurskoðanda.

Verð: 79.900 Stundir/einingar: 60/3



Vefhönnun og margmiðlun

Síðdegisnám hefst 11. febrúar

Spennandi og skemmtilegt nám sem gefur þér það sem þú þarft til að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Námsgreinar: Hönnun vefja, HTML, DreamWeaver, Photoshop I og II, Flash og Action Script í Flash. Námið er 5 áfangar og er hægt að taka einstaka áfanga.

Verð: 129.900 Stundir/einingar: 108/5



MCITP Windows 2008 kerfisstjórnun

Síðdegisnám hefst 9. febrúar

Krefjandi og gefandi nám sem býr þig undir alþjóðleg próf og starf sem Microsoft Certified Server Administrator (MCITP). Námið er þriggja áfanga og er hægt að taka einn, tvo eða alla áfangana í einu (MCTS). Námið opnar þér nýjar dyr að áhugaverðu og spennandi starfi.

Verð: 269.900 Stundir/einingar: 150/7



Visual C# .NET forritun

Kvöldnám hefst 11. febrúar

Frábært nám fyrir þá sem vilja læra vinsælasta forritunarmálið. Hnitmiðað og yfirgrípsmikilið nám sem undirbýr þig fyrir krefjandi starf við forritunarverkefni og alþjóðlega próftöku í forritun. ASP vefforritun er hluti af náminu en hægt er að sækja eingöngu ASP vefforritun.

Verð: 159.900 Stundir/einingar: 94/4

Morgunn: 9:00-12:00 - dagur: 13:00-16:00 - síðdegis: 16:15-19:15 - kvöld: 19:30-22:30 - stund = 40 mín - eining = ígildi einnar námseiningar í framhaldsskóla

Gott að vita!

- ▶ VR, Efling og flest önnur stéttarfélag **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- ▶ **Afsláttur** er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- ▶ 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- ▶ Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- ▶ **Vinnuálastofnun** styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.
- ▶ Mjög hagstæð lán og **greiðsluskilmálar**.

Tölvunám TV til betri verka

- hringdu núna í síma 520 9000
- eða fáðu nánari upplýsingar á www.tv.is



TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Einka- og hópkenndsla

Fáðu einkakennslu til að ná betri tókum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar. Hagstætt verð fyrir hópa á sérnámskeið.

www.tv.is

www.tv.is



STADFESTIR STÖÐU SÍNA Evo Morales, sem nýlega var endurkjörinn forseti Bólivíu, tók þátt í athöfn frumbyggja landsins þar sem hann hlýtur viðurkenningu þeirra sem leiðtogi landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gísli Marteinn Baldursson vill þetta og blandaða byggð á illa nýttu svæðinu:

Einn maður býr í Skeifunni

REYKJAVÍK Einn maður er með lögheimili í Skeifunni, meðan jafn stórt svæði hinum megin Miklubrautar hýsir þrettán hundruð manns, að mestu í einbýlishúsum. Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi bendir á þetta. Skeifan sé gott dæmi um tækifæri til að þetta byggð í borginni.

„Þarna geta léttilega búið um þrjú þúsund manns,“ segir hann. Gísli vill bjóða eigendum húsa í Skeifunni að byggja upp á nýtt og hærra. „Oft heldur fólk, þegar maður er að tala um endurnýjun byggðar, að það eigi að byggja á græna blettinum í hverfinu, en tækifærin eru víðar.“

Skeifan hafi verið byggð sem iðnaðarsvæði í útjaðri borgarinnar. Nú er hún miðsvæðis, með Laugardalinn skammt undan, allar veltengingar og lagnir til staðar: „Ólíkt nýjum hverfum fyrir austan þarf ekki að leggja vatn og rafmagn eða neitt. Stofnkostnaðurinn er því miklu minni.“

Gísli stingur upp á blandaðri byggð, þar sem verslanir fái neðstu hæðina en íbúðir verði fyrir ofan.

„Þarna er hrikalega farið með verðmætt land. Svona svæði hafa verið að ganga í gegnum endurnýjun erlendis og engin ástæða til að gera ekki hið sama hér.“

- kóp



SKEIFA FRAMTÍÐARINNAR? Einhvern veginn svona segist Gísli Marteinn sjá fyrir sér hugsanlegar beturbætur á Skeifunni.

MYND/GÍSLI MARTEINN

Matvælastofnun:

Sterar í fæðubótarefnum

HEILBRIGÐISMÁL Matvælastofnun kallar eftir upplýsingum um ýmis fæðubótaefni vegna gruns um að þau innihaldi stera.

Evrópska viðvörunarkerfinu fyrir matvæli og fóður hefur borið tilkynning frá bandarískum yfirvöldum um að netfyrirtækið bodybuilding.com hafi innkallað umræddar vörur. MAST hvetur alla sem upplýsingar geta veitt um þessar vörur á Íslandi að senda tölvupóst á mast@mast.is merkt „fæðubótarefni“ eða hafa samband við heilbrigðisefntilvit svertarfélag. Um er að ræða 65 vörutegundir. Þær má sjá á www.mast.is.

- jss

Halda stórfé sem var innheimt í leyfisleysi

Próunarfélag Keflavíkurflugvallar var ofrukkað um 83 milljóna skipulagsgjald en fær aðeins 4 milljónir til baka vegna ákvæðis um kærufrest. Félagið ætlar þó að freista þess að fá málið leiðrétt hjá hinu opinbera enda var gjaldið ólöglegt.

STJÓRNSÝSLA Próunarfélag Keflavíkurflugvallar var ranglega látið greiða tæpar 83 milljónir króna í skipulagsgjald vegna bygginga sinna á varnarsvæðinu en fær aðeins rúmar 4 milljónir endurgreiddar vegna þess að kærufrestur var að mestu liðinn.

„Þarna er um að ræða gjaldtöku sem ekki er heimild fyrir. Við munum ræða við þessa aðila um að fá þetta til baka,“ segir Kjartan Eiríksson, framkvæmdastjóri Próunarfélags Keflavíkurflugvelli.

Próunarfélagið, sem er í eigu ríkisins, yfirtók á annað hundrað byggingar á Keflavíkurflugvelli eftir brotthvarf Bandaríkjahers frá Íslandi. Með því að margar þessar byggingar voru síðan seldar eða leigðar út voru þær skráðar hjá Fasteignaskrá ríkisins. Í framhaldinu lagði Skipulagsstofnun skipulagsgjaldið á og sýslumaður innheimti það. Þessari álagningu var vísað til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í október síðastliðnum.

Úrskurðarnefndin tók undir með Próunarfélaginu að ekki hafi verið heimilt að leggja gjaldið á þar sem það eigi að innheimta af nýreistum mannvirkjum. Byggingarnar sem um ræðir voru allar reistar fyrir árið 2000 og margar löngu fyrr. „Verður og að líta til þess að um er að ræða eldri fasteignir á svæði sem löngu hafði verið byggt upp og skipulagt á kostnað framkvæmda aðila er álagning skipulagsgjaldsins fór fram,“ segir nefndin.

Það kemur hins vegar Próunarfélaginu í koll að kærufrestur vegna langflestara bygginganna



KJARTAN EIRÍKSSON Framkvæmdastjóri Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ætlar að reyna til þrautar að endurheimta 78 milljónir króna sem voru lagðar ólöglega á félagið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

var liðinn áður en kæra félagsins var sett fram. Þess vegna ógildir nefndin aðeins 4,2 milljóna króna álagningu af 82,7 milljónum sem voru innheimtar í skipulagsgjald. Próunarfélagið virðist þannig sitja uppi með að hafa greitt 78,4 milljónir í ólöglegt gjald. Kjartan segir þó að vegna þess hvernig í pottinn hafi verið búið muni félagið freista þessa að fá þetta leiðrétt.

„Við sendum inn athugasemd til Skipulagsstofnunar í október 2008.

Eins og úrskurðarnefndin bendir á þá var okkur ekki leiðbeint þá með það í hvaða ferli málið hefði átt að fara. Ef svo hefði verið hefðum við náttúrulega náð stærsta hlutanum af þessu til baka í gegn um kæru,“ segir Kjartan. „En við munum bara ræða við þá um þetta og heyra tóninn í þeim. Auðvitað er ríkið báðum megin í þessu máli en þetta lýtur að því að hver haldi utan um sitt.“

gar@frettabladid.is



Pantið tíma í síma 511-1551

Hársnyrting Villa Þórs
Lynghálsi 3

Gefðu vatn

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Tobias Klöse köfunarkennari

Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.



2.000 bæklingar með djúpum pælingum.



Oddi - umhverfsvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 3-7. 110 Reykjavík. Sími 515 0000. www.odd.is



VÉLAR AMERICAN AIRLINES Hagur AMR vænkaðist nokkuð á milli ára þrátt fyrir að færri hafi flogið með vélum félagsins í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Afkoma móðurfélags American Airlines:

Betra uppgjör flugrisa

VIÐSKIPTI AMR, móðurfélag bandaríska flugfélagsins American Airlines, tafaði 1,5 milljónum Bandaríkjadala í fyrra, jafnvirði rúmra 190 milljarða íslenskra króna. Þrátt fyrir gríðarlegt tap er þetta sex hundruð milljóna dala bati frá 2008.

Kreppan hélt áfram að setja

strik í reikning flugfélagsins en farþegum fækkaði um sex prósent í fyrra frá árinu á undan auk þess sem flugmiðaverð lækkaði að meðaltali um þrettán prósent. Þrátt fyrir þetta jókst handbært fé AMR verulega. Það nam 4,9 milljónum dala í lok síðasta árs samanborið við 3,6 milljarða árið á undan. - jeb



VIÐURKENNING Vilborg Einarsdóttir tók við viðurkenningunni í Perlunni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framkvæmdastjóri Mentors:

Fékk viðurkenningu FKA

VIÐSKIPTI Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors, hlaut í gær viðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA) fyrir árið 2010. Viðurkenningin var afhent í Perlunni fyrir helgi.

Í tilkynningu segir að tilkoma fyrirtækisins hafi gerbylt öllu skólasterfi og auðveldað til muna samskipti kennara, foreldra og nemenda. Marín Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Practical, hlaut hvatningarverðlaun FKA. Þá fékk Báru Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Jazzballettskóla Báru þakkarviðurkenningu fyrir framúrskarandi ævistarf.

- bj

Innköllun Lyfjastofnunar:


Lyfið Reductil tekið úr sölu

HEILBRIGÐISMÁL Lyfjastofnun Evrópu hefur lagt til að markaðsleyfi fyrir lyf sem innihalda síbútramín verði innkallað tímabundið vegna gruns um aukna hættu á hjarta- og æðasjúkdómum.

„Síbútramín er ætlað til viðbótarmeðferðar í megrunaráttunum hjá ofþyngdarsjúklingum, sem eru of þungir vegna fæðuneyslu ef aðrir offititendringar áhættuþættir, svo sem insúlínóháð sykursýki eða blóðfituvandamál, eru fyrir hendi,“ segir á vef Lyfjastofnunar. Hér er Reductil eina lyfið með markaðsleyfi sem inniheldur síbútramín.

- ók4

Milliríkjasamband



Míla sér um að halda góðu sambandi við útlönd með því að tengjast tveimur öflugum sæstrengjum. Hvort sem utanríkisráðuneytið á símafund með erlendum ráðamönnum eða þú sendir tölvupóst með broskalli til gömlu skiptinemasfjölskyldunnar, sér Míla um að boðin berist hratt og örugglega.



Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta-, síma- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er mikilvægur hlekkur í öryggisfjarskiptum landsins á sjó, landi og lofti.

www.mila.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslenska þjóðin á betra skilið:

Einangrun og stjórnleysi

PORKELL SIGURLAUGSSON SKRIFAR

Það er áhyggjuefni að Ísland er að einangrast frá alþjóðasamfélaginu og ímynd þjóðarinnar hefur veikt á alþjóðavettvangi. Það ríkir eðlilega reiði í garð ýmissa einstaklinga og hálfgerð upplausnarstand í efnahags- og stjórnáttum. Á sama tíma eigum við afburðafólk á fjölmörgum sviðum svo sem í íþróttum og menningu, vísindum og margvíslegum atvinnurekstri. Við mættum vekja meiri athygli á því.

Fjölmíðlar eru að veikjast bæði fjárhagslega og faglega og starfsfólki fækkar. Þeir taka oft illa grundaða afstöðu með og á móti ákveðnum málefnum. Nýlega tengdi RÚV núverandi og fyrrverandi þingmenn, við óeðlileg fasteignaviðskipti. Fréttin átti ekki við rök að styðjast og það stóð fréttastofan afsökunar. Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn gagnrýndi í útvarpsþætti um helgina hlut fjölmíðla í mótmælunum á Austurvelli. Fjölmíðlar eru í efnahagslegri og eignarhaldslegri kreppu, lokaðir af í eigin þjóðfélagsmæðu og það þarf orðið að fylgjast með erlendum fjölmíðlum til að fá góðar upplýsinga um það sem er að gerast á alþjóðavettvangi.

Fyrirtæki eru mörg í miklum rekstrarerfiðleikum. Þau njóta minna trausts í alþjóðaviðskiptum og eiga erft með eðlileg viðskipti við erlenda aðila. Atvinnulífið er smátt og smátt að einangrast. Aukin skattheimta og fjandsamlegt viðhorf ýmissa vinstri afla til reksturs fyrirtækja gæti dregi lífið úr þeim fyrirtækjum sem enn ganga sæmilega og hægt á stofnun nýrra. Við sölu margra fyrirtækja í eigu fjármálafréttastofna og ríkisins á eftir að koma í ljós að verðmæti þeirra er minna en gert var ráð fyrir.

Forystumenn í stjórnáttum eru ekki að leiða þjóðina inn á rétta braut. Alþingismenn eru lokaðir í eigin hugarheimi Icesave og vanbúnir til að takast á við það verkefni og önnur sem þjóðin hefur falið þeim. Það vakti furðu margra þegar utanríkisráðherra sagði í fjölmíðlum að hann þyrfti ekki að vera töskuberi forseta Íslands á ferðalagi til Indlands. Þetta átti áreiðanlega að vera myndið og hefði hugsanlega verið það á málfundi í menntaskóla. Það eykur aftur á móti ekki álit útlendinga að heyra svona yfirlýsingar. Líklega hefur staða og virðing Alþingis og stjórnvalda aldrei verið jafn veik í sögu lýðveldisins.

Íslendingar búa við alveg einstaklega góðar aðstæður hvað varðar menntun, náttúruauðlindir og almenn lífsgæði. Við eigum ekki að sætta okkur við fjárhagslega, stjórnmálalega og alþjóðlega einangrun næstu árin. En það þarf mikið til að breyta þessu. Við höfum kosið yfir okkur núverandi alþingismenn og ríkisstjórn og ekki var hægt að hrópa „húrra“ yfir fyrrverandi ríkisstjórn. Aðalatriðið er þó að láta ekki bugast. Berjumst áfram og breytum þessu. Er ekki kominn tími á nýja byltingu, sem byggir ekki á búshöldum og hávaða heldur hugviti og þekkingu, nýjum stjórnarháttum og gömlum góðum gildum? Hinn þögli meirihluti þjóðarinnar er að bíða eftir einhverju, en hvað ætli hann þurfi að bíða lengi? Þjóðin má ekki gefast upp og greiða atkvæði sitt með því að „ganga“ úr landi og finna sér annan vettvang erlendis. En það er veruleg hætta á atgervisflóta ef þjóðinni verður áfram boðin naglasúpa úr pottum búshaldabyltingarinnar? Íslenska þjóðin á betra skilið!

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jr @frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinn Stefánsson ritstjóri @frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnisblanda í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

SÉRSMÍÐI ÚR PARKETI

Gólfþjónustan er með séralausnir í smíði borða fyrir fyrirtæki og heimili. Við smíðum borð algjörlega eftir þínu máli svo sem borðstofuborð, sófaborð og fundarborð.



GÓLFÞJÓNUSTA ÍSLANDS

SÉRHÆFING Í VIÐHALDI GÓLFA

S: 897 2225

info@golfthjonustan.is | golfthjonustan.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Traustsyfirlýsing

Hanna Birna borgarstjóri var ánægð eftir prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Hún mátti líka vera það, rúmlega 91 prósent studdi hana og þar af 84 prósent í fyrsta sætið. Oft er sagt að allir komi ánægðir út prófkjörum, í það minnsta eru yfirlýsingar þeirra þannig. Hanna Birna leit til að mynda á prófkjörið sem stuðningsyfirlýsingu við borgarstjórnarflokkinn. Líttum aðeins nánar á það. Á laugardag bauðst 19.715 Reykvikingum að velja næsta borgarstjórnarflokk Sjálfstæðisflokksins. Um 37 prósent þeirra, eða 6.847, ákváðu að kjósa. Sumir myndu lýsa því öðruvísi en að um yfirlýsingu um stuðning væri að ræða.

Ábyrgðin

Þór Sigfússon, fyrrverandi forstjóri Sjóvar, sagði í fréttum í gær að hans helsta hlutverk – og það sem hann þáði 3 milljónir í laun á mánuði fyrir – sem forstjóri hafi verið að tryggja að í kringum hann væri gott teymi fólks. Þá vitum við það. Þór var ígildi ráðningarstofu.

Klárir leikskólakrakkar

Sveinn Andri Sveinsson lögmaður fer mikinn í pistli á Pressunni. Hann er ósáttur við erindi Borgarhreyf-



ingarinnar til lagadeildar og segir það svo „ævintýralega heimskulegt að ósofinn leikskólakraki með hor í nös og króníska eyrnabólgu hefði ekki getað ropað þessu út úr sér í sandkassanum“. Hér er ákveðin hugsanavilla á ferð, nema Sveinn Andri þekki marga leikskólakrakkasem geta ropað öðrum erindum út úr sér. Má jafnvel segja röksemdafærslu lögmannsins þannig að ósofinn leikskólakraki með hor í nös og króníska eyrnabólgu hefði einmitt getað ropað þessu út úr sér í sandkassanum.

kolbeinn@frettabladid.is

Misheppnun

Járnlaðin á einhverju sinni að hafa sagt af sinni alunnri góðmennsku, að hver sá maður sem sé að nálgast þrútsaldur og fari til vinnu sinnar í almenningsvagni – en ekki í einhverri tryllikerru sem kostar morð fjár – sé í hennar augum „misheppnaður“. Á Íslandi, þar sem stjórnvöld hafa nú áratugum saman reynt með góðum árangri að venja fólk af þeim ósið að nota almenningsvagna, hlýtur viðmiðunin að sjálfsögðu að vera með öðrum hætti, og í þá átt gengur þróunin sennilega líka annars staðar.

Um þetta hafði ég nokkurt tóm til að hugsa nýlega þegar ég flaug frá París til Keflavíkur. Samkvæmt gamalli reynslu tók ég þann kostinn að koma tímanlega á flugvöllinn, og reyndist það skynsamlegt. Fyrsta biðröðin var þegar löng og mjakaðist hægt áfram, enda skoðaði sá sem var við innritunina allan handfarangur gaumgæfilega, hann spurði um innihaldið, hvort menn hefðu þetta eða hitt sem hann puldi upp með vélrænni röddu, og vigtaði síðan handtöskuna, því nú var komið upp stórt skilti þar sem tekið var fram að sá farangur mætti ekki vera yfir tíu kíló. Ef taskan reyndist þyngri rak hann menn stundum til taka eitthvað úr henni. Mér hætti að lítast á blikuna, því ég var með sitthvað sem ég vildi ekki sleppa úr auglýsingu og það seig nokkuð í. Þegar til kastanna kom greip ég því til gamals ráðs, sem gott er að þekkja, ég spurði áhyggjusamlega um eitthvert lítillræði: mætti ég örugglega hafa það meðferðis? Afgreiðslumaðurinn velti vöngum um stund, greinilega dauðhræddur við að þurfa að gefa eitthvert ákveðið svar, og sagði svo með semingi „já, sennilega“, eins og ég bjóst við. En fyrir bragð-



EINAR MÁR JÓNSSON
Í DAG | Á flugvellinum

id gleymdi hann að vigta töskuna sem var allavega vel yfir hámarksþyngd.

En svo tók ekki betra við. Fyrir framan „vopnaleyfni“ var önnur biðröð, sem var lengri en ég hafði nokkru sinni áður séð, og hún hreyfðist varla. Einn klukkutími leið, ég var loks kominn svo nálægt hliðinu að ég gat lesið skilti sem á var letrað allstórurum stöfum að í biðsalnum fyrir innan „vopnaleyfni“ væri ekkert salerni að finna, en þá heyrðust allt í einu hróp og formælingar á annarlegu tungumáli. Eftir það stöðvaðist röðin góða stund. Ég innti eftir því hvað væri á seyði og fékk þau svör að einhverjir sem voru líklega að missa af flugvél hefðu reynt að troða sér áfram og þá hefði konan sem stjórnaði „vopnaleyfinni“ – en það var ekki nema ein gegnumlýsingavél og eitt hlið fyrir farþega í margar flugvélar – ákveðið að stöðva allt saman þangað til lögreglan væri komin á vettvang. Svo birtust tveir stæðilegir laganna verðir með alvæpni og þá fór röðin aftur af stað, jafnhægt og áður. En menn urðu sífellt órólegri. Eftir rúmlega klukkutíma og vel það, var ég loksins kominn að leitarvélinni og hliðinu, þar sem geðstírðir verðir fyrirskipuðu ungum konum jafnt sem öldruðum að draga af sér belti og skó. Sumar þeirra mótmæltu all-

hneykslaðar, og ein sagði: „Var það eitthvað fleira fyrir yður?“ En þeim var ekki sýnd nein miskunn. Þrátt fyrir allt þetta klingdi rafeindabjallan öðru hverju og hlupu þá verðir til í ódagoti og með krumlurnar á lofti.

Mér tókst að komast klakklaut gegnum alla þessa leit, og var þá loksins kominn inn í þennan salernislaus biðsal, sem var troðfullur af farþegum á leiðinni hingað og þangað um alla heimsbyggðina, því miklar truflanir virtust vera á flugi þennan dag. Og þar fékk ég umsvifalaust þau tífinni án frekari skýringa að fluginu til Keflavíkur myndi seinka um þrjár klukkustundir. En ég var ekki einn í þeirri stöðu og ekki verst settur, því einhverri flugvél til Madrid hafði seinkað um sólarhring; hún átti að visu að fara að leggja af stað, en Spánverjarnir sungu ámátlega. Mér tókst með naumindum að finna sæti þar sem ég gat hreiðr að um mig, og ég velti því fyrir mér hvers konar hryðjuverkastarfermi yfirvöld væru farin að óttast á salernum, fyrst þau væru hvergi til staðar í þessum þéttsetna biðsal, þar sem enginn gat vitað hvenær hann slyppi úr eftir að hann var einu sinni kominn inn.

Þegar ég var sestur fór ég að fylgjast með öðrum farþegum, og heyrði þá á tal tveggja aldraðra kvenna sem voru að setja aftur á sig beltin með handbragði sem hefði gefið í skyn þetta og hitt við aðrar kringumstæður. „Fyrir fáum árum hefði enginn látið bjóða sér þetta,“ sagði önnur. Svar hinnar heyrði ég ekki, en nú var ég ekki lengur í neinum vafa um hið rökrétta samhengi: með þessu móti var sem sé verið að þessa mönnum fyrir að vera svo misheppnaðir að hafa ekki einkaþotu til að skutlast á milli landa.

Aðeins minni úrtölur

UMRÆÐAN

Ögmundur Jónasson skrifar um efnahagsmál

Niðurskurðurinn í ríkisútgjöldum er farinn að segja til sín. Ýmsir staðhæfa að við séum að fara í hundana. Að Ísland muni einangrast ef við förum ekki í einu og öllu að vilja Breta og Hollendinga. En vanmetum ekki stöðu okkar. Kapitalisminn er ágangari en margir halda; túristinn frá München ætlar til Íslands í sumar hvað sem tautar og raular; Ikea ætlar að selja Jóni og Gunnu á Íslandi stól og borð – fiskkaupmaðurinn í Grimsby ætlar að koma íslenskum fiski á veitingahúsbörð í London. Hann ætlar ekki að einangra Ísland.

Vanmetum ekki heldur pólitíkina. Hún er okkur ekki að öllu leyti mótdræg. Gordon Brown þarf að sýna kjósendum sínum í tíma fyrir vorkosninguna í Bretlandi að hann kunni að laða fram lausnir. Hollenska ríkisstjórnin þarf nú að hlusta á kjósendur spyrja hvað Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eigi



ÖGMUNDUR JÓNASSON

við með því að segja að Ísland geti virkjað sig út úr vandanum. Er verið að tala um Gullfoss? Eða Geysi? Landmannalaugar? Er þetta kannski ekki milliríkjadeila? Er þetta barátta á milli málmbæðslunnar annars vegar og fossanna og hverasvæðanna hins vegar? Eða á milli fólks og fjármagns, einsog skilja má á Alain Liebitz, evrópska þingmanninum sem tók þátt í smíði tilskipunar um tryggingarsjóði innstæðueigenda? Hann segir að við séum að misskilja sitthvað í þeirri smíði. Bretar og Hollendingar misskilji hins vegar ekki neitt. Þeir séu einfaldlega að nýta sér vald sitt. Þeir kunni á gikkinn frá gamalli tíð. Allt þetta er tal sem Evrópa skilur.

Ísland mun rísa, mörg teikn eru á lofti um efnahagsbata. Margt gengur okkur í haginn. Ef þverpólitísk samstaða myndast um Icesave vænkast enn okkar hagur! Þá skapast forsendur til að ná betri niðurstöðu fyrir Ísland. Það væru góð tífinni. Það er ekki nóg að fresta skuldadögum, það munar um hverja krónu sem við náum lántökum okkar niður. Nú er að tala kjarkinn upp. Og má biðja um aðeins minni úrtölur! Það myndi hjálpa.

Höfundur er alþingismaður.

Einstakt tækifæri!

Ótrúlegt verð!

SÓLAR sprettur

í sólarhring!

Valdar dagsetningar í febrúar

Vertu í viðbragðsstöðu því sólarsprettur Plúsferða hefst í dag kl. 12:00! Misstu ekki af þessu einstaka tækifæri því þú hefur aðeins 24 klst til að bóka sólarlandaferðina þína á einstöku verði!

Verðdæmi:

⇒ Hálf tæði innifalið! ⇐

⇒ Allt innifalið! ⇐

Kanarí

Brottfarir: 3. eða 10. feb

Verð frá:
77.700 kr

Flug og gisting í viku
m.v. 2 fullorðna og 2 börn *

Tenerife

Brottfarir: 3. eða 10. feb

Verð frá:
99.900 kr

Flug og gisting með
hálfu tæði í viku
m.v. 2 fullorðna og 1 barn *

Kanarí

Brottfarir: 3. eða 10. feb

Verð frá:
109.900 kr

Flug og gisting með
öllu inniföldu í viku
m.v. 2 fullorðna og 1 barn *

* Flogið um London á útleið.

**TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í 24 KLST
FRÁ HÁDEGI MÁN. 25. JANÚAR!**

Skráðu þig í netklúbb Plúsferða og
vertu fyrstur til að fá bestu tilboðin!
Alltaf ódýrasta verðið á netinu.

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is



RISAU

TILBOÐ Á GASGRILLUM



CAMPING-GASGRILL
RBS CI GRAND

52.328 kr.

Verð áður 88.545 kr.



CAMPING-GASGRILL
RBS WOODY DIX

42.397 kr.

Verð áður 91.053 kr.



COLEMAN-GASGRILL
MEÐ HLÍÐARBRENNARA
(Aukahlutur)

69.900 kr.

Verð áður 99.390 kr.

15-50% afsláttur

AF SKOTVEIÐIVÖRUM
OG FATNAÐI



GERVISTOKKENDUR (SPJÖLD)
12 STK. Í PAKKA

11.280 kr.

Verð áður 18.800 kr.



AMERISTEP „RÚLLUBAGGA“-FELUBYRGI

23.730 kr.

Verð áður 33.900 kr.

Columbia
Sportswear Company

30-70% afsláttur

AF FLÍSPEYSUM



ROSE

5.745 kr.

Verð áður 11.490 kr.



SOFT SHELL

7.495 kr.

Verð áður 14.990 kr.



BENTON SPRINGS

2.995 kr.

Verð áður 11.990 kr.



COLUMBIA FLÍSPEYSA

14.900 kr.

Verð áður 25.690 kr.

20-50% afsláttur

AF VEIÐIFATNAÐI



LEEP

LOOP MULTI

LOOP ADVENTURE
ÚTÖNDUNARYÖDLUR

20.993 kr.

Verð áður 29.990 kr.



24.493 kr.

Verð áður 34.990 kr.

20-50% afsláttur

AF VEIÐISTÖNGUM



LEEP

ADVENTURE TVÍHENDA

Allt að
70%
afsláttur

TSAALA ELLINGSEN



THUNDERSNOW JACKET

39.193 kr.

Verð áður 55.990 kr.

**30%
afsláttur**

AF COLUMBIA-ÚLPUM
OG SNJÓBUXUM



WILDWOOD

15.393 kr.

Verð áður 21.990 kr.



BROOME

36.043 kr.

Verð áður 51.490 kr.

**20-50%
afsláttur**

AF BARNA- OG FULLORDINS-
ULLARNÆRFATNAÐI
DEVOLD



DEVOLD ACTIVE BABY

DEVOLD ACTIVE

BUGABOOT

**30-50%
afsláttur**

AF COLUMBIA
ÚTIVISTARSKÓM



TITANIUM GÖNGUSKÓR

NAKNEK

DRIFT

BUGABOOT
OMNI



**30-50%
afsláttur**

AF VIKING BARNAKULDASKÓM
OG DÖMU- OG HERRAGÖNGUSKÓM



SUMMIT

TIROL

PLAY

TRYSIL

30% afsláttur

AF SEELAND FATNAÐI



SEELAND

REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opíð mánud.-föstud. 10-18, laugard. 10-16

AKUREYRI
Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630
Opíð mánud.-föstud. 8-18, laugard. 10-16

 **Ellingsen**

- fullt hús ævintýra

VIRGINIA WOOLF FÆDDIST PENNAN DAG.

„Til að njóta frelsisins verðum við að hafa sjálfsstjórn.“

Skáldkonan Virginia Woolf (1882 – 1941) var breskur gagnrýnandi, feministi, rit höfundur og brautryðjandi nýrra aðferða við skáldsagnaritun með notkun hugflæðis og innra eintals. Þekktasta bók hennar er skáldsagan *To the Lighthouse* frá árinu 1927.



tímamót

tíamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 25. JANÚAR 1990

Bókmenntaverðlaun veitt í fyrsta sinn

Íslensku bókmenntaverðlaunin voru veitt í fyrsta skipti á þessum degi árið 1990. Verðlaunin voru sett á stofn af Félagi íslenskra bókaútgefenda í tilefni af hundrað ára afmæli félagsins árið 1989.

Keppnin fer þannig fram að fimm bækur í flokki fagurbókmennta og fimm í flokki fræðiritna eru tilnefndar til verðlaunanna í byrjun desember ár hvert. Dómnefnd skipuð af félaginu velur svo sigurvergarann úr hvorum flokki. Verðlaunin eru veitt í janúar.

Stefán Hörður Grímsson (1919-2002) hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrsta árið sem þau voru veitt. Hann hafði áður vakið athygli með ljóðabókinni Svartálfadans frá árinu 1951 og verið tilnefndur til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 1989. Fyrir ljóðabókina Yfir heiðan morgun hlaut hann svo Íslensku bókmenntaverðlaunin. Síðast hlutu verðlaunin Einar Kára-son fyrir Ofsa og Þorvaldur Kristinnsson fyrir bókina um Lárus Pálsson leikara.

Heimild: www.wikipedia.org



MERKISATBURÐIR

- 1949 Fyrstu ísraelsku kosningararnar. David Ben-Gurion verður forsætisráðherra Ísraels.
- 1971 Idi Amin steypir Milton Obote af stóli og verður forseti Úganda.
- 1974 Geirfinnsmálið: Guðmundur Einarsson hverfur sporlaust.
- 1980 Kvikmynd Ágústs Guðmundssonar, Land og synir, frumsýnd í Reykjavík og á Dalvík. Myndin er gerð eftir sögu Indriða G. Þorsteinssonar.
- 1990 Skógrækt ríkisins flutt til Egilsstaða, fyrsta ríkisstofnunin, sem er flutt út á land.
- 2004 Opportunity (MER-B) lendir á Mars.

FUGL VIKUNNAR: GRÁPRÖSTUR

Frekjudallur í garðinum

Grápröstur er vetrargestur hér og sækir hann í garða þar sem fuglum er gefið. Gráprestir eru sérstaklega sólgirnir í epli og perur og er ekki óalgengt að stakir þrestir leggi undir sig heilu garðana og matinn þar og verji fóðrið af mikilli hörku. Þá hrekja þessir frekjudallar aðra þresti í burtu hvort sem það eru tegundarsystkini, skógarþrestir eða svartþrestir. Þeir skipta sér þó lítið af smærri fuglum og hafa ekkert í starana sem ferðast um í hópum. Grápröstur er líkur skógarþresti en töluvert stærri og með lengra stél. Hann er grár á höfði og gumpi, rauðbrúnn á baki og vængjum og gulleitur með dökkum dröfnum á bringu og síðum en ljós á kviði. Stélið er langt og svart. Hann er algengur haust- og vetrargestur um land allt en mikil áráskipti eru af komum hans. Gráprestir hafa orpið nokkrum sinnum á síðustu áratugum víða um land. Hann er skógarfugl og lifir í barrskógabeltinu í Evrópu og Asíu. www.fuglavernd.is



GRÁPRÖSTUR Stakur grápröstur leggur stundum undir sig helgin garð og matinn þar. MYND/SIGURÐUR JEGISSON

Umræðufundur um trúarbrögð

Fundarnefnd Félags guðfræði- og trúarbragðafræðinema við Háskóla Íslands boðar til umræðufundar um trúarbrögð, fjölkynngi og fleira því tengt í stofu 229 í aðalbyggingu skólans í dag klukkan 11.40. Gestur félagsins að þessu sinni er Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargóði.

Umræðuefnið verður meðal annars trú og galdrar. Ætlunin er að stikla á stóru um kabbala, dulspeki, heimsmýnd Aleister Crowley, fjölgyðistrú/heiðinn sið og tengslin við frumkraftana. Gestum er velkomið að



ALLSHERJARGÓÐI Hilmar Örn Hilmarsson er gestur Félags guðfræði- og trúarbragðafræðinema í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

bera fram spurningar og athugasemdir. Allir eru hjartanlega velkomnir.



NÝR ÞJÓÐGARÐSVÖRÐUR Ólafur Örn Haraldsson segir menntun sína og áhuga á umhverfismálum koma að góðu gagni í nýju starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON: NÝR ÞJÓÐGARÐSVÖRÐUR Á ÞINGVÖLLUM

Hefur gengið á heimsenda

Nýi þjóðgarðsvörðurinn okkar á Þingvöllum hefur margar háskólagráður. Ólafur Örn Haraldsson er með BA-gráðu í sagnfræði, BSc-gráðu í landafræði og jarðfræði, hvortveggja frá Háskóla Íslands, og meistaraþáttu í skipulagsfræðum frá Sussex-háskóla á Englandi. Spurður hvort þessi góða menntun falli ekki vel að starfi þjóðgarðsvarðar samþykkir Ólafur Örn það.

„Það er ekki síður lífsreynslan öll,“ segir hann. „En það vill svo skemmtilega til að ég hef frá blautu barnsbeini haft áhuga á Þingvöllum. Ég er alinn upp á heimili þar sem náðin við söguna og náttúruna var mikil. Faðir

minn var kennari í sögu og íslensku og foreldrar mínir voru báðir miklir náttúruunnendur. Við bjuggum á Laugarvatni og komum oft til Þingvalla.“

Ólafur segir reynslu og menntun ekki síður mikilvæga við stjórnun og rekstur þjóðgarðsins en á Þingvöllum er fjöldi manns að störfum. „Þjóðgarðurinn fær um 80 milljónir á ári úr ríkissjóði og síðan hefur hann einhverjar sértekjur.“

Tímamótin hjá Ólafi hafa verið mörg á lífsleiðinni. Hann sinnti alþingismennsku í átta ár og þar voru umhverfismálin vitaskuld í brennidepli. „Já, ég hef alltaf reynt að veita þeim brautargengi,“ segir þjóðgarðsvörðurinn.

Hann gekk á sínum tíma á Suðurlandinn ásamt Haraldi syni sínum og Ingþóri Bjarnasyni. „Já, ég fór og ég komst heim aftur sem er nú ef til vill mikilvægast,“ segir Ólafur Örn. Hann er 62 ára að aldri og gengur einu sinni í viku á Esjuna og einu sinni á ári á Hvannadalshnúk. „Ég geng mikið en get því miður lítið gert í að festa fegurð náttúrunnar í efnislegt verk eins og málverk. Ég er lélegur málari,“ segir hann og hlær. „En ég sækir mér samt orku í hana og skrifa um hana. Ég er að skrifa næstu Árbók Ferðafélags Íslands: Friðlandið að Fjallabaki en það er nágrenni Landmannalaga.“

-uhj

Frístundabíll fyrir börn og unglunga

Lúdvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, Ólafur Teitur Guðnason frá Alcan, Elías Bjarni Guðmundsson frá N1, Gísli Friðjónsson frá Hópbílum og Gísli Sigurbjörgsson frá Fjarðarkaupum hafa undirritað samkomulag um rekstur Frístundabílsins svonefnda.

Frístundabíllinn er tilraunaverkefni sem miðar að því að veita börnum og unglungum á aldrinum sex til tugtuga ára akstursþjónustu frá klukkan 15.40 til 21.20 virka daga. Gengið er út frá því að stór hluti íþrótt- og tómstundastarfs fari fram innan þessa tímaramma. Þannig

er verið að aðstoða foreldra sem myndu að öðrum kosti skutla börnum sínum milli staða.

Verkefnið hefst formlega í dag þegar fjórir bíla frá Hópbílum munu þjónusta öll helstu hverfi Hafnarfjarðar á 20 mínútna fresti á ofangreindum tíma, samkvæmt leiðakerfi sem er á www.frístundabillinn.is. Skiptistöð verður við Íþróttahúsið við Strandgötu. Ókeypiss er í bílana í janúar, en eftir það er verð fyrir umrædda þjónustu 6.000 krónur í fjóra mánuði.

Nánari upplýsingar á www.frístundabillinn.is.



ÞJÓNUSTA Frístundabíllinn veitir börnum og unglungum akstursþjónustu á tilteknum tíma. NORDICPHOTOS/GETTY

Hvar var Lögberg?

Baldur Böðvarsson, fyrrverandi stöðvarstjóri, leitast við að svara spurningunni Hvar var Lögberg? í Bókasafni Seltjarnarness í dag klukkan 17.30.

Baldur hefur velt efniinu fyrir sér og tjáð sig í riti um sínar skoðanir en nú gefst kostur á að hlusta á rök Baldurs og ræða málin við hann. Dagskráin er hluti af þeim þætti starfsemi bókasafnsins sem kallast Okkar fól, en þar koma fram einstaklingar sem tengjast Seltjarnarnesi á einhvern hátt, meðal annars með búsetu eða sem fastagestir á safninu.



BÓKASAFN SELTJARNARNESS Safnið er á Eiðistorgi.

FREDERIK ROIJÉ er hollenskur hönnuður sem nýlega kynnti nýjar skálar á hönnunarsýningu í Köln. Skálarar eru allar mótaðar eftir kortum af hinum ýmsu borgum í heiminum.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Pórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadrefing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límðar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.



Anna Þorbjörg með keramikið frá ömmu sem indælar minningar eru tengdar við.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚTSALA

15-70%
Afsláttur

Gardínur
fataefni
gjafavara



Reykjavík: Mörkín 4 | sími: 533 3500 | Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-16
Akureyri: Hofsbót 4 | sími: 462 3504 | Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-14

Rómantíkin rifjast upp

Tvær litlar keramikkönnur minna Önnu Þorbjörgu Kristjánsdóttur, safnstjóra Læknaminjasafns Íslands, á ævintýraferð til Ítalíu með eiginmanninum og líka á ömmuna sem bjargaði henni fyrir horn.

„Þessar litlu könnur undir olíu og edik eru í raun tengdar tvennum minningum,“ byrjar Anna Þorbjörg frásögn sína um leið og hún hefur á loft skrautleg ílát í keramikkörfu. „Þegar við maðurinn minn, Þórarinn Guðnason, vorum ungir námsmenn í Gautaborg í Svíþjóð ákváðum við að senda börnin heim til Íslands og skreppa sjálf í vikuferð til Suður-Ítalíu. Við fórum með danski ferðaskrifstofu, flugum frá Kaupmannahöfn og vorum svo fátæk að við sváfum í bílnum á Kastrup. Þar með var tónninn sleginn og þetta varð voða rómantísk ferð í eitt og allt. Við skoðuðum Pompei, Vesúvíus, hellana á Capri og margt fleira eftirminni-

legt. Í litlu þorpunum á ströndinni var allt fullt af keramiki og mér fannst litirnir í því minna mig svo á ömmu en við höfðum eytt öllum peningnum í flugið og keyptum ekkert.“
Þegar Anna Þorbjörg kom heim til Íslands og hitti þar ömmu sína, Önnu Þorbjörgu Kristjánsdóttur, sagði hún henni frá ferðinni. „Þá kom í ljós að hún hafði verið á sömu slóðum með afa að minnsta kosti þrjátíu árum fyrr. Hún var mjög hneyksluð á því að ég hefði ekki keypt neitt keramik, fannst það merki um helst til mikla fátækt að láta það ekki eftir sér. Þegar ég hitti hana viku seinna gaf hún mér þessar litlu könnur sem hún hafði

keypt þar. Sagði að það væri okkar sameiginlega minning um þennan stað. Eg hef þær alltaf inni í stofu hjá mér þó mér finnst þær ekkert gífurlega fallegar. Þær minna mig annars vegar á þessa ferð með mannum mínum og hin mörgu litlu ævintýri sem við lentum í og hins vegar á ömmu mína.“
Í lokin kveðst Anna Þorbjörg vera eiginlega komin öfugu megin við borðið í þessu viðtali. „Ég er sjálf í söfnun á munum og er alltaf að kreista fram sögurnar með, annars hafa hlutirnir svo litla þýðingu, jafnvel fyrir söfnin. Það eru þær sem skipta máli. Svo þetta kom vel á vandan.“

gun@frettabladid.is

ALLT
TÍSKA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Pórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

ÚTSALA

20-50% afsláttur
af völdum vörum



10.000 kr. vöruúttekt
fylgir hverju heilsurúmi



Fyrst og fremst í heilsudýnum

3 mán.
vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virkadaga frá 10.00-18.00 lau 12.00-16.00

www.svefn.is

HEIMILI



LOK Á KRUKKUM geta verið erfið viðfangs. Eitt gott húsráð til að opna krukku þar sem lokið virðist sem límt á er að taka gúmmiteygju, setja hana utanum lokið og skrífa. Teygjan veitir viðnám svo hendurnar renna ekki á lokinu.

FRAMTAK BLOSSI ehf



Miðstöðvar

Vesturhrauni 1-210 Garðabæ Sími 535 5850-www.framtak.is



Sniðugt er að mála doppur á vegg, til að mynda fyrir ofan rúm og eflaust kæmi þessi gjörningur mjög vel út í eldhúsi líka.

NORDICPHOTOS/GETTY

Nina Jobs er sænskur iðnhönnuður sem á hugmyndina að þessari snilldar karöflu þar sem tappinn er geymdur undir karöflunni. Design House Stockholm er framleiðandinn.

Ertu með eitthvað gott á þrjónunum?

Sjálfbóðaliðar í Kópavogsdeild Rauða krossins þrjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast Föt sem framlag, mun hittast næst og þrjóna í sjálfbóðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, miðvikudaginn 27. janúar kl. 15-18.

Á staðnum verða þrjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið þrjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafið samband. Kaffi á könnunni og með því.

Allar nánari upplýsingar í síma 554 6626.



Sjálfbóðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl.10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

Doppur og dílar í hávegum

Ekki fer á milli mála að hönnuðir eru þessa dagana undir miklum áhrifum hins fallega forms sem hringurinn er. Um leið eru hringirnir oft í fallegum og glaðlegum litum, gulir, bláir og grænir.

Doppur eru alltaf jafnvinnalegt og heillandi form. Fallegir deplar sjást nú víða í heimilismunum, textíl og hvers konar hönnun. Þar er þó ekki verið að finna upp hjólið því doppur voru til dæmis mjög áberandi í hönnun Vernars Pantón og fleiri hönnuða upp úr miðri síðustu öld.

-jma




Falleg og exótisk flaska fyrir hvers kyns vökva, sápu, uppþvottalög eða annað. Habitat, Holtagörðum. Verð: 2.640 kr.

Í hinni nýju PS-línu IKEA er að finna þessa fallegu vefnaðarvöru úr hör sem hönnuð er af Kazuyo Nomura. Nomura hlaut fyrir þremur árum virtustu textilverðlaun Norðurlanda: „The Nordic award in textiles“. IKEA, Kaupþúni. Verð: 3.590 kr.



Hang it All-snagar eftir Eames-hjónin eru alltaf jafn fallegir og sniðugir til þess að hengja svuntur og viskustykki á. Penninn, Hallarmúla 4. Verð: 45.026 kr.

Dásamlega doppóttir pottaleppar. Habitat, Holtagörðum, Verð: 2.640 kr.



Snagar Anne eru af öllum stærðum og gerðum og litum.



Danski hönnuðurinn Anne Heinsuig gerir þessa skemmtilegu snaga sem vakið hafa mikla athygli undanfarið. Enn sem komið er fást vörur Anne ekki á Íslandi en áhugasömum er bent á síðuna www.helgo.dk



Bollí með gulum glaðlegum doppum. Habitat, Holtagörðum. Verð: 880 kr.

JEPPARAFAFGYMAR



Nýjir og öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræskraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfrír
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla



SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMU

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Rafstilling ehf

	Startarar Alternatorar
Viðgerðarþjónusta Varahlutir	
	Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur white og warm white	
Dugguvogi 23	rafstilling@rafstilling.is 581-4891

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

híbýli og viðhald

MÁNUDAGUR 25. JANÚAR 2010



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚTSALA

Verslunin flytur

Baðheimar sameinast Álfaborg 1. febrúar

25 - 75 % afsl.

af öllum vörum

BADHEIMAR

Skútuvogi 4 - sími: 525 0800



Litir lífga upp á tilveruna, líkt og þetta bláa Fargo-loftljós frá Ilvu sem kosta 10.195 krónur.

Rautt Hotta-hengiljós sem er á útsölu í Ikea og kostar 5.990 krónur.

Við hvítar innréttingar er flott að vera með svart ljós á borð við þetta Puff-ljós frá Ilvu sem kostar 15.195 krónur.

Til upplýsingar

Fallegar ljósakrónur setja punktinn yfir I-ið í vel hönnuðu eldhúsi. Ef eldhúsinnréttingin er orðin gömul og lúin getur slík ljósakróna einnig lífgað upp á umhverfið. Hér eru nokkrar fallegar ljósakrónur sem myndu sóma sér vel í hvaða eldhúsi sem er.



Fillsta-hengiljós-ið frá Ikea er til í nokkrum stærðum og kostar frá 3.590 upp í 8.990 krónur.

Þetta hvíta Sevilla-ljós frá Ilvu setur stíl á eldhúsið. Kostar 9.950 krónur.

Maskros-hengiljós-ið frá IKEA gefur mjúka stemningslýsingu og kostar 14.990 krónur.



„Helst viljum við að fólki hugsi út fyrir rammann. Enda er það nú einu sinni sérsvið listamanna að sjá hlutinu í nýju ljósi,“ segir Soffía um skilyrði fyrir þátttöku í hönnunarsamkeppni sem byggð er á verkum Ásmundar Sveinssonar.

Hugsað út fyrir rammann

Listasafn Reykjavíkur, Hönnunarmiðstöð Íslands og verslunin Kraum efna til hönnunarsamkeppni sem byggir á verkum listamannsins Ásmundar Sveinssonar.

„Í stuttu máli sagt gengur þessi keppni út á að búa til nytjahluti út frá þeim hugmyndum og verkum sem Ásmundur hefur unnið,“ útskýrir Soffía Karlsdóttir, kynningar- og markaðs stjóri Listasafns Reykjavíkur, sem í samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands og verslunina Kraum stendur fyrir hönnunarsamkeppni þar sem sjónum er beint að Ásmundi Sveinssyni listamanni.


Þetta er í annað sinn sem ofangreindir aðilar standa fyrir hönnunarsamkeppni sem er byggð á verkum íslensks listamanns. Í fyrra voru verk Errós höfð til hliðsjónar. Þátttakendur fengu það verkefni að hanna grip undir áhrifum frá honum ásamt því að hanna umbúðir utan um gripinn og útlista framleiðsluferlið. Þá þurftu þeir að gera grein fyrir heildsölu- og smásöluverði vörunnar. Sami háttur verður hafður á í ár.

Óskum eftir að ráða rafvirkja á höfuðborgarsvæðið. Sendið uppl. á krakf@internet.is

TILKYNNINGAR

Einkamál

Símadómur 908 1616
Er ykkur kalt? Við verðum við. Hringdu í uppáhalds dómuna þína. Við biðum eftir þér!
Ópið þegar þér hentar 908 1616.

Til sölu

Meira afl, minni eyðsla!




K&N FILTERS
FYRIR DÍSL & BENSÍN VÉLAR

Benni
Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000 - benni@benni.is - www.benni.is

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



VALHÖLL

FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

Litlikriki 60-66 – Mosfellsbæ.



Glæsileg raðhús á einni hæð á frábæru verði. Opíð hús í dag mánudag frá kl. 16-18
 Vorum að fá í sölu afar skemtilega hönnuð raðhús á einni hæð 207 fm (endi) 197 fm (miðja). Húsin seljast í núverandi ástandi sem er fullbúið að utan með marmarasalla og fullleinangruð að innan (loft og veggir). Gólfhiti kominn í 3 hús, útveggir að innan tilbúnir til málnar í 2 húsum en tilb. Til spórtunar í tveimur. Auk þess eru húsin komin mislangt á veg þessu til víðbótar. 4 svefnherbergi á teikningu og mjög skemmtilegt skipulag. Frábær staðsetning í botnlangagötu. Jaðarlóð með fallegum trjágróðri bakatil við húsin og ósnortinni náttúru. Örstutt í miðbæ Mosfellsbæjar. Sjón er sögu ríkari. Frábær verð: 26,1 og 26,9 millj. (miðja) 29,3 og 30,9 millj. (endi). Hér gildir eiginlega fyrstur kemur fyrstur fær. Sölu menn Valhallar sýna eignina í dag laugardag kl. 13-14 og á morgun Sunnudag kl. 13-14. **Nánari upplýsingar gefa Bárður 896-5221, Jón Rafn 695-5520, Sigþór 899-9787 og Ingólfur 896-5222.**

Vorum einnig að fá til sölu lóð/steypta plötu með öllum teikningum í Litlikrika á góðu verði 11 millj.

Ingólfur Gissurason lgf.
 Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

SÓMI

ÁVAXTABAKKI

Fyrir 10 manns



Aðeins
1.900kr.

VEISLUBAKKAR FERSKT & ÞÆGILEGT



30 bitar

TORTILLA OSTABAKKI

TORTILLA VEISLUBAKKI

30 bitar

EDALBAKKI



20 bitar

GAMLI GÓÐI



20 bitar

LÚXUSBAKKI



Fyrir 10 manns

ÁVAXTABAKKI



20 bitar

DESERTBAKKI

50 bitar

Pantaðu í síma
565 6000
 eða á www.somi.is
 Frí heimsending*

Hver samlokubakki er hæfilegur fyrir fjóra eða fimm.
 *Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

Greiðslunenna

BAKÞANKAR Davíðs Þórs Jónssonar



Skömmu áður en góðærið svokallaða Snáði hæstu hæðum áskotnaðist mér dálítill fjárhæð þannig að ég sá mér fært að kaupa mér nýjan bíl eða öllu heldur ekki eins gamlan og þann síðasta sem ég hafði átt. Þetta var ekki há fjárhæð, kannski ein mánaðarlaun mín á þessum tíma. Það sem var nýtt var að ég var aflögufær um hana alla í einu til annars en brýnustu nauðsynja.

AFTUR á móti gekk erfiðlega að koma bílasölum í skilning um að þetta væri peningurinn sem ég ætlaði að eyða í bíl. Allir byrjuðu þeir á að spyrja mig um greiðslugetu og ekki laust við að þeir móðguðust eilífið þegar ég sagði þeim að hún kæmi þeim ekkert við, en getan væri þó talsvert meiri en áhuginn. Flestir spurðu þeir mig um eftirstöðvarnar og hvernig ég hygðist dreifa þeim. Þeim gekk á móti erfiðlega að skilja að ég kærði mig ekki um neinar eftirstöðvar. Maður sem gat slett fram meðalmánaðarlaunum sínum sem útborgun í bíl gat nefnilega ekið burt á bíl sem kostaði ein til tvö árslau hans. Það, að ég hefði ekki áhuga á að kaupa eins dýran bíl og ég gat mögulega komist upp með, heldur eins góðan og

ég gat fengið skuldlausan í skiptum fyrir þessa örfáu hundraðþúsundkalla sem ég átti í handraðanum þá stundina, virtist það vera við glæp gegn hagkerfinu.

TÍMI er peningar. Við öflum tekna með því hvernig við verjum tíma okkar. Í hvert sinn sem við eyðum þúsundkalli erum við því í raun ekki að eyða þúsundkallinum heldur þeim hluta ævi okkar sem við vörðum í að afla hans. Þegar tími er peningar segir það sig nefnilega sjálft að peningar eru tími. Þegar við veltum því fyrir okkur hvort eitthvað sé peninganna virði væri því skynsamlegra að velta því fyrir sér hvort það sé dagsins, vikunnar, mánaðarins eða jafnvel árána virði. Hver stórs hluta ævinnar er það virði að aka um á einum bíl frekar en öðrum?

MÉR er í mikilli nöp við orðið greiðslugeta og hve sjálfsagt og einboðið það þykir að miða allt við hana. Þannig er okkur nefnilega talin trú um að ekkert sé eðlilegra en að greiða eins mikið og maður getur. Ég legg því til – í ljósi þess að peningar eru tími – að í staðinn tókum við upp hugtakið „greiðslunenna“. Sjálfur nenni ég ekki að verja mikið meira en einum mánuði ævi minnar í að vera frekar á þokkalegum bíl en engum. Sá bíll hefur reyndar ekki enn verið framleiddur sem er virði mikið stærra hluta lífs míns.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





SPIDER-MAN-HÓPUR James Franco ásamt Kirsten Dunst og Tobey Maguire.

Spider-Man lifir

James Franco, sem lék í þrileiknum um kóngulóarmanninn, er sannfærður um að myndirnar haldi áfram að vera vinsælar þrátt fyrir fjarveru aðalleikarans Tobey Maguire.

Framleiðendurnir hafa lýst því yfir að fjórða myndin gerist á menntaskólaárum Péturs Parkers. „Ég hef engar áhyggjur.

Þetta gekk upp í Batman-myndunum og það eru líka mismunandi höfundar og teiknarar sem koma að myndasögnum sjálfum,“ sagði Franco. Hann hefur samt áhyggjur af áætlunum um að frumsýna fjórðu myndina strax eftir tvö ár. „Ég held að áhorfendur þurfi smá svigrúm til að átta sig á breytingunum.“

Ástfangin af Depp

Söngkonan Vanessa Paradis, sambýlskona Johnny Depp, ræddi um samband þeirra í nýlegu viðtali við breska tímaritið Sunday Times. Hjónin búa stærsta hluta ársins í París og eiga saman tvö börn og segir Paradis að það ríki mikil virðing á milli þeirra.

„Við skiljum að ef við viljum að sambandið gangi þá verðum við að gefa hvort öðru smá næði. Maður borðar ekki sama matinn daglega, maður les ekki sömu bókina eða hlustar á sömu tónlistina aftur og aftur. Maður verður að uppgötva sumt einn með sjálfum sér,“ sagði söngkonan. Þegar hún var spurð hvað henni þætti að áðurverðast

í fari maka síns var hún óspar á hólið. „Ég gæti talað um það í allan dag. Ég hef gaman af því að fylgjast með honum þegar hann situr og hugsar, þegar hann er að ræða við annað fólk, mér finnst gaman að sjá hvernig hann bregst við ýmsum aðstæðum. Ég ber mikla virðingu fyrir honum sem leikara, föður og manneskju. Mest dái ég þó manninn sem hann er. Hann er einstakur,“ sagði Paradis um mann sinn.

DAÍR DEPP Vanessa Paradis, sambýlskona Johnny Depp, segist bera mikla virðingu fyrir maka sínum.




Móðir Madonna

Nýjustu fregnir herma að Madonna og kærasti hennar, brasilíska fyrirsætta Jesus, vilji eignast barn saman. Að sögn vina þráir Jesus, sem er aðeins 25 ára gamall, að eignast sitt eigið barn og er Madonna tilbúin til að eignast sitt fjórða barn með honum. „Madonna hefur sagt að móðurhlutverkið sé það sem gefi lífinu tilgang. Hún veit að það verður erfitt fyrir hana að verða barnshafandi af náttúrunnar hendi en hún er við fullkomna heilsu og er tilbúin til að verða móðir aftur,“ var haft eftir innanbúðarmanni.



MÓÐIR Á NÝ Madonna og Jesus vilja eignast barn saman.

Opið hús í dag milli kl. 18:00-18:30 Hraunbær 34, 3.h.h. 110 Reykjavík



Eignatorg Sími 510 3500

Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl. Björgvín Guðjónsson löggiltur fasteignasali

Eignatorg kynnir: 110 Reykjavík

Mikið endurnýjuð og vel skipulögð snyrtileg 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í Hraunbænum. Geymsla og þvottahús í sameign. Stutt í alla þjónustu, stutt í Elliðaadalinn. Barnvænt hverfi.

Opið hús í dag milli kl. 18:00-18:30 Hraunbær 34, 3.h.h. 110 Reykjavík



Sóleyjargata 17 | 101 Reykjavík | Fax 510 3501 | www.eignatorg.is

HÍBYLI FASTEIGNASALA

Ingibjörg Þórdardóttir, löggiltur fasteignasali.



SJAFNARGATA - HEIL HÚSEIGN

Höfum í sölu þetta reisulega 384 steinhúsi í Þingholtunum ásamt bílskúr. Húsið er tvær hæðir og kjallari auk herb. í risi. Á hæðinni eru stórar stofur og eldhús, á efri hæð eru 4 herbergi og baðherb. Í kjallara eru 2-3 herb. geymslur o.fl. Mikilir möguleikar. Húsið stendur á stórrí hornlóð við Mímisveginn. Verð 89 millj.



HOFVALLAGATA - SÉR/HÆÐ + BÍLSK

Vorum að fá í sölu glæsilega 148 fm neðri sérhæð í fjórþýlishúsi. Íb. 125,5, bílsk. 22,7 fm. Sam. stofur, 4 svefnherb. Falllegt eldhús, baðherbergi nýl. endurnýjað. Eldhús, hvít sprautulökkkuð innr. Parket og flisar á gólfum. Frábær staðsetning. Tvennar svalir. Hús er nýlega málað, vatns- og skolplagnir endurn. Skipti á minni eign möguleg. Verð 47,5 millj.



EFSTALEITI 12 - ELDRÍ BORGARAR

Íbúðin er 127,5 fm auk bílastæðis í kjallara. Stórar stofur með suðurvestursvölum, tvö svefnherbergi, eldhús, baðherb. o.fl. Glæsilegt útsýni. Myndyrasími, húsvörður. Öryggisvarsla. LAUS STRAX. VERÐ 43 MILLJ.



NÝLENDUGATA-EINBYLI

Mjög falllegt og mikið endurnýjað 175 fm einbýli á tveimur hæðum + ris. Á neðri hæð eru 3 svefnherb. baðherb. og þvottahús. Miðhæð skiptist í stórar stofu með suðursvölum útaf. Eldhús með nýlegri innr. og gestasnyrtningu. Í risi eru tvö góð herbergi. Falllegur gróinn garður. Geymslusk. á lóð svo og súdag. í risi. Góð eign á grónum stað í göngufærri við miðbæinn. Hagstæð langrímálán geta fylgt. Verð 49,9 millj.

REYKJAFOLD - EINBYLI

Glæsilegt og vandað 243 fm einbýlishús með innb. bílskúr á eftirsóttum stað í Foldahverfi. Húsið skiptist í falllegar stofu með arni, 4 svefnherbergi, tvö baðherb. Vandað eldhús, þvottahús. Flisar og parket á gólfum. Húsið er teiknað af Albinu Thordarson. EIGNASKIPTI MÖGULEG Á MINNI EIGN. VERÐ 53,5 MILLJ.



PINGHÓLSBRAUT - EINBYLI

Mjög falllegt og mikið endurnýjað 209 fm einbýlishús á þóllum ásamt sérstæðum bílskúr á eftirsóttum stað í Vesturbæ Kópavogs. Húsið skiptist í stórar samliggjandi stofur, sólstofu. Vandað eldhús með nýlegri innréttingu. Fjögur svefnherbergi. Baðherbergi er endurnýjað. Parket og flisar á gólf. Glæsilegt útsýni. Verð 58 millj.

FLÓKAGATA - SÉR/HÆÐ

Falleg mikið endurnýjuð efri hæð og ris í þrjúþýlishúsi. Stofa og borðstofa með suðursvölum. Svefnálma með hjónaherbergi, barnaherbergi. Eikarparket. Endurnýjað baðherbergi. Eldhús með borðkrók. Í risi er sjónarþol, stórt svefnherbergi, geymsla og endurnýjað baðherbergi. Verð: 53 millj.



TUNGUSEL - 4RA HERB. ÍBÚÐ

Vorum að fá í sölu fallega 114 fm 4ra herb. íbúð á 2. hæð í fjölhúsi. Stór stofa með suðursvölum, 3 svefnherbergi, rúmgott eldhús með borðkrók. Flisalagt baðherbergi. Parket og flisar á gólfum. ÍBÚÐIN FÆST Í SKIPTUM FYRIR 2JA HERB. ÍBÚÐ Í BREIÐHOLTI. VERÐ 22,8 MILLJ.



HÆÐARGARÐUR - ELDRÍ BORGARAR

Vorum að fá í sölu 3ja herb. 85 fm endaíbúð (vestur) ásamt 24 fm staði í bílskúli í eftirsóttu lyftuhúsi fyrir eldri borgara. Íbúðin skiptist í góða stofu með yfirbyggðum suðursvölum, tvö svefnherb. lítið eldhús, baðherb. og geymslu. Parket. Stórkostlegt útsýni. Þjónusta í húsinu. Íbúðin er laus við kaupsm. Verð 31,5 millj.



HÁLEITISBRAUT - 4RA HERB.

Höfum í sölu 105 fm íbúð á 3. hæð í gólu fjölþýlishúsi. Úbúðin skiptist í stóra stofu með vestursvölum, gott eldhús með glugga og borðkrók. Í svefnálma eru þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Blökkinn er nýviðgerð. Íbúðin er laus strax. Verð 24,5 millj.



KLEPPSVEGUR - ELDRÍ BORGARAR

Falleg og björt 4ra herb. 102 fm. íb. á 6. hæð, í eftirsóttu í lyftuhúsi fyrir aldraða. Saml. stofa og borðstofa, yfirbygg. suðursvalir út af stofu, tvö svefnherbergi, eldhús með borðkrók, parket á gólfum. Baðherbergi, flisalagt, tengt f. þvottavél. Sérgeymsla í íbúð auk geymslu í sameign. Glæsilegt útsýni yfir Sundin. Íbúðin er laus.



VESTURGATA - ELDRÍ BORGARAR

Góð 2ja herb. íbúð fyrir eldri borgara, 67 ára og eldri. Svefnherbergi, flisalagt baðherb. tengt fyrir þvottavél. Samliggjandi stofa og eldhúskrókur. Mikil og góð þjónusta er í húsinu, svo sem heilsugæsla, hárgreislustofa, fundarsalir, bókasafn o.fl. Íbúðin er laus.



AUSTURBRÚN - SÉR/HÆÐ + BÍLSK

Vel skipulögð 112 fm. íbúð á fyrstu hæð í þrjúþýlishúsi ásamt 40,5 fm. bílskúr. Tvö svefnherbergi, samliggjandi stofur, rúmgott eldhús, flisalagt baðherbergi. Sérinnangangur. Verð: 27,9 millj.



FUNAFOLD SÉR/HÆÐ MEÐ BÍLSKÚR

Vorum að fá í sölu mjög fallega og vandaða 120 fm neðri sérhæð í tvíþýlishúsi. Rúmgóð stofa með afgritri suðurverönd. Vandað eldhús, 3 svefnherbergi. Baðherbergi flisalagt í hólf og gólf. Þvottahús í íbúð. Parket og flisar á gólfum. 26,5 fm bílskúr. Gott aðgengi. Húsið er í góðu standi að utan. Verð 35 millj.




GRANDAVEGUR M BÍLSKÚR

Mjög fallleg 100 fm 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð í litlu fjölþýlishúsi auk 22 fm bílskúrs. Góð stofa með suðursvölum, stórt sjónvarpshol, 3 svefnherbergi. Rúmg. eldhús með borðkrók. Parket á íbúð. Vandað baðherbergi. Þvottahús í íbúð. Parket á gólfum. VERÐ 29,4 MILLJ.



HOFVALLAGATA - 4RA HERB.

Glæsilegt og nýinnréttu 99 fm íbúð með sérinnangi í falllegu fjórþýlishúsi. 3 svefnherbergi og góð stofa. Sprautulökkkuð eldhúsinnrétting, baðherb. flisalagt í hólf og gólf. Eikarparket. Verð: 28,9 millj.



BRÆDRABORGARSTÍGUR - LÚXUSÍBÚÐ

Glæsilegt og nýinnréttu 107,4 fm íbúð á 4. hæð í reisulegu steinhúsi. Stórar stofur, opið sjónvarpsherb. Vandað eldhús og baðherb. eikarparket. Stórar svalir. Falllegt útsýni. Lyftuhús. Gagnger endurnýjuð hefur farið frá á íbúð og fasteign. Verð 37 millj.



FURUGRUNN - 3JA HERB.

Góð 3ja herb. íb. á 1. hæð, með aukaherbergi í kjallara. Góð stofa með suðursvölum, 2 svefnherbergi. eldhús og baðherb. Gott íbúðarherb, í kjallara fylgir. Stutt í skóla og þjónustu og falllegar gönguleiðir í Fossvogsdalnum. Verð: 16, 9 millj.



RÁNARGATA - 3JA HERB. RISÍBÚÐ

Vorm að fá í sölu 3ja herb. risíbúð með sér inng. í falllegu timburhúsi á þessum eftirsóttum stað í gamla Vesturbænum. Stofa, tvö svefnherb. eldhús og bað. Pakret. Geymslur yfir íbúð auk geymslu og sam. þvottah. í kjallara. Gróinn garður. Verð 16,7 millj.



SÓLHEIMAR 3JA HERB. Á 10. HÆÐ

Vorum að fá í sölu 85 fm íbúð á 10 hæð í eftirsóttu lyftuhúsi. Stór stofa með suðursvölum, eldhús með glugga, 2 svefnherbergi. Baðherb með sturtu og glugga. Geymsla í hæð og í kj. Sameiginlegt vélavottahús á 11. hæð. Laus fljótlega. Verð 21 millj.



BIRKIMELUR 3JA HERB. + RISHERB

Vorum að fá í sölu mjög skemmtilega 99 fm endaíbúð (vestur) í þessu fallega fjölþýlishúsi. Íbúðin skiptist í saml. skiptanlegar stofur, með suðursvölum, rúmgott svefnherb. eldhús og baðherb. Aukaherb. í risi fylgir. Blökkinn er öll nýviðgerð og steinuð. Sameign nýteppalögð og máluð. Örstutt í HÍ, leik- og grunnskóla. Göngufæri við miðborgina. Verð 24,8 millj.



LAUGARNESVEGUR - 2JA HERB.

Glæsilegt og algerlega endurnýjuð 2ja herb. íbúð á 1. hæð í fjölþýlishúsi. Stór stofa og eldhús með hvítri háglansinnréttingu. Baðherbergi flisalagt í hólf og gólf. Svefnherb. með góðum fataskáp. Suðaustusvalir. LAUS STRAX



HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2010

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum

1) Hvunnagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2) Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3) Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4) Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5) Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun eða með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is. Einnig má senda bréf í pósti merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.

Frestur til að senda tilnefningar er til loka fimmtudagsins 28. janúar.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

> Allir leikirnir eru klukkan 15.00

Allir leikir Íslands í milliriðlakeppninni í Vínarborg verða klukkan 15 að íslenskum tíma. Ísland mætir strax í fyrsta leik í dag liði Króatíu sem var sigurvegari í A-riðli og eina liðið í allri keppninni sem vann alla þrjá leiki sína í riðlakeppninni. Á morgun mæta strákarnir okkar liði Rússa og að síðustu Norðmönnum á fimmtudaginn. Leikið er í Stadthalle í Vín en hún tekur ellefu þúsund áhorfendur í sæti. Búist er við miklum áhuga í borginni vegna góðs árangurs austurríska landsliðsins í riðlakeppninni í Linz.

sport
sport@fretta-



SVERRE ANDREAS JAKOBSSON: ENGIN ÁSTÆÐA TIL AÐ ÓTTAST NEITT LIÐ

Leikurinn gegn Dönum bara til að bjarga andlitinu

Einn af lykilmönnum íslenska landsliðsins er Sverre Jakobsson og kom mikilvægi hans ber-sýnilega í ljós þegar að Ísland vann glæsilegan sigur á Danmörku. Sverre er í stóru hlutverki í íslensku vörninni sem skóp sigurinn á laugardaginn og átti svo ríkan þátt í Ólympíusilfrinu fræga árið 2008.

Landsliðið æfði í Vínarborg í gær og sagði hann við Fréttablaðið eftir æfinguna að ekki þýddi að dvelja lengi við leikinn gegn Danmörku.

„Við lifum ekki á Danaleiknum lengur. Hann var bara til að bjarga andlitinu og koma okkur í þægilega stöðu fyrir milliriðilinn. Það eina sem gildir er að nota það jákvæða úr þeim leik og snúa sér svo að nýjum andstæðingi. Þeir eru hver öðrum sterkari í þessum milliriðli og aðeins með því að ná stöðugleika í leik liðsins og sömu grimmd og gegn Dönum munum við eiga einhvern möguleika.“

Liðið hefur þó sýnt sínar veiku hliðar og segir Sverre að það megi ekki gerast aftur. „Ef

við munum aftur falla á svipað plan og við vorum á í leiknum gegn Austurríki þá verður róðurinn mjög þungur.“

Hann hefur þó mikla trú á liðinu og þeim verkefnum sem eru framundan. „Ég tel að við höfum það í okkur að halda út næstu þrjá leiki enda er ekki ástæða til að hræðast neinn á þessu móti - hvorki lið né leikmann. Við höfum í gegnum tíðina spilað við öll bestu lið Evrópu og staðið í þeim öllum eða unnið þau.“

Sverre á von á erfiðum leik gegn Króatíu. „Þarna eru heimsklasseleikmenn í hverri stöðu. Þeir hafa sína veikleika og við ætlum að keyra á þá. Þeir eru með öflugt sóknarlið og við þurfum því að vera heldur betur á tánum og fljótir að brjóta þeirra aðgerðir á bak aftur.“ Sverre meiddist á löngutöng á hægri hönd gegn Dönum og á erfitt með að grípa bolta. Hann hafði þó ekki miklar áhyggjur af því. „Þetta verður í góðu lagi á morgun,“ sagði hann og brosti. „Puttin verður bara „teipaður“ og svo gleymir maður öllu svona lönguðu í hita leiksins.“



ARNÓR ATLASON Hefur blómstrað í Austurríki og vakið mikla athygli.

MYND/DIENER/LEENA MANHART

Arnór Atlason:

Mun ræða fyrst við AG

HANDBOLTI Óvíst er hvar Arnór Atlason mun spila á næsta ári eftir að danska félagið AG Håndbold keypti og tók yfir FC Kaupmannahöfn. „Þetta var eins og að Þór hefði keypt KA og nú á maður bara að spila með Þór,“ sagði hann og hló. „Við fyrstu sýn er ég ekki nógu hrifinn af þessu.“

Arnór gerði nýlega tveggja ára samning við FCK og forráðamenn nýja félagsins vilja halda honum. „Við höfum val um að vera áfram eða fara. Ég hef enga ákvörðun tekið um framhaldið. Ég mun ræða fyrst við AG.“

Arnór var orðaður við spænsk og þýsk lið í dönskum fjölmiðlum. „Ég sagði bara að ég gæti séð fyrir mér að spila í þessum löndum en lengra er það ekki komið.“

-esá

Sigurinn á Dönum:

Sögulegur árangur

HANDBOLTI Ísland vann um helgina í fyrsta sinn sigur á ríkjandi meisturum í titilvörn á stórmóti í handbolta.

Fyrir leikinn hafði Ísland leikið tólf sinnum gegn slíkum andstæðingi og tapað ellefu sinnum.

Besti árangur liðsins var jafntefli gegn Ólympíumeisturum Júgóslavíu í Seoul árið 1988.

Danir urðu sem kunnugt er Evrópumeistarar í Noregi fyrir tveimur árum.

-óóó

HANDBOLTI Íslenska landsliðið í handbolta hafði í gær vistaskipti á Evrópumeistaramótinu í handbolta og fór frá Linz til höfuðborgarinnar Vínar í Austurríki. Í dag hefst keppni í milliriðli Íslands og fara leikirnir fram í hinni veglegu Stadthalle sem tekur ellefu þúsund áhorfendur í sæti.

Fyrsta verkefni Íslands er ekki í léttari kantinum. Andstæðingurinn verður hið geysisterka lið Króatíu sem er það eina í öllu mótinu sem afrekaði að fara með fullt hús stiga upp úr sínum riðli.

Ísland er þó ósigrað á mótinu til þessa og Guðmundur Guðmundsson sagði eftir æfingu liðsins í gær að hann hefði góða tilfinningu fyrir leiknum.

„Verkefnin gerast varla stærri eða meira spennandi en þetta,“ sagði Guðmundur og bætti við að hann hefði ekki áhyggjur af því að leikmenn verði ekki búnir að ná aftur einbeitingu eftir leikinn glæsilega gegn Dönum á laugardaginn.

„Við þurfum að halda áfram ótrauðir og það má alls ekki halda að af því að við unnum Dani þá þurfum við ekki að gera neitt gegn Króótum. Ég lagði áherslu á það í æfingaleikjum okkar fyrir mótið að fara í hvern leik á fullu og því hef ég trú á að þetta verði í lagi hjá okkur nú.“

Lykilatriði í leik dagsins er að viðhalda þeim góða varnarleik sem liðið sýndi gegn Dönum.

„Vörnin var að virka jafn vel og hún gerði á Ólympíuleikunum. Þetta var einnig fyrsti leikurinn á mótinu þar sem 6-0 vörnin gekk mjög vel upp. Við þurfum að vera mjög ákveðnir og klókir gegn Króótum og passa okkur á að einblína ekki bara á [Ivano] Balic. Það vill oft verða þannig að lið taka bara hann fyrir og þá losnar



BJARTYFIR ÞJÁLFRANUM Guðmundur Guðmundsson er bjartsýnn fyrir leikinn mikilvæga gegn Króótum í dag.

MYND/DIENER/LEENA MANHART

um alla aðra leikmenn í kringum hann,“ sagði Guðmundur.

„Það verða því fullt af verkefnum út um allan völl hjá okkur. Við notuðum til að mynda æfinguna í dag til að rifja upp nokkur atriði í sóknarleiknum ef þeir skyldu spila 3-2-1 vörn. Við vitum ekki hvort þeir gera það eða stilla upp í 6-0 vörn. Við þurfum að vera klárir í hvort sem er.“

Ísland hefur ekki spilað oft við Króatíu á undanförunum en Guðmundur óttast þann þátt ekki.

„Vissulega höfum við spilað lítið á móti þeim en óvissan er jafn mikil þeirra megin. Það er ekkert síður skemmtilegra að tak-

ast á við þetta en að mæta liðum sem við þekkjum vel. Staðreynd málsins er einfaldlega sú að það þarf að spila mjög vel til að vinna sigur á Króótum. Þannig er það í þessari keppni og verður einnig í hinum leikjum okkar í riðlinum.“

Ísland mun spila alla leiki sína í milliriðlakeppninni klukkan 15.00 að íslenskum tíma og þótti Guðmundi sú ákvörðun mótshaldara furðuleg.

„Aðallega finnst mér það verst fyrir íslenska áhorfendur. Þetta skiptir minna máli fyrir okkur þó svo að þetta geri það að verkum að við getum ekki tekið morgun-

æfingu. Ég játa að ég hefði frekar viljað hafa leikinn klukkan sex eða átta.“

Hann útilokar ekki að markaðsöfl ráði þarna för. „En ég þekki þetta ekki og get svo sem ekkert sagt um það. Ég vona bara að það verði hægt að hafa sjónvarp í gangi á vinnustöðum svo allir sem vilja geti fylgst með.“



EM Í AUSTURRÍKI
EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON
skrifar frá Vín
eirur@frettabladid.is

Strákarnir okkar lentu ekki á neinu glæsihótelu í Vínarborg í gær:

Varla hægt að snúa sér í rúminu

HANDBOLTI Eitt af lykilatriðum að velgengni á stórmótum eins og EM í handbolta er að leikmenn hvílist vel á milli leikja, sér í lagi þegar spilað er jafn ört eins og nú. Ísland á fyrir höndum gríðarlega erfiða leiki gegn Króótum í dag og svo gegn Rússum á morgun.

Í gær yfirgaf íslenska landsliðið hótelið sitt í Linz og fór til Vínarborgar þar sem keppni í riðli Íslands fer fram. Leikmenn voru þó ekki nógu ánægðir með nýja hótelið.

„Þetta eru lítil herbergi og sumir okkar voru settir saman í hjónarúm ef hjónarúm skyldi kalla,“ sagði Snorri Steinn Guðjónsson við Fréttablaðið í gær. „Það er varla hægt að snúa sér yfir á hina hliðina.“

Þó var hægt að fá einhverju breytt á hótelinu og Snorri segir að dvölín sé þó alls ekki slæm.



PRÖNGT Á PINGI Snorri Steinn og félagar gista við lítinn íbúð í Vínarborg. Menn þurfa jafnvel að deila litlu hjónarúmi.

MYND/DIENER/LEENA MANHART

„Við látum þetta ekki fara í taugararnar á okkur. Þetta er pirrandi í fyrstu en svo hrista menn það af sér. Hin liðin eru líka á hótelinu og við ættum svo sem að lifa þetta af enda verið á verri hótelum en þetta,“ sagði hann og brosti.

„Hins vegar mætti maturinn vera aðeins skárri. Hann er orðinn svolítið þreyttur og það er orðið langt síðan að maður fékk kjöt þar sem það sem hefur verið á boðstólum getur varla talist vera í betri kantinum.“

Sverre Jakobsson tók í svipaðan streng. „Hótelið sem við vorum á í Linz var í öðrum og betri gæðaflokki hvað aðbúnað og stærð herbergja varðar. Ég er viss um að það eru til mörg hótél í þessari borg sem eru betri en þetta sem við erum á núna,“ sagði hann. „Við látum svona lagað ekki hafa áhrif á okkur - það er öruggt.“

-esá

FJÓRHJÓLAFERÐIR

ESKIMOS | www.eskimos.is, eskimos@eskimos.is
Símar: 414-1500 / 8220033

Útse

Einstök sértíloð á þessum frábæru vörum í Sense og Sony Center í Kringlunni!

Gríptu tækifærið

LÆKKAD VERÐ

Aukahlutir
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

BLEK
15%
AFSLÁTTUR

BOSE
20%
AFSLÁTTUR



Canon EOS 1000D

Með 10.1 megapíxla CMOS myndflögu. Tækni fengin úr atvinnumannavélum Canon. EOS myndgæði á góðu verði.

- 2.5" skarpur LCD skjár með Live View Mode
- 7 punkta sjálfvirk fókuserfi
- Fangar 3 ramma á sek. í samfelldri myndatöku
- Innbyggt rykhreinsikerfi
- Algjör myndastjórnun með Picture Style stillingum

Án linsu:
79.900 kr. ~~99.900 kr.~~

Með EF-S 18-55 linsu:
109.900 kr. ~~124.900 kr.~~



Canon EOS 450D

Sameinar alvöru afköst í léttari og notendavænni myndavél. Fangaðu heiminn með 12.2 megapíxla CMOS myndflögu og nýjustu tækni frá Canon.

- 3.0" skarpur LCD skjár með Live View Mode
- 9 punkta sjálfvirk fókuserfi
- Fangar 3.5 ramma á sek. í samfelldri myndatöku
- Innbyggt rykhreinsikerfi
- Algjör myndastjórnun með Picture Style stillingum

Án linsu:
109.900 kr. ~~146.900 kr.~~

Með EF-S 18-55 IS linsu:
144.900 kr. ~~169.900 kr.~~



Sony DSLR A230 Body

Frábær myndavél frá Sony fyrir útskiptanlegar linsur. Með innbyggðri hristivörn sem virkar á allar linsur.

- 10,2 megapíxla CCD myndflaga
- ISO 100 - 3200
- 9 punkta "Centre Cross AF"
- Shutter speed 1/4000 sek
- Mesti tökuhraði 2,5 ramma á sek
- Rykvarnarkerfi

Nú aðeins:
79.990 kr. Verð áður: ~~99.990 kr.~~



Canon PIXMA iP3600

Nettur A4 ljósmyndaprentari fyrir heimilið sem skilar framúrskarandi gæðum í prentun.

- 9600x2400 dpi upplausn tryggir skarpa útprentun
- 10x15 ljósmyndir í framköllunargæðum á 41 sek
- Blekhylljakerfi sem lágmarkar blekeyðslu
- Myndir endast í allt að 300 ár með Canon bleki og pappír
- Auto Photo Fix lagfærir sjálfvirk myndir og rauð augu
- Tveir pappírshöfnar bakkar fyrir ljósmynda- og venjulegan pappír

Nú aðeins:
14.900 kr. Verð áður: ~~17.900 kr.~~



Sony DSC-S930

Handhæg og ódýr myndavél frá Sony sem sameinar gæði og gott verð.

- 3x optical og 6x stafrænn aðdráttur
- 2,4" skjár
- ISO 3200
- Face Detection
- Gengur fyrir 2xAA rafhlöðum

Nú aðeins:
20.990 kr. Verð áður: ~~28.990 kr.~~



Sony DSC-W220S

Glæsilega hönnuð og búin frábærri tækni. Nú geta allir tekið frábærar 12.1 megapíxla myndir.

- 12.1 Megapixel
- 2.7" LCD skjár
- 30 mm víðvinkill
- 4 x Optical aðdráttur
- Face Detection
- ISO 3200

Nú aðeins:
34.990 kr. Verð áður: ~~44.990 kr.~~



Sony Bravia S 32"

Sony Bravia sjónvörpin eru annáluð fyrir gæði og þessi gripur er engin undantekning. Frábær gæði á frábæru verði.

- BRAVIA Engine3 myndvinnsla
- BRAVIA Sync
- HD Ready 1366x768
- 178° sjónsvið
- Dynamic Contrast 25.000:1
- Tengir 3 x HDMI
- 1 x USB 2.0 - PC in (VGA)
- 2 x 10W BBE hátalarar.

Nú aðeins:
129.990 kr. Verð áður: ~~149.990 kr.~~



Sony Bravia S 40"

40 tommur af veislu fyrir augað. Bravia Engine tækni og háskerpa breytir venjulegu sjónvarpsglápi í upplifun.

- BRAVIA Engine2 myndvinnsla
- BRAVIA Sync
- Full HD 1920x1080
- Dynamic Contrast 33.000:1
- Tengir 3 x HDMI
- 1 x USB 2.0
- PC in (VGA)
- 2 x 10W BBE hátalarar

Nú aðeins:
199.990 kr. Verð áður: ~~239.990 kr.~~

EM í handbolta:

Danmörk-Ísland 22-27 (13-15)

Mörk Danmerkur (skot): Lars Christiansen 5 (8/1), Anders Eggert 4/3 (5/3), Mikkel Hansen 3 (11), Torsten Laen 2 (2), Hans Lindberg 2 (3), Kasper Nielsen 2 (3), Thomas Mogensen 2 (7), Lasse Svan Hansen 1 (1), Kasper Søndergaard Sarup 1 (4).

Varin skot: Kasper Hvidt 6 (24/3, 25%), Niklas Landin 2 (11/1, 18%).

Hraðaupphlaup: 10 (Christiansen 3, K. Nielsen 2, Mogensen 1, Laen 1, Eggert 1, Lindberg 1, Hansen 1).

Fiskuð víti: 4 (Søndergaard Sarup 2, Mogensen 1, Lindberg 1).

Utan vallar: 10 mínútur.

Mörk Íslands (skot): Guðjón Valur Sigurðsson 6 (7), Aron Pálmarsson 5 (10), Alexander Petersson 4 (5), Róbert Gunnarsson 4 (5), Arnór Atlason 3 (5), Snorri Steinn Guðjónsson 3/3 (6/4), Sverre Jakobsson 1 (1), Ólafur Stefánsson 1 (2).

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 19/1 (41/4, 46%).

Hraðaupphlaup: 7 (Guðjón Valur 2, Róbert 2, Arnór 1, Alexander 1, Sverre 1).

Fiskuð víti: 3 (Róbert 2, Guðjón Valur 1).

Utan vallar: 12 mínútur.

Dómarar: Rickard Canbro og Mikael Claesson, Svíþjóð. Frábærir.



BJÖRGVIN PÁLL Var valinn maður leiksins. MYND/DIENER/LEENA MANHART

Björgvin í seinni hálfleik:

61 prósent markvarsla

HANDBOLTI Frammistaða íslensku varnarinnar og ekki síst Björgvins Páls Gústavssonar markvarðar gegn Danmörku um helgina verður lengi í minnum höfð.

Einkum var frammistaða Björgvins í síðari hálfleik glæsileg. Hann varði þá alls fjórtán skot af þeim 23 sem hann fékk á sig sem þýðir að hlutfallsmarkvarsla hans var 61 prósent.

Þetta sést einnig á því að skotnýting Dana í seinni hálfleik var ekki nema 37,5 prósent – hjá Íslandi var hún 66,7 prósent.

Danir skoruðu aðeins níu mörk í seinni hálfleik og þar af tvö á síðustu tveimur mínútunum þegar sigur íslenska liðsins var þegar í höfn.

- esá

Viðbrögð fjölmiðla:

Vetrarævintýri í Austurríki

HANDBOLTI Austurríkismenn eru í sæluvímu eftir árangur sinna manna um helgina.

„Vetrarævintýri,“ sagði í fyrirspurn Kurier í umfjöllun blaðsins um leikinn. „Besti leikur austurríska landsliðsins frá upphafi,“ sagði dálkahöfundurinn Michael Gangel í sama blaði.

„Austurríki í handboltahimnarríki,“ sagði í fyrirspurn Kroneblaðsins. “

- esá

Lars Christiansen:

Betra að tapa núna

HANDBOLTI Lars Christiansen reyndi að líta á björtu hliðaranar eftir sigur Íslands á Danmörku um helgina. „Ég vil þó frekar tapa tveimur stigum núna en að fara alla leið og tapa síðasta leiknum,“ sagði Christiansen við Fréttablaðið. „Við eigum enn möguleika í mótinu og getum enn gert það sem við viljum ef við vinnum saman sem lið. Við verðum einfaldlega að vinna næstu fimm leiki.“

Hann segir íslenska liðinu allir vegir færir. „Liðið sýndi í Peking hvað það getur og þeir geta farið langt. Ef þeir spila áfram eins og þeir gerðu gegn okkur er allt mögulegt.“

- esá



GRÍÐARLEGUR FÖGNUMUR Sverre Andreas Jakobsson átti mergjaðan leik í íslensku vörminni og fagnaði grimmt eftir leik. Landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson réð sér ekki fyrir kæti og stökk í fang leikmanna í leikslok.



MYND/DIENER/LEENA MANHART

Hin liðin eru ekki frá Íslandi

Íslenska handboltalandsliðið vann á laugardagskvöldið frækinn sigur á ríkjandi Evrópumeisturum Dana á EM í handbolta sem fram fer í Austurríki. Niðurstaðan var fimm marka sigur, 27-22, og tryggði Ísland sér með honum sigur í riðlinum og tekur með sér þrjú stig í milliriðil keppinnar.

HANDBOLTI Sigur Íslands á Danmörku um helgina var sérlega glæsilegur. Niðurstaðan var fimm marka sigur, 27-22, gegn ríkjandi Evrópumeisturinum og þar með var bundinn fullkominn endir á annars afar erfiða viku í Linz.

Íslendingarnir fara nú til Vínarborgar með þrjú stig í milliriðla-keppnina. Aðeins Króatía er með fleiri stig en það er eina liðið í allri keppninni sem fer inn í milliriðla-keppnina með fullt hús stiga.

Íslensku landsliðsmennirnir voru, eins og gefur að skilja, í sjöunda himni þegar Fréttablaðið ræddi við þá eftir leikinn og ein hetjan, markvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson, útskýrði af hverju liðið brást svo vel við mótlætinu eftir leikina gegn Serbíu og Austurríki.

„Það sem hin liðin skortir er að þau eru ekki frá Íslandi,“ sagði Björgvin sem var valinn maður leiksins. Hann varði alls 46 pró-



KJÚKLINGURINN GÓÐUR Hinn 19 ára gamli Aron Pálmarsson átti frábæra innkomu í leiknum. MYND/DIENER/LEENA MANHART

sent þeirra skota sem hann fékk á sig og sérstaklega var frammistaða hans í síðari hálfleik stórkostleg.

Hann naut góðs af feikisterkum varnarleik íslenska liðsins. Sverre Jakobsson og Ingimundur Ingimundarson áttu stórleik og fengu góðan stuðning frá Alexander Peterssyni, Arnóri Atlasyni og fleirum.

„Það virðist henta okkur betur að spila gegn sterkari þjóðum,“ sagði Ingimundur. „Þetta virðist einnig spurning um að ná þessum aukakrafti og þá kemur sjálfs-traustið með. Það varð auðveldara að framkvæma hlutina en gegn til dæmis Austurríki.“

Það var margt sem kom til í gær. En fyrst og fremst vildu strákarnir svara fyrir sig eftir fyrstu tvo leikina og ekki síst lækka rostann í Dönuum, sagði Ingimundur.

„Þeir eru margir hrokagikkir. Þjálfarinn [Ulrik Wilbek] er þeirra verstur þó svo hann sé sjálfsagt ágætur kall. Það bara kom ekkert annað til greina en að vinna þennan leik.“

Sóknarleikurinn var einnig mjög góður en sérstaklega var fyrri hálfleikur hraður og skemmtilegur. Það var líka mikið um sviptingar. Fyrst kom 7-2 sprettur hjá Íslandi, þá skoruðu Danir átta mörk í röð en Ísland svaraði með því að skora þrettán af næstu sautján mörkum leiksins.

Þegar um 20 mínútur voru eftir gáfu Danir allt sitt í verkefnið. Þeir reyndu hvað þeir gátu til koma sér aftur inn í leikinn en náðu mest að



VÖRN OG MARKVARSLA Björgvin í markinu og þeir Alexander, Ingimundur, Sverre og Arnór voru allir magnaðir í að loka á Danina. MYND/DIENER/LEENA MANHART

minnka muninn í þrjú mörk, 23-20, þegar tíu mínútur voru eftir. Þá löbbuðu þeir dönsku á vegg og Ísland skoraði næstu fjögur mörk leiksins og tryggði sér sigurinn.

„Þessi vika var alveg hrikalega erfið,“ sagði þjálfarinn Guðmundur Guðmundsson eftir leik. „Það var sérstök tilfinning að fara svona illa að ráði okkar eins og við gerðum. Þessi sigur er því með þeim stærri hjá mér.“

Allir íslensku strákarnir stóðu sig gríðarlega vel í leiknum. Guðjón Valur var mjög öflugur í sókninni, sem og Róbert, Alexander, Arnór og fleiri. Aron Pálmarsson átti lygilega innkomu og skoraði fimm glæsileg mörk.

„Ég var fáránlega hungraður,“

sagði Aron sem hafði að mestu hvílt í fyrstu tveimur leikjunum. „Það kom því ekki til greina að koma inn á og gera ekki neitt enda stærsti leikur sem ég hef spilað.“

Niðurstaðan sem fyrr segir stórglæsilegur sigur á frændum okkar og fær Björgvin Páll að eiga loka-orðið: „Danirnir voru skithræddir við okkur allan leikinn,“ sagði hann. „Við lögðum rosalega vinnu í okkar undirbúning og það er mikil vinna að baki. Enda kom það svo í ljós að við vorum með þá allan tímann.“



EM Í AUSTURRÍKI EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON skrifar frá Linz eirikur@frettabladid.is

Dagur Sigurðsson hefur náð ótrúlegum árangri með austurríska landsliðið í handbolta:

Ég er gríðarlega stoltur af strákunum

HANDBOLTI Dagur Sigurðsson átti erfiðt með að halda aftur af tilfinningum sínum eftir sigur Austurríkis á Serbíu í lokaumferð riðla-keppinnar á EM í handbolta. Með glæsilegum sigri, 37-31, tryggði Austurríki sér sæti í milliriðla-keppninni á kostnað Serbanna.

Flestir áttu von á því að Austurríki, sem ekki hefur náð langt á alþjóðlegum vettvangi undanfarin ár, ætti lítinn möguleika í þessum sterka B-riðli.

Dagur var ráðinn þjálfari liðsins fyrir tveimur árum og stendur nú uppi sem sigurvegari. „Ég er gríðarlega stoltur af strákunum og ánægður með þann árangur sem

við höfum náð. Þetta hefur verið ótrúlega skemmtileg reynsla,“ sagði Dagur við Fréttablaðið eftir leik.

„Ég vissi að þessir leikmenn hefðu vissa hæfileika. Þeir voru heldur ekki búnir að sýna sitt rétta andlit sem landslið. Ég vissi því ekki hvernig þeir myndu bregðast við inni á vellinum sjálfum eftir að mínum þætti var lokið.“

Dagur segir að austurrísku leikmennirnir hafi bætt sig með hverjum leiknum. „Menn hafa eflst við hverja raun. Þetta er í raun ólýsanlegt og mikið ævintýri.“

Það sem helst einkennir austurríska liðið er að það gefst aldrei

upp. Það lenti 4-0 undir í leiknum um helgina og komst ekki yfir fyrr en nokkuð var liðið á seinni hálfleik en keyrði svo Serbana í kaf.

„Já, það er mikil barátta í liðinu. Það er kominn íslenskur blær á leikmennina og ég er mjög ánægður með það,“ sagði hann og hló.

Nú þarf liðið að setja sér ný markmið en eitt hefur þó ekki breyst, segir Dagur. „Ég sagði við strákana áður en mótið hófst að við ætluðum ekki að taka þátt bara til þess eins að vera með. Það þarf að hafa fyrir hlutunum og ná einhverjum árangri. Það hefur ekkert breyst. Við ætlum ekki að vera farþegar í eigin heimalandi.“



DAGUR SIGURÐSSON Hefur náð frábærum árangri með austurríska liðið. MYND/DIENER/LEENA MANHART

ÚRSLIT

IE-deild karla:

Stjarnan-Snaefell	87-93
Stig Stjörnunnar: Justin Shouse 22, Jovan Zdravevski 20, Kjartan Kjartansson 13, Fannar Helgas. 12, Magnús Helgas. 11, Guðjón Lárusson 9.	
Stig Snaefells: Sean Burton 22, Emil Jóhannsson 21, Hlynur Bæringsson 19, Sigurður Þorvalds. 18, Jón Jónsson 5, Sveinn Davíðs. 5, Páll Helgas. 3.	
Hamar-ÍR	102-81
Stig Hamars: Marvin Valdimarsson 29, Oddur Ólafsson 26, Andre Dabney 23, Svavar Pálsson 13, Ragnar Nathanaels. 10, Víðar Hafsteinnsson 1.	
Stig ÍR: Hreggviður Magnússon 19, Eiríkur Ónundarson 17, Michael Jefferson 13, Ólafur Þórisson 10, Kristinn Jónsson 8, Nemanja Sovic 7, Steinar Arason 5, Elvar Guðmundsson 2.	
Fjölnir-Keflavík	84-103
Stig Fjölnis: Chris Smith 27, Tómas Tómasson 19, Ægir Steinarsson 13, Sindri Kárason 7, Magni Hafsteinnsson 7, Sverrir Karlsson 6, Arnþór Guðmundsson 3, Jón Sverrisson 2.	
Stig Keflavíkur: Gunnar Einarsson 25, Draelon Burns 17, Þróstur Jóhannsson 17, Hörður Axel Vilhjálmsson 17, Sigurður Þorsteinsson 8, Jón Nordal Hafsteinnsson 8, Elentínus Margeirsson 5, Sverrir Sverrisson 4, Gunnar Stefánsson 2.	

EM í handbolta:

Frakkland-Þýskaland	24-22
Spánn-Pólland	26-32
Slóvenía-Tékkland	35-37

Milliriðill 2 á EM í handbolta:

Frakkar og Pólverjar efstir

HANDBOLTI Frakkar og Pólverjar standa ansi vel að vígi í milliriðli 2 á EM eftir sigra í gær.

Frakkar lögðu Þjóðverja og Pólverjar skelltu Spánverjum í afar mikilvægum leik.

Fyrir vikið eru Frakkar og Pólverjar í efstu sætum riðilsins með fimm stig.

Spánverjar eru aftur á móti með þrjú stig. Tékkar eru með tvö stig eins og Slóvenía eftir að hafa unnið afar óvæntan sigur á spútnikliði Slóveníu í gær. Þjóðverjar hafa eitt stig.

- hbg

Rússíbanaleikur í Ásgarði

Snæfell fór góða ferð í Garðabæinn. Þjálfari Stjörnunnar segir furðulegt að sínir menn hafi verið inn í leiknum allan tímann miðað við spilamennskuna.

KÖRFUBOLTI „Þetta var sætaskiptaleikur sem við náðum að vinna og við erum virkilega stoltir af því,“ sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, eftir sigur liðsins á Stjörnunni í Garðabænum í gær. Leikurinn endaði 87-93 og var virkilega jafn og spennandi eins og búist var við.

„Það er ekki auðvelt að spila við Stjörnuna á þeirra heimavelli og ég er mjög sáttur við að landa sigri, sérstaklega eftir svona rússíbanaleik. Þeir þrír sem fyrirfram eru okkar lykilmenn voru að skila góðu framlagi,“ sagði Ingi og var þar að tala um Hlyn Bæringsson, Sean Burton og Sigurð Þorvalds-son.

„Að auki sýndi Emil Þór (Jóhannesson) hversu megnugur hann er og Sveinn Arnar (Davíðsson) kom mjög flottur inn. Ég er rosalega ánægður með hvernig þeir stigu upp.“

Stjörnumenn voru betri á fyrstu andartökum leiksins og náðu fljótlega ágætri forystu. Snæfellingar fundu betri takt í leik sinn hægt og rólega en voru tveimur stigum undir eftir fyrsta leikhluta 23-21.

Þeir komust yfir í fyrsta sinn þegar rúm mínúta var eftir af öðrum leikhluta og fóru til búningsherbergja með þriggja stiga forystu, staðan 43-46 í hálfleik.

Hart var barist í þriðja leikhlutunum og liðin skiptust á um að hafa forystuna. Heimamenn leiddu með sjö stigum fyrir lokafjórðunginn. Á lokasprettinum reyndust Snæfellingar hins vegar sterkari og tilraunir Stjörnunnar til að jafna í lokin gengu ekki. Spennan var mikil en gestirnir glöddust mikið þegar leiktíminn rann út.



BARÁTTA Hlynur Bæringsson og Jovan Zdravevski berjast hér um boltann í Ásgarði í gær. Það var hart tekist á eins og sjá má.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, var sammála blaðamanni um að spilamennska liðsins hafi verið of sveiflukennnd. „Við spiluðum bara ekki nægilega vel og gátum oft gert betur. Það er í raun bara furðulegt að við höfum verið inni í leiknum allan tímann miðað við hvernig við spiluðum,“ sagði Teitur en Garðabæingar hafa nú

tapað tveimur leikjum í röð.

„Við erum frekar þunnir núna og ekki nægilega margir sem hafa afrekað eitthvað inni á vellinum. Það er að bíta á. Við megum ekki við neinum meiðslum. Þetta er mjög erfitt en samt engin afsökun fyrir því að við spiluðum ekki betur í dag.“

elvargeir@frettabladid.is

ÚRSLIT

N1-deild kvenna:

Fylkir – Valur	14-31
Mörk Fylkis: Sunna María Einarssdóttir 6, Sunna Jónsdóttir 3, Hildur Harðardóttir 2, Laufey Guðmundsdóttir 1, Elin Helga Jónsdóttir 1, Tinna Soffía Traustadóttir 1.	
Mörk Vals: Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 7, Íris Ásta Pétursdóttir 5, Kristín Guðmundsdóttir 4, Hrafnhildur Skúladóttir 3, Karólína Gunnarsdóttir 3, Rebekka Skúladóttir 2, Arndís Erlingsdóttir 2, Katrín Andrésdóttir 1, Soffía Rut Gísladóttir 1, Berglind Íris Hansdóttir 1, Ágústa Edda Björnsdóttir 1, Hildigunnur Einarssdóttir 1.	
Haukar – Stjarnan	26-22
Mörk Hauka: Hanna Stefánsdóttir 7, Ramune Pekarskyte 7, Erna Þráinsdóttir 5, Nína Arnfinnsdóttir 3, Þórunn Friðriksdóttir 2, Sandra Sigurjónsdóttir 1, Ester Óskarsdóttir 1.	
Mörk Stjörnunnar: Harpa Sig Eyjólfssdóttir 6, Alina Daniela Tamasan 5, Aðalheiður Hreinsdóttir 3, Þorgeður Atladóttir 3, Elisabet Gunnarsdóttir 2, Þórhildur Gunnarsdóttir 2, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 1.	
KA/Þór – Víkingur	30-19
Mörk KA/Þórs: Martha Hermansdóttir 6, Inga Dís Sigurðardóttir 5, Unnur Ómarsdóttir 5, Katrín Vilhjálmssdóttir 4, Ásdís Sigurðardóttir 3, Emma Havin Sardardóttir 3, Kolbrún Einarssdóttir 2, Aldís Mánadóttir 1, Arna Valgerður Erlingsdóttir 1.	
Mörk Víkings: Guðrjúður Ósk Jónsdóttir 6, Jóhanna Guðbjörnsdóttir 4, María Karlsdóttir 3, Fríða Jónsdóttir 2, Berglind Halldórsdóttir 1, Helga Halldórsdóttir 1, Brynhildur Bolladóttir 1, Alexandra Kristjánsdóttir 1.	



ENN Á TOPPNUM Anna Úrsula og félagar í Val eru óstöðvandi og unnu enn einn leikinn um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ICELANDAIR



ICELANDAIR STYÐUR LANDSLIÐIÐ

í blíðu og stríðu

AUDDI OG ÞÚ Í BEINNI

SENDU KVEÐJU TIL STRÁKANNA OKKAR

Notaðu vefmyndavélina þína til að hvetja strákana okkar til dáða. Farðu inn á ibs.is til að senda þína kveðju og skoða kveðjur annarra. Þú getur líka sent textakveðju. Bestu kveðjurnar fá verðlaun.

FYLGSTU MEÐ AUDDA

Auddi verður í beinni með góðum gestum meðan á leikjum íslenska liðsins stendur. Fylgstu með Audda í beinni á ibs.is og sjáðu leikinn frá öðru sjónarhorni.

FARÐU INN Á
WWW.IBS.IS OG
SKEMMTU ÞÉR VEL

ÚRSLIT

Enska bikarkeppnin:

Stoke-Arsenal	3-1
1-0 Ricardo Fuller (2), 1-1 Denilson (42), 2-1 Ricardo Fuller (78), 3-1 Dean Whitehead (86).	
Scunthorpe-Man. City	2-4
0-1 Martin Petrov (3), 1-1 Paul Hayes (29), 1-2 Nedum Onuoha (45), 1-3 Sylvinho (57), 2-3 Dedryck Boyata, sjm (69), 2-4 Robinho (84).	
Preston-Chelsea	0-2
0-1 Nicolas Anelka (37), 0-2 Daniel Sturridge (47).	
Reading-Burnley	1-0
1-0 Gylfi Þór Sigurðsson (87).	
Tottenham-Leeds United	2-2
1-0 Peter Crouch (42), 1-1 Jermaine Beckford (52), 2-1 Roman Pavlyuchenko (75), 2-2 Jermaine Beckford, víti (90).	
Accrington Stanley-Fulham	1-2
0-1 Erik Nevland (21), 1-1 Darren Kemplton (42), 1-2 Damien Duff (59).	
Aston Villa-Brighton	3-2
1-0 Nathan Delfouneso (5), 1-1 Tommy Elphick (41), 2-1 Ashley Young (48), 3-1 Fabian Delph (63), 3-2 Nicky Forster (90).	
Bolton-Sheff. Utd	2-0
1-0 Grétar Rafn Steinsson (48), 2-0 Johan Elmander (84).	
Cardiff-Leicester	3-2
1-0 Jay Bothroyd (17), 1-1 Michael Morrison (34), 1-2 Dany N'Guessan (39), 2-2 Peter Whittingham (71), 3-2 Chris Burke (90).	
Derby-Doncaster	1-0
1-0 James McEveley (88).	
Everton-Birmingham	1-2
0-1 Christian Benitez (7), 0-2 Barry Ferguson (40), 1-2 Leon Osman (56).	
Notts County-Wigan	2-2
1-0 Lee Hughes (26), 2-0 Ben Davies (41), 2-1 Jason Scotland (52), 2-2 Ben Watson (83).	
Portsmouth-Sunderland	2-1
0-1 Darren Bent (15), 1-1 John Utaka (42), 2-1 John Utaka (57).	
Southampton-Ipswich	2-1
1-0 Wayne Thomas (31), 2-0 Michail Antonio (74), 2-1 Pablo Counago (90).	
WBA-Newcastle	4-2
1-0 Jonas Olsson (17), 2-0 Graham Dorrans, víti (31), 2-1 Andrew Carroll (62), 3-1 Graham Dorrans, víti (72), 4-1 Jerome Thomas (76), 4-2 Andrew Carroll (90).	
Wolves-Crystal Palace	1-2
0-1 Alan Lee (3), 1-1 David Jones (37), 1-2 Darren Ambrose (49).	

Enska úrvalsdeildin:

Man. Utd-Hull	4-0
1-0 Wayne Rooney (8), 2-0 Wayne Rooney (82), 3-0 W. Rooney (86), 4-0 Wayne Rooney (90).	



TIL WEST HAM Talið er að Eiður Smári verði lánaður frá Mónakó.

NORDICPHOTOS/GETTY

Eiður líklega til West Ham:

Sagði Eiður nei við Liverpool?

FÓTBOLTI Breska blaðið The Mirror greindi frá því í gær að Eiður Smári Guðjohnsen hafi hafnað því að ganga til liðs við Liverpool og sé á leið í West Ham. Sagt er að nánast sé frágengið að Eiður verði lánaður út tímabilið frá franska liðinu Mónakó.

Eiður þekkir Gianfranco Zola, knattspyrnustjóra West Ham, vel en þeir léku saman hjá Chelsea á sínum tíma. Samkvæmt The Mirror fór Eiður í viðræður við Lundúnaliðið. Liverpool gerði svo tilraun á síðustu stundu til að krækja í hann en án árangurs.

- egm

Dómarar gætu fengið hjálp:

Fundað um tækninotkun

FÓTBOLTI Sepp Blatter, forseti FIFA, hefur gefið í skyn að sambandið gæti heimilað notkun á myndbandsupptökum til að aðstoða dómara við að taka réttar ákvarðanir. Fundað verður um málið í mars.

Blatter hefur áður talað um að þessi tækninotkun gæti eyðilagt flæði leiksins. „Ef tæknin er að þróast þá er ég til í að skoða þetta,“ sagði Blatter en hann segir þó ljóst að þetta verði ekki komið í gagni fyrir heimsmeistararamótið í sumar.

- egm

Tveir leikir fóru fram í ensku bikarkeppninni í gær:

Stoke lagði Arsenal

FÓTBOLTI Stoke og Man. City komust áfram í enska bikarnum í gær. Man. City vann Scunthorpe en Stoke vann heimasigur á ungu liði Arsenal. Arsene Wenger, stjóri Arsenal, viðurkenndi að ungu strákarnir hefði lítið átt í líkamlegan styrk leikmanna Stoke.

„Þessi leikur snerist meira um líkamlegan styrk en tækni. Þeir voru sterkari en við þar enda einfaldur leikur. Mínir ungu leikmenn réðu ekki við þennan slag,“ sagði Wenger súr en Ricardo Fuller skoraði tvö mörk í leiknum.

„Ég sé samt ekki eftir því að hafa valið þetta lið í þennan leik, ég gat í raun ekki annað. Það eru

tíu leikmenn meiddir og erfiðir leikir fram undan. Það er augljóst að við getum ekki spilað á sömu ellufu mönnum í öllum leikjum.“

Tony Pulis, stjóri Stoke, var að vonum himinlifandi með sína menn í leiknum.

„Strákarnir sýndu mikinn baráttuanda í þessum leik. Það skipti okkur engu hver spilaði fyrir þá, þeir verða alltaf með klassalið. Það að Arsene hafi sagt að við hefðum verið hættulegir í leiknum er hrós að mínu mati. Ég þarf ekki meira,“ sagði Pulis kátur en hann vildi ekki að leiknum lyktaði með jafntefli enda margir leikir fram undan.

- hbg



SJÓÐHEITUR Ricardo Fuller skoraði tvö góð mörk fyrir Stoke í gær. Hann fagnar hér öðru þeirra.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Sjálfsstraustið er mjög gott hjá mér

Gylfi Þór Sigurðsson heldur áfram að vekja athygli á Englandi. Hann skaut Reading áfram í bikarnum um helgina þegar liðið lagði úrvalsdeildarlið Burnley. Gylfi hefur farið á kostum í síðustu leikjum Reading.

FÓTBOLTI Hinn ungi Gylfi Þór Sigurðsson er heldur betur sjóðheitur þessa dagana. Hann skoraði laglegt sigurmark fyrir Reading gegn Burnley í bikarnum á laugardag. Markið kom seint í leiknum og tryggði Reading sæti í næstu umferð keppinnar.

„Það var gaman að vinna þennan leik, það kom seint en það er bara betra. Völlurinn okkar er ekki upp á sitt besta núna og það var ekki mikið um flottan fótbolta. Þetta var opinn leikur og gat dottið báðum megin. Það var algjör snilld að klára þetta í lokin,“ sagði Gylfi, þreyttur en glaður, við Fréttablaðið.

Gylfi fékk mikið hrós frá knattspyrnustjóra Reading, Brian McDermott. „Hann var búinn að fá tvö önnur færi áður en hann skoraði. Þessi afgreiðsla hjá honum var fyrsta flokks. Þetta er það sem hann getur strákurinn,“ sagði McDermott en Gylfi hefur slegið í gegn á sínu fyrsta tímabili með aðalliði Reading.

„Við höfum verið að bíða eftir því að hann væri klár í aðalliði en hann hefur verið hjá okkur nánast síðan hann var 13 ára. Hann er að stækka og hefur mikla og sterka nærveru, sérstaklega eftir að hann skoraði gegn Liverpool. Hann er þrátt fyrir það mjög jarðbundinn strákur.“

Fyrir stuttu tryggði Gylfi framlegingu gegn Liverpool þegar hann skoraði ískaldur úr vítaspyrnu í uppbótartíma. Reading tryggði sér síðan sigur í framlegingu. „Sjálfsstraustið er frekar hátt eins og er. Það gaf manni aukinn kraft að ná að vinna Liverpool og það á Anfield,“ sagði Gylfi.

„Ég hef alltaf verið duglegur að reyna að skora. Ég er sóknar-miðjumaður og var framherji



VEL KLÁRAÐ Gylfi Þór Sigurðsson var hetja Reading gegn Burnley á laugardaginn þegar hann skoraði laglegt sigurmark.

NORDICPHOTOS/GETTY

þegar ég var yngri. Maður reynir að skora eins mörg mörk og maður getur.“

Hann var tæpur fyrir leikinn á laugardag vegna meiðsla en gat spilað og fór á kostum. „Ég missti af leik gegn Nottingham Forest í síðustu viku þar sem ég meiddist aðeins gegn Liverpool. Þetta er orðið skárá núna og ég fann ekkert fyrir þessu í leiknum gegn Burnley, bara aðeins eftir hann.“

Gylfi hefur spilað miklu meira á tímabilinu en hann bjóst sjálfur við. „Ég var lánaður í fyrra til Shrewsbury og svo til Crewe. Ég vissi ekki hversu mikið ég fengi að spila, það var nýr þjálfari í byrjun

tímabils. Það var því erfitt að setja sér einhver markmið því maður vissi ekki hve mikið maður fengi að spila. Þetta hefur verið framfar öllum væntingum,“ sagði Gylfi sem segir það hafa gert sér gott að vera lánaður í neðri deildir.

„Sérstaklega þegar ég fór til Crewe. Ég var aðeins lengur þar og fékk að kynna tilfinningunni að spila í hverri viku. Ég græddi mikið á því og það var gaman að vinna með Guðjóni Þórðarsyni þar, hann er mjög góður þjálfari. Það skilaði mér miklu.“

Gylfi hefur vakið mikla athygli og verið orðaður við úrvalsdeildarlið. „Ég hef heyrt einhvern orðróm

en ég er ekkert að spá í honum. Ég er nýkominn í liðið hér og búinn að standa mig ágætlega. Ég ætla að klára tímabilið hér en maður veit aldrei hvað gerist,“ sagði Gylfi en þrátt fyrir bikarævintýri Reading hefur liðinu ekki gengið nægilega vel í ensku 1. deildinni og er sem stendur í fallsæti.

„Þetta lítur ekki nægilega vel út í augnablikinu. Við eigum erfiðan útleik á þriðjudag gegn Sheffield United en svo koma leikir gegn liðum sem eru í neðri helmingnum. Við verðum að ná góðum árangri í þeim leikjum ef við ætlum ekki að vera í einhverju basli í lokin,“ sagði Gylfi.

elvargeir@frettabladid.is

Englandsmeistararnir í Manchester United sláruðu Hull í eina leik helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni:

Wayne Rooney héldu engin bönd gegn Hull

FÓTBOLTI Wayne Rooney var hreint magnaður á laugardag þegar Manchester United vann öruggan 4-0 sigur á Hull. Hann skoraði öll fjögur mörk leiksins og skaut þar með Englandsmeisturinum aftur á topp ensku úrvalsdeildarinnar en Arsenal og Chelsea eru þó skammt undan og eiga leiki inni.

„Þetta er í fyrsta sinn sem ég skora fjögur mörk í alvöru mót-sleik. Ég get ekki annað en brosast. Allt liðið á þó hrós skilið því það lék virkilega vel og menn eru að stíga upp. Við skorum nú fleiri mörk en við gerðum á síðasta tímabili,“ sagði Rooney eftir leik. Hann er nú markahæstur í deildinni með 19 mörk en á sama tíma í fyrra hafði hann skorað 9 mörk.

Mest hefur Rooney skorað 23 mörk á einu tímabili og stefnir því allt í að hann bæti það persónulega met. „Þegar Cristiano Ronaldo fór vissi ég að ég þyrfti að skora fleiri mörk og það hefur tekist. Ég hef



ALDREI BETRI Wayne Rooney hefur átt frábært tímabil með Manchester United.

NORDICPHOTOS/GETTY

engar áhyggjur af aukinni pressu á mér því það hafa verið gerðar miklar kröfur alveg síðan ég skrifaði undir hérna.“

Fabio Capello, landsliðsþjálfari Englands, hlýtur að gleðjast yfir því formi sem Rooney er í enda er heimsmeistaramót fram undan í

sumar. Það er þó ólíklegt að Rooney fái mikla hvíld fram að því móti ef mið er tekið af mikilvægi hans fyrir Manchester United. „Mér finnst ekkert skemmtilegra en að spila leiki og alltaf þegar ég er bedinn um að spila þá geri ég það. Reyndar vil ég líka spila þegar Ferguson segist ætla að hvíla mig en við verðum að sýna skynsemi,“ sagði Rooney.

Hann fékk mikið hrós frá Phil Brown, knattspyrnustjóra Hull. „Rooney gerði svo sannarlega gæfumuninn í þessum leik. Hann er klárlega einn allra besti sóknarmaður í heiminum í dag,“ sagði Brown.

Akkilesarhæll Englandsmeistarana í vetur hefur verið varnarleikurinn þar sem mikið hefur verið um skakkaföll en Rio Ferdinand er kominn af meiðslalistanum og lék gegn Hull. Um næstu helgi verður heldur betur risaslagur þegar United heimsækir Arsenal.

- egm



SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Það er fátt sem jafnast á við að finna ískaldan sjóinn læsast um sig, missa andann augnablik. En samt jafnast einhvern veginn ekkert á við að komast upp úr aftur og finna blóðið streyma um líkamann á ný.

Hringdu í 570 3030 og bókaðu nístingskalt það á nýjum stað.

FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 17.700 KR.*



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Vestmannaeyja, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.

> William H. Macy

„Ég vil að áhorfandinn finni fyrir einhverju. En samt einhverju öðru en leiða eða áhugaleysi.“

Macy fer með hlutverk *Mokrans (Shoveler)* í myndinni *Mystery Men sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.*



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI VILL UPPGJÖRIÐ Á EINFÖLDU MÁLI

Hverjir eru vondu karlarnir?

Það er einhver upplausn og ófullnægja í sálarlífi þjóðarinnar – leyfi ég mér að taka svo tilgerðarlega til orða. Það er þessi yfirþyrmandi grunur um að það sé ekki búið að gera upp alla lausn endana, að öll kurlin séu ekki komin til grafar, að uppgjörð hafi ekki enn farið fram, sem nagar landsmenn. Hvers vegna hefur enginn sætt ábyrgð enn þá? Hvers vegna hefur ekki hræða verið handtekin í sambandi við hrúnið mikla?

Þetta er alltaf miklu einfaldara í bíói eða í sjónvarpinu. Þar fer aldrei á milli máli hverjir eru vondu karlarnir og hverjir eru góðu karlarnir. Vondu karlarnir eru samviskulaust þakk, sem hugsar ekki um annað en að græða peninga. Þótt það sé naumt þá vinna góðu karlarnir í 99 prósent tilvika í skáldskap. Vondu karlarnir þurfa alltaf að sæta ábyrgð í lokin í þykjustuheimum. Annaðhvort farast þeir á hroðalegan hátt eða eru teymdir burt í járnnum. Í steininum geta þeir svo dúsað og hugsað sinn gang næstu áratuginna.

Í alvöruheimum gerist ekki neitt. Allavega ekki á Íslandi. Hvar eru handjárnin og málsóknirnar á hendur

alvöru glæpamönnum? Kemur kannski aldrei sá dagur að maður geti sagt: Jája, mikkið var að þetta lið fékk það sem það á skilið? Eru kannski engir vondu karlar?

Ég veit það ekki. Ég bara hreinlega veit það ekki. DV er búið að moka skít mánuðum saman og alls konar skítapakki virðist dregið fram á síðum blaðsins. Ég er vinnandi maður og hreinlega nenni ekki að setja mig inn í þetta allt svo DV er orðið eins og hvert annað suð fyrir augunum á manni að þessu leyti. Þeir eru samt ábyggilega að gera góða hluti.

Ég vona innilega að þegar, og ef réttlætið nær fram að ganga á Íslandi, verði það sett fram á álíka einfaldan hátt og í sjónvarpsþáttum. Nokkurn veginn svona: „Þessi og þessi eru vondu karlarnir og hrúnið er þeim að kenna. Nú taka þeir út sína refsingu.“ Þá fyrst verður maður kannski sáttur við að borga og borga upp í hrunagatið mikla.



SVARTHÖFÐI Í STAR WARS Enginn vafi leikur á að hann er vondur.

MÁNUDAGUR



▶ 20.00 *Mystery Men* STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.10 *Glee* STÖÐ 2



▶ 21.00 *The Prisoner* SKJÁREINN



▶ 21.50 *Cold Case* STÖÐ 2 EXTRA



▶ 22.55 *Trúður* SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

13.30 *Söngvakeppni Sjónvarpsins* (e)

14.40 *EM-stofa* Hitað upp fyrir leik á EM í handbolta karla

15.00 *EM í handbolta* Bein útsending frá leik í milliriðli á EM í handbolta karla í Austurríki.

16.30 *Tákn málsfréttir*

16.40 *EM-stofa* Hitað upp fyrir leik á EM í handbolta karla

17.00 *EM í handbolta* Bein útsending frá leik í milliriðli á EM í handbolta karla í Austurríki.

19.00 *Fréttir*

19.30 *Veðurfréttir*

19.35 *Kastljós*

20.10 *Stephen Fry í Ameríku* (Stephen Fry in America: Nýr heimur) (1:6)

21.15 *Sporlaust* (Without a Trace) (5:18) Bandarísk spennuþáttaröð.

22.00 *Tíufréttir*

22.15 *Veðurfréttir*

22.25 *EM-kvöld* Fjallað um leiki í úrslitakeppni EM í handbolta.

▶ 22.55 *Trúður* (Klovn VI) (5:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper.

23.25 *Aðþrengdar eiginkonur* (e)

00.10 *Kastljós* (e)

00.45 *Lögin í söngvakeppninni* Leikin verða lögin tvö úr síðasta þætti sem komust í úrslit.

00.55 *EM í handbolta* (e)

02.10 *Dagskrárlök*

BÍÓ

06.10 *Mystery Men*

08.10 *The Truth About Love*

10.00 *French Kiss*

12.00 *Cats & Dogs*

14.00 *The Truth About Love*

16.00 *French Kiss*

18.00 *Cats & Dogs*

▶ 20.00 *Mystery Men* Gamanmynd um hóp lánlittilla ofurhetja. Aðalhlutverk: Ben Stiller, William H. Macy, Janeane Garofalo og Hank Azaria.

22.00 *Billy Bathgate*

00.00 *Detention*

02.00 *An Unfinished Life*

04.00 *Billy Bathgate*

06.00 *The Queen*

STÖÐ 2

07.00 *Barnatími Stöðvar 2* Áfram Diego, áfram!, Kalli litli kanína og vinir og Krakkarnir í næsta húsi.

08.15 *Oprah*

08.55 *Í fínu formi*

09.10 *Bold and the Beautiful*

09.30 *The Doctors*

10.15 *The Moment of Truth* (20:25)

11.00 *Ghost Whisperer* (58:62)

11.45 *60 mínútur*

12.35 *Nágrannar*

13.00 *Coming to America*

15.10 *ET Weekend*

15.55 *Barnatími Stöðvar 2* A.T.O.M., Kalli litli kanína og vinir og Áfram Diego, áfram!

17.08 *Bold and the Beautiful*

17.33 *Nágrannar*

17.58 *Friends* (4:24)

18.23 *Veður*

18.30 *Fréttir Stöðvar 2*

18.47 *Íþróttir*

18.54 *Ísland í dag*

19.11 *Veður*

19.20 *The Simpsons* (18:25)

19.45 *Two and a Half Men* (9:24) Charlie er orðinn langþryggtur á sníkjudýrinu bróður sínum og lætur hann heyra það þegar þeir fara saman á tvöfalt stefnumót.

▶ 20.10 *Glee* (13:22) Gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveða að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.

20.55 *American Idol* (3:43) Niunda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþátts.

21.40 *American Idol* (4:43)

22.25 *K-Ville* (9:11) Sakamálaþættir um félagana Marlin og Trevor sem eru afar ólíkir en vinna vel saman og beita jafnan óhefðbundnum aðferðum.

23.10 *Hung* (3:10)

23.40 *Five Days* (3:5)

00.40 *Coming to America*

02.35 *Glee* (13:22)

03.20 *ET Weekend*

04.05 *Oprah*

04.50 *Friends* (4:24)

05.15 *The Simpsons* (18:25)

05.40 *Fréttir og Ísland í dag*

SPORT

besta sætið

07.00 *Scunthorpe - Man. City* Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

17.10 *Stoke - Arsenal* Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

18.50 *Real Madrid - Malaga* Útsending frá leik í spænska boltanum.

20.30 *Ensku bikarmörkin 2010* Farið yfir allar viðureignir umferðarinnar í ensku bikarkeppninni í knattspyrnu.

21.00 *Spænsku mörkin* Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.

22.00 *Bestu leikirnir: Fylkir - ÍA*

20.08.06 Það var boðið upp á sannkallaðan hörkuleik á Fylkisvelli þann 20. ágúst 2006 þegar Skagamenn komu í heimsókn með sína vösku sveit. Bæði lið höfðu valdið vonbrigðum þetta sumarið og sátu bæði í neðri hluta deildarinnar þegar kom að þessum leik.

22.30 *Champions Invitational* Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu póker-spilarar heims.

23.20 *Reading - Burnley* Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

SPORT 2

enski boltinn

17.15 *Premier League World 2009/10* Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

17.45 *Premier League Review 2009/10* Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

18.45 *PL Classic Matches* Arsenal - Chelsea, 1996.

19.15 *Arsenal - Chelsea* Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

21.00 *Premier League Review 2009/10* Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

22.00 *Coca Cola-mörkin 2009/2010* Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrífín á einum stað.

22.30 *West Ham - Man. Utd.* Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁR EINN

06.00 *Pepsi MAX tónlist*

08.00 *Dr. Phil* (e)

08.45 *Pepsi MAX tónlist*

17.15 *7th Heaven* (6:22) Bandarísk unglíngasæra þar sem Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakomin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta.

18.00 *Dr. Phil*

18.45 *Survivor* (12:16) (e)

19.30 *Fréttir* Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.

19.45 *King of Queens* (19:25) (e)

20.10 *Kitchen Nightmares* (13:13) Kjaffori kokkurinn Gordon Ramsey heimsækir versta veitingastað sem hann hefur séð. Kokkurinn er klikkaður, maturinn er óætur og eigendurnir eru á beinni leið á hausinn.

▶ 21.00 *The Prisoner* (4:6) Glæný þáttaröð með Ian McKellen og Jim Caviezel í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um mann sem er fastur í undarlegum bæ í miðri eyðimörk og man ekki hvernig hann komst þangað. Bæjarbúar hafa enga vitneskju um veröldina fyrir utan bæinn en þeir sem leita sannleikans eru í bráðri hættu.

21.50 *CSI: New York* (20:25) Bandarísk sakamálasæra um Mac Taylor og félagans hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Maður er skotin til bana í tömu leikhúsi og Stella áttar sig á því að vettvangur glæpsins lítur kunnuglega út. Idol-stjarnan Katherine McPhee leikur gestahlutverk.

22.40 *The Jay Leno Show*

23.25 *Dexter* (4:12) (e)

00.25 *Fréttir* (e)

00.40 *King of Queens* (19:25) (e)

01.05 *Pepsi MAX tónlist*



20.00 *Upp úr öskustónni* Guðjón Bergmann um ráð til að sleppa úr kreppu. Gestur dagsins Breki Karlsson um fjármálalæsi.

20.30 *Eldhús meistaranna* Magnús Ingi Magnússon matreiðslumeistari heimsækir eldhúsið í Veislutúminum og fylgist með meistarakokkum elda ljúffenga rétti.

21.00 *Frumkvöðlar* Elinóra Inga ræðir við Matthildi Gregersdóttur um Lausnir 2010.

21.30 *Í nærveru sálar* Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur opnar nýjar víddir.



Dagskrá allan sólarhringinn.

Námskeið TÓNVINNSLUSKOLANS vorið 2010

Söngur og framkoma

14 ára og eldri / 1 klst. á viku í 10 vikur.


Söngur og framkoma - framhald

14 ára og eldri / 1 klst. á viku í 10 vikur.

Kennarar: Margrét Eir, Erna Hrönn og Heiða Ólafsdóttir



Tónvinnskólinn er aðili að frístundakortakerfi Reykjavíkurborgar



Erna Hrönn - Margrét Eir

Upptöku- og útsetninganámskeið

Tónvinnsunámskeiðið hefst í febrúar.

Farið verður í ProTools 101 og ProTools 110.

Prufuupptökugerð (demo) í Midi-umhverfi ProTools og forritin Reason og Melodine kynnt.

Upptökur á frumsömdum lagi í hljóðveri með hljóðfæraleikurum.

Masterclass í hljóðblöndun í ProTools

(EQ, Compressors, Reverb, Delay, Chorus, o.fl.)



TÓNVINNSLUSKOLINN
Sponsored Digidesign School

Nánari upplýsingar og skráning á slóðinni www.tonvinnskoli.is eða í síma 5349090

Gítarnámskeið fyrir byrjendur


Allir aldurshópar / 50 mín. á viku í 12 vikur.

Gítarnámskeið fyrir lengra komna

Allir aldurshópar / 30 mín á viku í 12 vikur

Einkatímar

Þeir sem hafa verið áður hjá okkur fá kennslu við hæfi miðað við framfarir.



Þorvaldur - Vignir



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

American Idol

Níunda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþátta. Draumar átta söngv-ara hafa ræst og allir hafa slegið í gegn, selt milljónir platna, bætt met og sungið sig inn í hjórtu heimsbyggðarinnar. Eins og kunnugt er þá er Paula Abdul horfin af braut en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres sem mun aðstoða Simon Cowell, Randy Jackson og Köru DioGuardi.



► VIÐ MÆLUM MED
Stephen Fry í Ameríku

Sjónvarpið kl. 20.10

Nýr heimildarþáttur þar sem breski leikarinn og fjölfræðingurinn Stephen Fry ferðast um Bandaríkin. Hann ferðast um öll fimmtíu fylkin í Lundúna-leigubíl, heilsar upp á fólk og skoðar sögufæra staði og fleira forvitnilegt sem fyrir augu ber. Í fyrsta þættinum fer Stephen Fry um Nýja-England og hittir m.a. fram-þjóðendur í New Hampshire, norri í Salem, kaþbátamenn í Connecticut og samkvæmisljón á Rhode Island.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunúttvarp hefst	15.03 Útvarpssagan: Vetur í Vindheimum
06.50 Bæn	15.25 Fólk og fræði
07.03 Vít og breitt	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.05 Víðsjá
08.00 Morgunfréttir	18.00 Kvöldfréttir
08.05 Morgunstund með KK	18.16 Spegillinn
08.30 Fréttayfirlit	18.53 Dánarfregnir
09.05 Okkar á milli	19.00 Endurómur úr Evrópu
09.45 Morgunleikfimi	20.00 Leynifélagið
10.13 Stefnumót	20.30 Kvika
11.03 Samfélagið í nærmynd	21.10 Heimur hugmyndanna
12.00 Fréttayfirlit	22.12 Orð kvöldins
12.02 Hádegisúttvarp	22.25 Straumar
12.20 Hádegisfréttir	23.15 Lostafulli listræninginn
13.00 Hringisól	23.50 Úr kvæðum fyrri alda
14.03 Bak við stjörnurnar	00.05 Næturtonar

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga

FM 90,1 Rás 2
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 E.R. (4:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknamir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

18.30 Seinfeld (16:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunarsamur og sérvitur.

19.00 The Doctors

19.45 E.R. (4:22)

20.30 Seinfeld (16:22)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

►21.50 Cold Case (4:22) Sjöunda spennuþáttaröðin um Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar þar sem þau halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

22.35 The Mentalist (9:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbetta athyglisgáfu sína.

23.20 Twenty Four (1:24) Áttunda serían af spennuþættinum Twenty Four um leyniþjónustumanninum Jack Bauer sem þráir nú ekkert heitar en að fá að draga sig í hlé. Þegar neyðarástand skapast í New York renna þau áform út í sandinn.

00.10 Sjáðu

00.35 Fréttir Stöðvar 2

01.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.00 After You've Gone 12.30 Blackadder The Third 13.00 My Hero 13.30 Robin Hood 14.15 Robin Hood 15.00 Sensitive Skin 15.30 Dalziel and Pascoe 16.20 The Innocence Project 17.15 EastEnders 17.45 The Weakest Link 18.30 Lab Rats 19.00 The Green Green Grass 19.30 New Tricks 20.20 The Fixer 21.10 The Green Green Grass 21.40 Only Fools and Horses 22.10 After You've Gone 22.40 Blackadder The Third 23.10 My Hero 23.40 The Fixer

DR 1

12.20 Seinfeld 13.00 Det svenske svigt 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.05 Family Guy 15.30 Svampebob Firkant 15.55 Chiro 16.05 Ni-Hao Kai Lan 16.30 Der var engang... 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 De store katte 19.00 Oceaner af liv 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Inspector Morse 22.45 OBS 22.50 Så er der pakket 23.20 Boogie Mix

NRK1

12.10 Beruftsens konspirasjoner 12.40 Med hjertet på rette staden 13.30 E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 Derrick 16.00 NRK nyheter 16.10 Herskapelige gjensyn 16.40 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Forkveld 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.45 Puls 19.15 Klasse 10 B 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Honningfellen 21.30 Rodt, hvitt og skrátt 22.00 Kveldsnytt 22.15 Poirot

SVT 1

12.30 Stjarnorna på slottet 13.35 Idel ädel adel 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Kamrat Sverige 16.25 Teatersupén 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Fråga doktorn 18.00 Kulturyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Guldbaggen 2010 21.00 Världens undergång 21.55 Barnet 23.30 Världens fester 00.25 Istället för Sommar



ALLT UM EM 2010 Í HANDBOLTA Á VÍSIR.IS



- » VEF TV EM 2010 Í SAMSTARFI VIÐ ICELANDAIR
- » SÉRFRÆÐINGAR SPÁ Í SPILIN
- » HANDBOLTABLOGG
- » BEINAR LÝSINGAR FRÁ LEIKJUM ÍSLANDS
- » GETRAUNALEIKUR BETSSON OG VÍSIR.IS

betsson.com
POKER - BETTING - CASINO

VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

HVAD SEGIR MAMMA?



„Hann hefur alltaf haft nóg fyrir stafni og er varla búinn að klára eitt þegar hann er byrjaður á því næsta. Ég hlusta oft á Kanann fyrri part dags en ég verð að viðurkenna að ég vakna sjaldan nógu snemma til að ná að hlusta á þáttinn hans Einars!“

Klara Sæland er húsmóðir í sveit og móðir athafnamannsins Einars Bárðarsonar. Hann spilaði nýju Eurovisionlöginn á Kanannum í óþökk RÚV.

Gerðu annað myndband með Editors

„Þetta er annað myndbandið sem við gerum með Editors og það fer vel á með okkur,“ segir Siggí Kinski.

Leikstjórnarnir Siggí Kinski og Stefán Árni gerðu nýverið myndband við lagið You Don't Know Love með bresku hljómsveitinni Editors. Lagið er á þriðju plötu hljómsveitarinnar, en hún er gríðarlega vinsæl í Evrópu og platan fór beint í fyrsta sæti breska vinsældarlistans. Var þetta í annað skipti sem hljómsveitin leitaði til félaganna, en fyrir tveimur árum gerðu þeir myndband við lagið Smokers Outside the Hospital Door, af plötunni An End has a Start.

„Við skutum fyrsta mynd-



BEINT Á TOPPINN Nýjasta plata Editors fór beint á toppinn í Bretlandi. Árni og Kinski hafa nú unnið tvö myndbönd með hljómsveitinni og eru hér við tókur.

bandið með þeim í Prag. Það var voru mjög ánægðir með myndfrábær reynsla fyrir alla og allir bandið,“ segir Siggí. „Þeir töluðu

við okkur aftur núna – og við töluðum reyndar um að gera næsta myndband með þeim líka. Það er ekki komin dagsetning á það. Það verður kannski gert eitt myndband í viðbót af þessari plötu.“

Siggí Kinski og Stefán Árni hafa áður gert myndband með hljómsveitum á borð við Placebo, Snow Patrol og Sigur Rós. Siggí er ánægður með samstarfið við Editors og segir meðlimi hljómsveitarinnar listrænni en marga grunnar. „Við náum að tengja mjög vel saman og þetta er rosalega finnr strákar,“ segir hann. „Þeir hafa gaman að því að teygja þennan miðil sem tónlistarmyndbandið er og hafa gaman af listrænum hlutum.“

- afb

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. verð, 6. einnig, 8. tæki, 9. hljóð rjúpunar, 11. þessi, 12. kárna, 14. öngla, 16. tveir eins, 17. varkárni, 18. skordýr, 20. fingerð líkamshár, 21. bylta.

LÓÐRÉTT

1. plan, 3. ólæti, 4. matjurt, 5. skáhalli, 7. sveppur, 10. krass, 13. nægilegt, 15. frumeind, 16. upphrópun, 19. fæddi.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. torg, 3. at, 4. rosakál, 5. flá, 7. gorkúla, 10. þar, 13. nóg, 15. 17. gát, 18. fló, 20. íó, 21. fall. LÁRÉTT: 2. þarf, 6. og, 8. töl, 9. rop, 11. sá, 12. græna, 14. króka, 16. úl, 17. gát, 18. fló, 20. íó, 21. fall.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

- 7.300 milljarðar króna.
- Fimm.
- Við Fischersund 3.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

MARÍANNA ÞÓRÐARDÓTTIR: STELPURNAR ERU ROSALEGA DUGLEGAR

Klappstýrulið frá Kjalarnesi vekur mikla athygli

„Ég væri alveg til í að bjóða þeim til okkar,“ segir Maríanna Þórðardóttir sem þjálfar klappstýrulið á Kjalarnesinu. Nýlega greindi Fréttablaðið frá öðru klappstýruliði í Vík í Mýrdal og aðspurð segist Maríanna endilega vilja hitta það, enda um einu klappstýruliðin að ræða hér á landi að því er hún kemst næst.

Áhugann á klappstýruliðum fékk hin tvítuga Maríanna þegar hún bjó í Danmörku og æfði með einu líku. Sumarið 2007 byrjaði hún að þjálfra íslenskar klappstýrur og í fyrsta hópnun hennar voru sextán stelpur á aldrinum 11 til 15 ára. Þær æfðu í sex vikur og héldu sýningu á Kjalarnesi, þar sem Maríanna býr, og á fótboltaleik í Mosfellsbæ. Einnig sýndu þær á vorsýningum UMFK.

Á síðasta ári ferðaðist Maríanna til Ekvador þar sem hún æfði í einn mánuð með klappstýruliðinu í Latacunga, sem er jafnframt Ameríkumeistari. Liðið fór á heimsmeistaramót klappstýra sem var haldið í Þýskalandi í nóvember og stóð sig mjög vel. „Þetta var rosagaman og ég gæti alveg hugsað mér að prófa þetta aftur,“ segir Maríanna um lífsreynsluna í Ekvador. Hún fékk að æfa með liðinu eftir að hún komst í kynni við skiptinema frá Ekvador hér á landi sem þekkti þjálfarann.

Eftir að Maríanna kom heim hélt hún áfram klappstýruþjálfun sinni á Kjalarnesi. Liðið er nú skipað átta stúlkum, eða þeim Petru, Lindu, Rakel, Thelmu Ósk, Theu, Karitas, Birtu og Katrínu. Þær æfa tvisvar í viku, tvo klukkutíma í senn og sumar þeirra hafa verið undir stjórn Maríönnu frá byrjun. „Allar stelpurnar hafa tekið gríðarlegum framförum og eru rosalega duglegar,“ segir hún. Í



DUGLEGAR KLAPPSTÝRUR Klappstýrurnar frá Kjalarnesi eru átta talsins og hafa vakið mikla athygli fyrir frammistöðu sína.

nóvember síðastliðnum tóku þær þátt í danssýningu sem Háskóli Íslands hélt á Laugarvatni í samstarfi við grunnskólana á Laugarvatni, Minni-Borg og í Reykholti. Um fimm hundruð manns voru á svæðinu og fengu stúlkurnar mjög góðar undirtektir frá áhorfendum sem kunnu vel að meta þessa nýjung í íþrótt- og dansmenningu Íslendinga. „Þetta gekk mjög vel hjá þeim. Þetta var fyrsta stóra sýningin þeirra og þær voru svolítið stressaðar en aðalmálið fannst mér að hafa gaman,“ segir klappstýruþjálfarinn knái.

freyr@frettabladid.is

MARÍANNA ÞÓRÐARDÓTTIR Maríanna fékk áhuga á klappstýruliðum þegar hún bjó í Danmörku.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Siggí og félagar í Hjúlmum fengu platinuplötur í föstudaginn, enda búin að selja plötuna IV í tæplega 12 þúsund eintökum. Bandið er byrjað að taka upp næstu plötu og þar kveður við svokallaðan „dub“-tón. Nýju lögin eru ósúgin, heillöng, tilraunakennd og tekin upp á lélegasta dótið í stúdíóinu því „dub“ má ekki hljóma vel. Mikael Svansson, fyrrverandi meðlimur Hjúlma sem nú spilar með sænsku söngkonunni Lykke Li, tekur þátt í upp-tökunum og hann spilaði einnig með bandinu á tónleikum á Rósenberg um helgina.



Umboðsskrifstofan Prime og söngkonan Hafðís Huld hafa gert samning um að Prime sjái hér eftir um hennar mál á Íslandi. Þetta þykir þeim hjá Prime enn ein rósín í hnappagat umboðsskrifstofunnar, en hún er þegar með fólk eins og Bubba, KK, Ellen Kristjánsdóttir og Pétur Jóhann á sínum snærum. Af Hafðísi er það annars að fréttu að í gær spilaði hún í frönsku borginni Cannes á Midem-ráðstefnunni ásamt fleiri efnilegum tónlistarmönnum víðsvegar að úr heiminum.

Kvikmyndaframleiðandinn og leikstjórinn Kristófer Dignus er byrjaður að skrifa handritið að kvikmyndinni sem verður gerð eftir draugabók Gerðar Kristnýjar, Garðinum. Kristófer er ekki ókunnur handritaskrifum því hann hefur meðal annars skrifað handritið að sjónvarpsþáttaröðinni Fólkið í blokkinni sem enn á eftir að sýna. - drg/fb



Stuð í miðju sorgarferli

„Karlinn kom og söng þetta í „one-take“. Það er ekkert vesen á gamla,“ segir Hlynur Benediktsson í hljómsveitinni Mono. Sveitin hefur gert nýja „aðeins rokkadri“ útgáfu af gamla Hemma laginu „Út á gólfid“ og fékk Hemma sjálfan til að syngja með. Lagið verður á fyrstu plötu Mono sem kemur út í mars og heitir einfaldlega Party.

„Þarna verða eintóm íslensk partý-lög og við fáum marga góða gesti með okkur. Hemmalagið er það fyrsta sem fer í spilun, en þarna eru líka menn eins og Magni, Gunní Óla og Sjonni Brink. Svo kom Árni Johnsen og söng eitt lag. Hann valdi „Ég veit þú kemur í kvöld til mín“ og leysti það með glans. Svo eru nokkrir gestir í viðbót sem við viljum ekki segja frá alveg strax. Við viljum eiga nokkur tross uppi í erminni.“

Mono hefur starfað í rúmt ár og meðlimirnir eru að upplagi frá Norðfirði þó þeir búi allir í bænum núna. Þetta er ballband fyrst og fremst og hefur spilað út um víðan völl. Það er alltaf stuð á böllunum og Hlynur segir að hljómsveitin sé komin með nóg af íslenska kreppuþunglyndinu.

„Við erum að koma með jákvæðina inn, en það eru kannski ekki allir tilbúnir til þess því það eru allir í sorgarferlinu miðju. Maður er eiginlega skotinn niður á færi ef maður reynir að vera brosandí



INN MEÐ JÁKVÆÐNINA Hljómsveitin Mono og Hemmi Gunn: Bjarni, Hlynur, Hemmi og Þorlákur. Monomennina Magnús og Þorlák vantar á myndina.

og jákvæður. Þessi partýplata er hugsuð sem okkar leið til að bjarga geði landans. Við eigum svo frumsamin lög líka en við komum bara með þau seinna.“

- drg



GLÆNÝ LÍNUÝSA ÝSA Í RASPI
HROGN OG LIFUR SÚR HVALUR
PLOKKFISKUR

TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 1290

Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

VEISLU VIKA

18.–26. jan.

10 bitar
Stór af
frönskum
2 l Pepsi



www.kfc.is

BETRA
BRAGÐ Í **30** ÁR

HAFNARFIRÐI - KÓPAVOGI - REYKJAVÍK - SELFOSSI - REYKJANESBÆ - MOSFELLSBÆ - FOSSVOGI



FRÉTTIR AF FÓLKI

Litla blanka Ísland

Ólafur Stefánsson og félagar í Íslenska landsliðinu mæta Króötum í dag, en strákarnir ættu að vera tilbúnir í slaginn eftir góðan sigur á Dönum á laugardaginn. Íslendingar á Norðurlöndunum, sem horfðu á leikinn á móti Dönum í danska sjónvarpinu, fannst þulurinn ekki sýna Íslendingunum mikla virðingu. Talað var um „litla blanka Ísland“ í tíma og ótíma og þegar úrslit voru ljós var skuldinni að sjálfsgöðu skellt á dómaraþrið.



- afb

Tvær leiðir

Kvikmyndagerðarmenn eru með böggum hildar vegna yfirvofandi niðurskurðar hjá RÚV. Það er gömul saga og ný að kvikmyndagerð á Íslandi getur verið óttalegt basl. Í bransanum er grínast með að reynslan sýni að það séu tvær leiðir til að verða kvikmyndaleikstjóri á Íslandi. Önnur er sú að vinna launalaust í tíu ár og þreya þorrann þangað til gæfan ber að dyrum. Hin að giftast til fjár. Fyrri leiðin sé sýnu algengari, þótt þeir séu vissulega til sem fetað hafa þá síðarnefndu.

Helmingur í Vesturbænum

Listi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík er skipaður vörpulegu fólki en ofsagt væri að öll hverfi borgarinnar eigi sinn fulltrúa þar. Enginn af frambjóðendum í tíu efstu sætum listans býr til dæmis í Grafarvogi, Breiðholti eða Árbæ. Vesturbærinn á hins vegar flesta málsvara á lista Sjálfstæðisflokksins, en hvorki fleiri né færri en fimm af tíu efstu frambjóðendum búa vestan lækjar. Það er þó sjálf-sagt Breiðhýltingum huggun harmi gegn að Gísli Marteinn Baldursson er einn þekktasti sonur hverfisins. Römm er sú taug og allt það.




- bs

Mest lesið **visir.is**

- 1 Gagnrýnir þátt fjölmiðla í mótmælunum
- 2 Íslensk börn verða illa úti í kreppunni
- 3 Árásum á Bandaríkin hótað
- 4 Segir erindi Borgarahreyfingarinnar „ævintýrlega heimskulegt“
- 5 Verðmætustu eignir Singer & Friedlander til sölu

71,4%



29,3%



MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...



Meðalrestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 - 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 - október 2009.



30-70% AFSLATTUR!

KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
35% AFSLÁTTUR
ÁÐUR FRÁ 155.800 kr.
NÚ FRÁ 99.712 kr.

SVEFNSÓFAR
30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá 104.860 kr.

HEILSUKODDAR
30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá 5.915 kr.

SÆNGURFÖT
30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá 4.830 kr.

rekkjan